


Halldór

**skoðun** 16



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Lífið

Karlmenn munið konudaginn
íslensk blóm


# FRÉTTABLAÐIÐ

**Föstudagur**
17. febrúar 2012
41. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




**Fjölmiðlar bera ábyrgð**

*Ný fjölmiðlanefnd snýst um neytendavernd, segir Elfa Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri hennar.*

**föstudagsviðtal** 12

**Stórstjarna til Feneyja**

*Katrín Sigurðardóttir verður fulltrúi Íslands á Feneyjatvíæringnum 2013.*

**menning** 24



**Landsliðskonur án liðs**

*Hólmfríður Magnúsdóttir og Katrín Ómarsdóttir eru enn að leita sér að félagi.*

**sport** 30

**veðrið í dag**




**SNJÓKOMA NYRÐRA** Gengur norðaustan og síðan norðan 10-18 m/s fyrst N- og NV-til með snjókomu en hægari framan af og léttir til syðra. Frost 0-8 stig.

**VEÐUR** 4

# Vafasamt greiðslumat leysir fólk undan ábyrgð á lánum

**Héraðsdómur leysir mann undan ábyrgð á láni bróður síns því að Íslandsbanki á engin gögn um greiðslumat. Getur haft áhrif á fjölmarga, segir umboðsmaður skuldara. Fallið frá ábyrgð í þriðjungi vafamála.**

**DÓMSMÁL** Maður sem gekkst í ábyrgð fyrir láni bróður síns árið 2006 hefur verið leystur undan henni með dómi. Ástæðan er sú að bankinn sem veitti lánið getur ekki sýnt fram á að greiðslugeta bróðurins hafi raunverulega verið metin á sínum tíma.

Dómurinn hefur fordæmisgildi fyrir fjölda fólks, að því gefnu að hann standi, segir Svanborg Sigmarsdóttir, upplýsingafulltrúi Umboðsmanns skuldara.

„Það eru fjölmargir ábyrgðarmenn á lánum einstaklinga þar sem ekki hefur verið farið eftir þessu samkomulagi og ábyrgðin ætti því að falla niður," segir Svanborg og vísar til samkomulags frá 2001 um notkun ábyrgða, sem dómurinn telur að hafi ekki verið virt í þessu tilviki.

Dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjaness í fyrradag. Hann snýst um 1,3 milljóna króna lán sem maður tók hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar, sem síðar varð Byr, til að kaupa sér lóð á Akranesi.

Hann var úrskurðaður gjaldþrota haustið 2009 og í kjölfarið gekk Byr að bróður hans, þeim sem höfðaði málið, á grundvelli ábyrgðarinnar og gerði fjárnám í tveimur fasteignum hans. Eftir að hann ákvað að fara með málið fyrir dóm var beðið með að taka af honum húsin.

Maðurinn fór fram á að fjárnámið yrði ógilt þar sem Íslandsbanki, sem hefur tekið Byr yfir, gæti ekki sýnt fram á að greiðslugeta bróður hans hefði verið metin á sínum tíma, þótt svo segði á skjölum sem maðurinn undirritaði. Hann fullyrðir að hann hefði aldrei gengist í ábyrgð fyrir bróður sinn ef mat á greiðslugetu hans hefði bent til þess að hann gæti ekki efnt skuldbindingar sínar, eins og síðar kom í ljós.

> Það eru fjölmargir ábyrgðarmenn á lánum einstaklinga þar sem ekki hefur verið farið eftir þessu samkomulagi og ábyrgðin ætti því að falla niður
>
> SVANBORG SIGMARSDÓTTIR
> UPPLÝSINGAFULLTRÚI UMBOÐSMANNS SKULDARA

Íslandsbanki fullyrðir að greiðslumatið hafi verið unnið en hins vegar hefur komið í ljós að gögn um það eru hvergi til. Niðurstaða héraðsdóms er að bankinn þurfi að bera kostnaðinn og er ábyrgðinni því vikið til hliðar.

Svanborg segir að embætti Umboðsmanns skuldara hafi fengið inn á borð til sín tæplega tvö hundruð mál þar sem kanna þarf gildi ábyrgða. „Og þar af hefur verið fallið frá ábyrgð í um þriðjungi mála," segir hún. Öllu jafna snúist það um hvernig staðið var að greiðslumatinu. - sh



**BOLLURNAR BAKAÐAR** Undirbúningur fyrir bolludaginn er í fullum gangi í Mosfellsbakaríi. Að sögn eigandans, Ragnars Hafberg, verða meira en 20 þúsund bollur bakaðar fyrir mánudaginn og er þessi myndarlega vatnsdeigsbolluhrúga því einungis byrjunin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kvikmyndaskóli Íslands:

## Fær inngöngu í alþjóðasamtök

**KVIKMYNDIR** Kvikmyndaskóli Íslands verður í vor vígður inn í alþjóðasamtök helstu kvikmyndaskóla heimsins, Cilect. „Þetta er rosalega ánægjulegt og mikill heiður," segir Hilmar Oddsson, rektor Kvikmyndaskóla Íslands.



HILMAR ODDSSON

Aðeins 130 kvikmyndaskólar í heiminum eiga aðild að samtökunum og telst það mikill gæðastimpill að komast þangað inn. „Það skiptir mjög miklu máli að vera í þessum samtökum. Í öllum okkar erfiðleikum þótti okkur alltaf sorglegt að vera nánast búin að sigra heiminn en þurfa að berjast fyrir tilvist okkar á Íslandi," segir Hilmar.

-fb / sjá síðu 28




Brúarfoss, fraktskip Eimskipa, varð vélarvana sex sjómílur undan Reykjanesi:

## Breytt siglingaleið réði úrslitum

**ÖRYGGISMÁL** Hafsteinn A. Hafsteinsson, skipstjóri á Brúarfossi, segir ljóst að ef hefðbundin siglingaleið flutningaskipa fyrir árið 2008 hefði verið farin í fyrrinótt hefði þurft að bjarga tólf manna áhöfn Brúarfoss með þyrlu. Skipið, sem er átta þúsund tonn, hefði strandað og brotnað við Reykjanes.

Halldór B. Nellet, framkvæmdastjóri aðgerðasviðs LHG, er sama sinnis. „Þetta var tilgangurinn. Að ýta þessum skipum frá landi svo þau hefðu tíma til að gera ráðstafanir," segir Halldór sem vísar til reglugerðar sem sett var árið 2008 um afmörkun siglingaleiða fyrir Suðvesturlandi. Brúarfoss var á þessari afmörkuðu siglingaleið, ekki þeirri sem áður var almennt farin, en sú siglingaleið var 2,5 sjómílur frá landi. Mjög slæmt veður var á staðnum, vestan stormur og ölduhæð sjö metrar.



**Í ÖRUGGRI HÖFN** Brúarfoss kom til Vestmannaeyja eftir hádegi í gær. Áætlað var að skipið héldi áfram för sinni í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Brúarfoss rak á fimmtu sjómílu að landi í fyrrinótt eftir að hafa misst vélarafl vegna bilunar. Landhelgisgæslan sendi varðskipið Ægi á staðinn og þyrla var sett í viðbragðsstöðu. Þegar tókst að koma vélum skipsins í gang aftur var skipið tvær sjómílur frá landi. Þá var togarinn Höfrungur III kominn á staðinn og hefði náð að draga Brúarfoss frá hættu, um það eru allir sammála sem komu að aðgerðum.

- shá / sjá síðu 10



## SPURNING DAGSINS



*Jón, er krónan fílabrandari?*

„Nafni minn ætti að spyrja Grikki. Ég held að Grikkir væru mjög fegnir ef þeir hefðu sína eigin mynt og fengju á að treysta á sjálfa sig.“

Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, sagði í fyrradag að íslenskan krónan væri „fíllinn í stofunni“ sem enginn þyrði að reka út. Jón Bjarnason, alþingismaður VG og fyrrverandi ráðherra, er meðal þeirra sem andvígir eru því að Íslendingar leggi krónuna til hliðar fyrir aðra mynt.

Sárasjaldgæft að Hæstiréttur fresti dómsuppsögu sem komin er á dagskrá:

# Þurftu að laga dóminn yfir Baldri

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hætti við að kveða upp dóm í innherjasvikamáli Baldurs Guðlaugssonar, fyrrverandi ráðuneytisstjóra, í gær eins og til hafði staðið samkvæmt dagskrá. Dómurinn verður í staðinn kveðinn upp klukkan 13.30 í dag.

Þorsteinn A. Jónsson, skrifstofustjóra Hæstaréttar, rekur ekki minni til þess að svona nokkuð hafi komið fyrir áður. „Ég þori ekki að fullyrða að það hafi aldrei gerst en þetta er mjög sjaldgæft,“ segir Þorsteinn.

„Þegar á reyndi var endurrit dómsins ekki alveg tilbúið. Þetta voru bara smáatriði sem þörfnuðust lagfæringar, sem ekki tókst að ganga frá fyrir fjögur.“

Þorsteinn segir að yfirleitt reyni menn að forðast það að leggja lokahönd á dóma örstuttu fyrir áætlaða uppkvaðningu. „En það gerist stundum að eitthvað kemur upp við lokayfirlestur og menn þurfa þá að snurfusa hlutina þótt þeir eigi að vera tilbúnir.“

Yfirleitt eru dómar Hæstaréttar kveðnir upp á fimmtudögum en ákveðið var að fresta málinu ekki lengur en fram til dagsins í dag. „Það er ekki gott fyrir menn að þurfa að bíða í óvissu um hver örlög þeirra verða í svona málum,“ segir Þorsteinn. - sh



**BÍÐUR DAG Í VIÐBÓT** Baldur fær að vita niðurstöðuna í máli sínu eftir hádegi í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Atvinnuleysi í Bandaríkjunum:

# Besta ástand í nær fjögur ár

**BANDARÍKIN, AP** Um 350.000 manns sóttu um atvinnuleysisbætur í Bandaríkjunum í síðustu viku, en það er fækkun um 13.000 milli vikna. Umsóknir hafa ekki verið færri síðan í mars árið 2008, hálfu ári fyrir hrun.

Þetta er enn ein vísbendingin um að vinnumarkaðurinn í landinu sé að koma til, sem og efnahagslífið, en 2,8 prósenta hagvöxtur varð á lokafjórðungi síðasta árs.

Hlutfall atvinnulausra er þó enn 8,3 prósent. - þj



**LÍKKISTUR Í STÖFLUM** Meira en 350 fangar létu lífið í brunanum. NORDICPHOTOS/AFP

Íkveikja sögð orsök brunans:

# Fæstir hinna látnu dæmdir

**HONDÚRAS, AP** Langflestir þeirra 355 fanga, sem létu lífið í eldsvoðanum í Hondúras á miðvikudag, sátu inni án þess að hafa verið ákærðir, hvað þá hlotið dóm.

Um það bil 57 prósent þeirra 800 fanga, sem sátu í fangelsinu, voru annað hvort að bíða réttarhalda eða voru hafðir í haldi vegna gruns um að þeir væru meðlimir í glæpagengjum. Orsök eldsvoðans virðist vera íkveikja. Nokkur vitni segjast hafa séð einn fangann kveikja í. - gb

Isavia sýknað af kröfu:

# Braut ekki á samstarfskonu

**DÓMSMÁL Hæstiréttur sýknaði Isavia í gær af kröfu konu sem vann hjá fyrirtækinu. Konan fór fram á uppbót vegna vangoldinna launa og miskabætur vegna kynferðislegrar áreitni sem hún kvaðst hafa orðið fyrir af hálfu yfirmanns síns, Stefáns Thordersen, fyrrum framkvæmdastjóra öryggismála á Keflavíkurflugvelli.**

**Hæstiréttur hafnaði því að Stefán hefði brotið kynferðislega á konunni, en hann beraði sig fyrir framan hana í heitum potti í sumarbústaðaferð árið 2009. Héraðsdómur Reykjaness dæmdi Isavia í kjölfarið til að greiða konunni um 1,8 milljónir króna í bætur. Hæstiréttur sneri þeim dómi við.** - sv

# Lyf við ristruflunum í fæðubótarefnum

**Matvælastofnun varar við inntöku fjölda fæðubótarefna þar sem þau innihalda virk efni gegn ristruflunum. Neysla þeirra getur verið hættuleg. Efnin eru aðgengileg á netinu en ekki hafa borist upplýsingar um sölu þeirra hér á landi.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Matvælastofnun (MAST) hefur tvisvar á stuttum tíma sent frá sér tilkynningar þar sem varað er við fæðubótarefnum sem innihalda virk lyfjaefni sem karlar nota við ristruflunum. Á umbúðum fæðubótaefnanna er þess í engu getið að þau innihaldi virk lyfjaefni.

Umræddar vörur eru ólöglegar til innflutnings og markaðssetningar. Fólk er hvatt til að kaupa ekki vörurnar eða neyta þeirra þar sem þær geta verið hættulegar heilsunni.

Í lok janúar greindi MAST frá því að Spænska lyfjastofnunin (AEMPS) hafi greint virk lyfjaefni sem notuð eru við ristruflunum, í nokkrum fæðubótarefnum, án þess að þeirra sé getið í innihaldslýsingum varanna. MAST hafa nú borist upplýsingar frá AEMPS um fjórar vörur til viðbótar sem einnig innihalda slík lyfjaefni en upplýsingarnar berast í gegnum viðvörunarkerfi Lyfjastofnunar.

Katrín Guðjónsdóttir, sérfræðingur hjá Matvælastofnun, segir að stofnunin hafi þegar gert heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga viðvart um umræddar vörur, sem eru markaðssettar sem kynörvandi eða sem lausn við ristruflunum. „Við höfum ekki fengið upplýsingar um að þessar vörur séu seldar hér á landi. Við höfum enga ástæðu til að gruna að svo sé, þó að við getum aldrei verið viss.“

Katrín segir vörurnar í raun falsanir. „Þetta eru vörur þar sem framleiðanda er ekki einu sinni gefinn upp á umbúðunum. Það veit enginn hvaðan þetta kemur í rauninni, og það á við um þessar vörur. Þegar upp um þá kemst er oftast skipt um vöruheiti. Það eina sem við getum gert er að koma skilaboðum til neytenda og vara þá við,“ segir Katrín en allar vörurnar innihalda virk lyfjaefni; í flestum tilfellum þau sömu og finnast í lyfseðilsskyldum lyfjum eins og Viagra og Cialis.

Katrín segir að fæðubótarefni séu sérstakt áhyggjuefni þegar kemur að málum sem þessum. „Við erum að sjá mikið af svona brotum og hitt er með fæðubótarefni sem eru leyfð í öðrum löndum en ekki hér á landi. Þess vegna erum við með innflutningseftirlit þó að varan sé í frjálsu flæði.“

Samkvæmt reglugerð um fæðubótarefni er innlendum framleiðanda/innflytjanda skylt að tilkynna innflutning eða markaðssetningu nýrra fæðubótarefna til MAST. Vörurnar allar eru, eða hafa verið, markaðssettar og seldar á netinu.

svavar@frettabladid.is



**MIKIÐ ÚRVAL** Fjölmargar tegundir fæðubótarefna eru seldar hérlendis. MAST varar fólk þó við vörum sem seldar eru í gegnum netið og geta reynst hættulegar falsanir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Fæðubótarefnin sem um ræðir:

- Passion Power
- Maxidus
- Arize
- Viaplus
- Durafit
- Erectra
- Natural Power for men
- Natural Vital
- Amorex herbal coffee
- Revit UP
- Male Tonic Enhancer
- Doimas
- Start Up for Him
- V Ultimate



Fimm ára dómur staðfestur:

# Hærri bætur fyrir nauðgun

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest fimm ára fangelsisdóm yfir Birki Árnasyni, 25 ára, fyrir hrottalega nauðgun á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum síðasta sumar.**

**Birkir er fundinn sekur um að hafa dregið konu með ofbeldi inn á klósett og þröngvað henni til samræðis. Þá reyndi hann að afvegaleiða lögreglu á fyrstu stigum rannsóknarinnar og játaði aldrei brotið. Hæstiréttur hækkar bæturnar sem Birkir er dæmdur til að greiða konunni úr 1,2 milljónum í 1,5.**

**Árið 2006 dæmdi Hæstiréttur Birki í átján mánaða fangelsi fyrir nauðgun í rjóðri við tjaldstæði.** - sh

Áttundi frambjóðandinn:

# Örn Bárður vill verða biskup

**ÞJÓÐKIRKJAN** Örn Bárður Jónsson, sóknarprestur í Neskirkju, hefur gefið kost á sér til biskups. Örn Bárður er áttundi frambjóðandinn í biskupsembættið, en frestur til að tilkynna framboð rennur út í lok febrúar.



**ÖRN BÁRÐUR JÓNSSON**

Í tilkynningu frá Erni Bárði segir að hann hafi margþætta reynslu frá kirkjustarfi; sem leikmaður, djákni, aðstoðarprestur, prestur, sóknarprestur, starfsmaður biskupsstofu, verkefnisstjóri og fræðslustjóri. Hann hefur meðal annars hug á að þétta raðir kirkjunnar, sætta fólk og beina sjónum að sameiginlegu markmiði; að boða þjóðinni trú á Krist, kærleika hans og miskunn. - sv

Bolludagsbragðið




Fáðu þér rjóma inn á milli

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 08-0135

Vesturlönd segja loforð Assads forseta um þjóðaratkvæðagreiðslu hægileg:

# Átökin harðna dag frá degi

**SÝRLAND** AP Sýrlandsher lagði til atlögu gegn borginni Daraa í Sýrlandi í gær, en þar í borg hófust mótmælin gegn Bashar al-Assad forseta í mars á síðasta ári.

Stjórnarandstæðingar segja hermenn hafa skotið af handahófi á fólk og handtekið marga. Aðgerðirnar í Daraa koma í framhaldi af árásum á borgirnar Homs og Hama og virðast liður í því að ráðast gegn helstu vígstöðvum uppreisnarmanna.

Hörð átök voru einnig í gær víðar í héraðinu Hama milli stjórnarhersins og liðhlaupa úr hernum, sem gengið hafa til liðs við uppreisnarmenn.

Bashar al-Assad forseti boðaði í vikunni þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja stjórnarskrá. Vestrænir ráðamenn sögðu það loforð hlægilegt:

„Með þessu er verið að hæðast að sýrlensku byltingunni,“ sagði Jay Carney, talsmaður Baracks Obama Bandaríkjaforseta. „Til þessa hefur aukin grimmd venjulega fylgt loforðum um umbætur.“

„Hvernig getur hann komið með tillögu að þjóðaratkvæðagreiðslu,“ sagði Alain Juppe, utanríkisráðherra Frakklands, „meðan haldið er áfram að skjóta úr fallbyssum á saklausan almenning í miðborgum sumra sýrlenskra borga?“ - gb



**SÝRLENSKIR UPPREISNARMENN** Vígbúnir liðsmenn hersveita uppreisnarmanna, „Frjálsa sýrlenska hersins“, í húsi í borginni Binnish. NORDICPHOTOS/AFP

TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

# RISA jeppasýning
## á morgun kl. 12.00 - 16.00




Á morgun milli klukkan 12 og 16 er árleg jeppasýning í sýningarsal Toyota Kópavogi. Stjörnur sýningarinnar eru Hilux og Land Cruiser 150 í öllum helstu útfærslum og litum. Breyttir jeppar á 33 - 44 tommu dekkjum verða sýndir bæði í sal og á útisvæði. Arctic Trucks kynnir jeppabreytingar, Málningarvörur kynna bón, Arnar Grant og Ívar Guðmundsson kynna Hreysti, Kraft, Styrk, Þrek og Hámark.

Jeppabreytingar á frábæru verði og söluráðgjafar okkar í Nýjum og Notuðum verða í samningagír.

**Toyota Kópavogi**
Nýbýlavegi 4
Kópavogi
Sími: 570-5070
**www.toyotakopavogi.is**

Samstarfsaðilar:

**GENGIÐ 16.02.2012**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,96 | 124,56 |
| Sterlingspund | 194,21 | 195,15 |
| Evra | 161,03 | 161,93 |
| Dönsk króna | 21,663 | 21,789 |
| Norsk króna | 21,315 | 21,441 |
| Sænsk króna | 18,283 | 18,391 |
| Japanskt jen | 1,5717 | 1,5809 |
| SDR | 190,43 | 191,57 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
222,4663

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tafir á samkomulagi um fjárhagsaðstoð til Grikklands valda fleiri töfum:

# Óvissan í Grikklandi íþyngir Ítalíu og Spáni

**GRIKKLAND** Óvissan í Grikklandi, sem sífellt dregst á langinn, hefur greinilega endurvakið ótta á mörkuðum um að skuldavandi Grikklands geti smitast til annarra evruríkja.

Evran féll í gær og skuldabréf féllu einnig í verði á mörkuðum. Jafnframt versnuðu lánakjör ríkisskulda Ítalíu og Spánar, sem bendir til þess að fjárfestar óttist að þessi tvö ríki lendi í sams konar vanda og Grikkir.

Þær sífelldu tafir, sem orðið hafa á afgreiðslu fjárhagsaðstoðar til Grikklands frá Evrópusambandinu og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, hafa meðal annars valdið því að tafir hafa einnig orðið á samkomulagi við fjárfesta um niðurfellingu hluta af ríkisskuldum Grikklands.

Til stóð að ljúka samkomulagi um skuldbreytingu í byrjun þessarar viku, en nú þarf enn að bíða til mánudags eftir því að fjármálaráðherrar evruríkjanna leggi blessun sína yfir niðurskurðaráform grísku stjórnarinnar.

Enn er deilt um vaxtakjör nýju lánanna, en franski bankinn BNP reiknar með að niðurfelling helmings skulda gríska ríkisins kosti bankana allt að 70 til 75 prósenta tap. **- gb**



**EFTIRLAUNAÞEGAR MÓTMÆLA** Nánast daglega efna Grikkir til mótmæla gegn niðurskurði ríkisfjármála. NORDICPHOTOS/AFP

# Kaupa Iceland langt yfir bókfærðu virði

**Malcolm Walker hefur samið við Landsbanka og Glitni um kaup á hlut bankanna í Iceland Foods. Kaupverðið miðar við að heildarvirði Iceland sé um 300 milljarðar króna. Virði eignar Landsbankans hækkar um tugi milljarða króna.**

**VIÐSKIPTI** Útlit er fyrir að heimtur Landsbanka Íslands og Glitnis vegna sölu á hlut þeirra í verslanakeðjunni Iceland verði tugi milljarða umfram bókfært virði hlutanna.

Bankarnir hafa samið við Malcolm Walker, stofnanda og núverandi forstjóra Iceland Foods, um sölu á 77% hlut bankanna. Kaupverðið er ekki gefið upp í tilkynningu sem bankarnir gáfu út, en það mun nema um 1,2 milljörðum sterlingspunda, eða um 234 milljörðum króna. Miðað við það er heildarvirði Iceland Foods keðjunnar um 1,55 milljarðar punda, um 300 milljarðar króna. Walker gerði tilboð að upphæð einum milljarði punda í hlutinn árið 2010, en því var hafnað.

Heimildir Fréttablaðsins herma að bókfært virði hluta Landsbankans og Glitnis í Iceland sé um 140 milljarðar og munurinn því tæplega 100 milljarðar króna.

Walker og félagar hans í stjórnendahópi Iceland eiga þegar 23% í fyrirtækinu. Walker hafði forkaupsrétt á hlutum bankanna og hefði því getað beðið eftir tilboðum annarra áhugasamra fjárfesta og lagt fram samsvarandi tilboð innan 42 daga.

Tilboðsfrestur í hlutina rann út um síðustu mánaðamót. Nokkur önnur tilboð bárust, en í þeim hópi voru aðeins tvö sem komu alvarlega til greina samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, en það voru tilboð frá fjárfestingasjóðunum Bain Capital og BC Partners.

Aðrar verslanakeðjur höfðu sýnt áhuga á að kaupa hlutinn, til dæmis Morrisons og Asda. Þau gerðu þó ekki tilboð að þessu sinni.

Í tilkynningu til fjölmiðla segist Walker vonast til þess að skrifa undir kaupsamning innan þriggja vikna. Samkvæmt breskum fjölmiðlum hafa Walker og félagar hans tryggt sér fjármögnun frá nokkrum stórum bönkum. Auk þess eru Glitnir og Landsbanki sagðir lána Walker 250 milljónir punda, sem samsvarar tæpum 49 milljörðum króna. Fréttablaðið fékk það þó ekki staðfest.

Uppgangur hefur verið í rekstri Iceland síðustu árin. Fyrirtækið hefur skilað hagnaði síðustu sex ár en í síðasta ársuppgjöri var hagnaðurinn 155 milljónir punda, um 30 milljarðar króna.

**thorgils@frettabladid.is**



**BESTA TILBOÐIÐ** Malcolm Walker og hópur yfirstjórnenda Iceland Foods hafa samið við Landsbankann og Glitni um kaup á 77% hlut bankanna í Iceland.

## Fjögurra áratuga verslunarsaga Iceland:

**1970** Malcolm Walker og félagi hans opna fyrstu Iceland búðina.
**1984** Iceland hefur opnað 81 verslun og er sett á hlutabréfamarkað.
**2001** Nýir eigendur taka við. Walker er bolað út úr fyrirtækinu og reksturinn tekur dýfu í kjölfarið.
**2005** Íslenskir fjárfestar, þar á meðal Baugur Group og Fons, kaupa fyrirtækið og ráða Walker til að stýra fyrirtækinu á ný. Stefnubreyting veldur viðsnúningi til hins betra í rekstri.
**2009** Glitnir og Gamli Landsbanki taka yfir hlut Baugs í Iceland.
**2012** Iceland Foods rekur nú um 780 verslanir sem þjónusta um fimm milljónir viðskiptavina ár hvert. Um 22.000 manns starfa hjá fyrirtækinu.

Fljúga til 13 borga í sumar:

## Kaunas í Litháen bætist við

**FERÐAMÁL WOW air hefur áætlunarflug til Kaunas í Litháen í júní. „Kaunas er næststærsta borg Litháens með tæplega 400 þúsund íbúa," segir í tilkynningu félagsins. Með nýja áfangastaðnum flýgur WOW air því til þrettán áfangastaða í Evrópu frá og með 1. júní.**



BALDUR BALDURSSON

**Að sögn Baldur Baldurssonar, framkvæmdastjóra WOW air er mikil ánægja innan félagsins með nýja áfangastaðinn, enda séu mikil og góð tengsl milli Íslands og Litháens. Félagið tilkynnti um flugið til Kaunas í gær, en þá var þjóðhátíðardagur Litháens.** **- óká**

Breytingar á Laugavegi:

## Breiðari stéttir og færri stæði

**SKIPULAGSMÁL** Umhverfis- og samgönguráð Reykjavíkur vill auka pláss fyrir gangandi vegfarendur á Laugaveginum með því að breyta skástæðum fyrir bíla í stæði sem eru samsíða götunni.

Enn fremur vill ráðið láta skoða hvernig megi bæta aðgengi gangandi og hjólandi á Frakkastíg með því að setja þar hjólastíg og breikka gangstétt. Sömuleiðis hvort æskilegt væri að flytja gatnatengingu milli Skúlagötu og Sæbrautar að Frakkastíg. „Að auki er lagt til að skoðað verði hvernig megi bæta umferðarflæði í Skuggahverfi," segir í samhljóða samþykkt umhverfis- og samgönguráðs. **- gar**

Bensínverð í Danmörku:

## Lítrinn fór yfir þrettán krónur

**DANMÖRK** Bensínverð náði methæðum í Danmörku í gær þar sem lítrinn af 95 oktana bensíni fór yfir 13 danskar krónur á þjónustustöðvunum. Það samsvarar rúmum 280 íslenskum krónum.

Verð hefur hækkað nokkuð undanfarið, en margs konar orsakir liggja þar á bak við. Hafa Íslendingar ekki farið varhluta af þeim.

Fjármálaspekingar í Danmörku telja meðal annars til heimsmarkaðsverð, óhagstætt gengi og efnahagsþrengingar í Danmörku auk þess sem um er að ræða árstíðabundna verðhækkun. **- þj**

Skorað á umhverfisráðherra:

## Árangri sagt teflt í tvísýnu

**STJÓRNSÝSLA Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs segir í ályktun til Svandísar Svavarsdóttur umhverfisráðherra að óásættanlegt sé að meiriháttar ákvarðanir um stjórnskipun Vatnajökulsþjóðgarðs eigi að taka án lögbundins samráðs við viðkomandi sveitarfélög.**

**„Góð sátt við sveitarfélögin var lykilforsenda þess að Vatnajökulsþjóðgarður varð að veruleika. Þar lék skýrt skilgreind aðkoma heimaaðila að stjórn garðsins aðalhlutverk. Ef ráðast á í verulegar breytingar á stjórnskipan þjóðgarðsins án samráðs, mun þeim árangri sem náðst hefur á starfstíma hans vera stefnt í voða," segir bæjarstjórnin.**

**Sveitarstjórn Skaftárhrepps kveðst taka heilshugar undir þetta.** **- gar**




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**KULDABOLI** Nú gengur í stífa norðaustanátt á landinu með snjókomu norðanlands en á sama tíma rofar heldur til sunnan heiða. Víða talsvert frost á morgun í heiðu og nokkuð stilltu veðri en síst austanlands. Dregur úr frosti á sunnudag.



**Á MORGUN** 10-15 m/s A-til annars hæg vestlæg.

**SUNNUDAGUR** 5-10 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 13° |
| Basel | 3° |
| Berlín | 3° |
| Billund | 4° |
| Frankfurt | 6° |
| Friedrichshafen | 5° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 11° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 10° |
| Orlando | 26° |
| Ósló | -2° |
| París | 8° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | -2° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is




# LAMBAHRYGGUR MEÐ PAPRIKU CHIMICHURRI OG FETAOSTI

*fyrir 4 að hætti Rikku*

2.5 kg lambahryggur
4 msk ólífuolía
1/2 tsk chili flögur
2 hvítlauksrif, pressuð
1 msk ferskt oreganó, saxað
salt og nýmalaður pipar

Hitið ofninn í 180°C. Setjið kjötið í eldfast mót og stingið göt með oddhvössum hníf í kjötið. Blandið ólífuolíunni saman við chili flögurnar, hvítlaukinn og oreganóið, kryddið með salti og pipar og penslið yfir hrygginn. Leggið álpappír yfir kjötið og bakið þannig í 30 mínútur. Fjarlægið álpappírinn og bakið áfram í 30 mínútur.

CHIMICHURRI
2 msk olía af grilluðum paprikum
1 msk rauðvínsedik
1-2 hvítlauksrif
1/2 skalottlaukur
1/4 tsk chili flögur
200 g grillaðar paprikur í olíu, sigtið olíuna frá
2 msk ferskt oreganó, saxað
10 svartar ólífur
salt og nýmalaður pipar
50 g fetaostakubbur, mulinn

Setjið olíuna og edikið í matvinnsluvél ásamt laukunum og chili flögunum og maukið. Bætið paprikunum, oreganóinu og ólífunum saman við og grófhakkið. Kryddið með salti og pipar. Smyrjið maukinu ofan á heitan lambahrygginn og stráið fetaostinum yfir.

UPPSKRIFT




**Entrecote**




**Hamborgarar**
4 stk. með brauði




**Humar 400g**
frosinn




**Peking önd 2,6kg**
influtt

GOTT – Eftirréttir –



Rikka


Silkimjúk súkkulaðimús með hindberjum


Vanilluís með brownies-kökum, karamellusósu og Bourbon vanillu


Heit súkkulaðikaka með mjúkri miðju


Súkkulaðimús með kókos og rommi




TILBOÐ
KJÚKLINGAVÆNGIR FULLELDAÐIR
449kr/pk.
Verð áður 697.-



NÝTT
SPELTFITNESS




TILBOÐ
1 LÍTER TRÓPÍ TRÍÓ
299kr/stk.
Verð áður 369.-



TILBOÐ
RÚSÍNU- OG VALHNETU BRAUÐ
299kr/stk.
Verð áður 449.-

BOLLUR
VATNSDEIGS- OG GERDEIGSBOLLUR



GLASSÚR
BOLLUGLASSÚR




NÝTT
HEIMA SULTUR









BOLLUMIX
VATNSDEIGS BOLLUMIX

24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

Gildir til 19. febrúar á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

**KJÖRKASSINN**



*Hélst þú upp á Valentínusardaginn með einhverjum hætti?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 6% |
| NEI | 94% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur nýfallinn dómur Hæstaréttar um gengistryggð lán jákvæð áhrif á fjárhag þinn?*

Segðu þína skoðun á Vísi.is VÍSIR

Mismunandi hagvaxtarspár Seðlabankans og Alþýðusambands Íslands:

# Ólíkar væntingar um vöxt fjárfestingar

**EFNAHAGSMÁL** Talsverður munur er á nýbirtum hagvaxtarspám Seðlabankans og ASÍ. Seðlabankinn spáir 2,5% hagvexti á þessu ári en spá ASÍ hljóðar upp á 1,5% vöxt. Skýrist munurinn að stórum hluta af ólíkum væntingum um vöxt fjárfestingar í hagkerfinu.

Telur Seðlabankinn að fjármunamyndun aukist um 17,5% á árinu en ASÍ gerir ráð fyrir 9,4% vexti. Í spánni fyrir árið 2013 snýst þetta svo við þar sem ASÍ spáir 17,6% vexti í fjárfestingu en Seðlabankinn 6,5% vexti.

Spá Seðlabankans byggir meðal annars á væntingum um umtalsverða aukningu á fjárfestingu í skipum og flugvélum. Þá virðist Seðlabankinn gera ráð fyrir nokkurri aukningu í fjárfestingu í stóriðju en gerir þó ekki ráð fyrir nýjum verkefnum svo sem álveri í Helguvík.

Meðal annarra helstu áhættuþátta með tilliti til hagvaxtar eru þróun alþjóðahagkerfisins og verðþróun helstu útflutningsafurða. Í Peningamálum Seðlabankans kemur fram að spár um hagvöxt á þessu ári í flestum viðskiptalöndum Íslands hafi verið lækkaðar. Þá hafa spár um vöxt alþjóðaviðskipta einnig verið lækkaðar og Seðlabankinn því brugðist við með því að lækka spá sína um vöxt útflutnings.

Þá gerir Seðlabankinn ráð fyrir að verð helstu útflutningsafurða verði nokkru óhagstæðara en áður var talið. Álverð er talið verða um 7% lægra á þessu ári en í fyrra. Verð á sjávarafurðum er aftur á móti talið líklegt til að hækka um 4% en áður spáði bankinn 6% hækkun.

**- mþl**



**FJÁRFESTING** Búist er við því að hagvöxtur muni á næstunni byggja á aukinni fjárfestingu fremur en aukinni einkaneyslu sem hefur verið helsti aflvaki hagvaxtar upp á síðkastið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR** Oddviti Samfylkingarinnar sem óskar svara um hagsmunatengsl nýs bæjarstjóra.

Krefja bæjarstjóra svara:

## Ármann skýri tengsl við félög

**SVEITARSTJÓRNIR** **Fulltrúar Samfylkingarinnar kröfðust þess á bæjarstjórnarfundi í Kópavogi á þriðjudag að nýr bæjarstjóri sem þá var kjörinn skýrði hagsmunatengsl sín.**

**„Ármann Kr. Ólafsson sagði sig úr stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar í kjölfar þess að reglur um hæfi stjórnarmanna voru hertar. Þá var gerð sú krafa að stjórnarmenn lífeyrissjóða gerðu ítarlega grein fyrir öllum sínum viðskiptum með hlutabréf á markað, eignarhaldi og stjórnarsetu fyrirtækja,“ bókuðu fulltrúar Samfylkingarinnar og óskuðu eftir því að Ármann gerði grein fyrir slíkum hagsmunatengslum og upplýsti um hlutabréfaeign og viðskipti sín með hlutabréf síðustu 24 mánuði og um eignarhald eða stjórnarsetu í fyrirtækjum.** - gar

**AKRANES**

### Inn í tilboð í Faxaflóahafnir

Bæjarráð Akraness hefur samþykkt að nýta hlutfallslegan forkaupsrétt sinn um að ganga inn í 75 milljóna króna tilboð Reykjavíkurborgar í 0,7 prósent af eignarhlut Borgarbyggðar í Faxaflóahöfnum. Akurnesingar munu greiða 8 milljónir inn í viðskiptin.

# Bíleigendur búa við allt aðrar aðstæður hér en í útlöndum

**Þótt bensín sé dýrara í Noregi en hér segir framkvæmdastjóri FÍB Norðmenn að jafnaði helmingi fljótari að vinna fyrir lítranum. Bensínskattar hafa aukist um fjórðung frá 2008 og skattar á dísil um fimmtung.**

**ELDSNEYTISVERÐ** Á sama tíma og hlutfall skatta í heildarverði eldsneytis hefur dregist lítillega saman síðustu ár hefur krónutala skattanna hækkað um fjórðung og fimmtung.

Reiknað á föstu verðlagi hefur bensínverð hækkað um 31 prósent síðan í febrúar 2008. Á sama tíma hefur hlutfall skatta í lítranum farið úr 50,6 prósentum í 48,4 prósent. Skattaupphæðin hefur hins vegar hækkað um fjórðung, farið úr 95,5 krónum í tæpar 120 krónur.



**RUNÓLFUR ÓLAFSSON**

Svipaða sögu er að segja af verðþróun dísilolíu sem hefur á sama tíma hækkað um 29,7 prósent. Skatthlutfallið hefur lækkað úr rúmum 49 prósentum í rúm 45 prósent, en krónutala skattanna hækkað um fimmtung.

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB), segir hæpnar þær fullyrðingar sem komið hafi fram á fundi hans með efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis í byrjun vikunnar um að ekki hallaði endilega á Ísland í alþjóðlegum samanburði.

„Ég er hins vegar nýkominn frá Noregi þar sem bensínlítrinn kostar 300 krónur. Norðmaðurinn er hins vegar helmingi fljótari að vinna fyrir sínum bensínlítra en Íslendingurinn,“ segir Runólfur og kveður einn nefndarmanna líka hafa bent á að skattar á bensín séu núna hlutfallslega lægri en oft áður. „Og það er svo sem rétt,“ segir hann, en bendir um leið á að krónutalan sem innheimt sé í skatta hafi engu að síður hækkað um ríflega 70 prósent meðan almennt verðlag hafi bara hækkað um sem nemur 30 prósentum.

Aukinheldur bendir Runólfur á að umfjöllun og umræða um eldsneytiskostnað í Evrópu snúist um að draga úr akstri í þéttbýli og þar séu almenningssamgöngur góðar. „Þær aðstæður eru ekki uppi hér, þar sem eru tæplega 320 þúsund manns á 103 þúsund ferkílómetrum,“ segir hann og kveðst vita dæmi þess að langt austur í sveitum hafi hátt eldsneytisverð knúið fólk til að koma sér saman um að einn færi á stórum bíl í Bónus á Selfossi á hálfsmánaðar fresti. „Í mið-Ósló, Kaupmannahöfn og Stokkhólmi eru allt aðrar þarfir og bjargir.“

Samkvæmt nýjum útreikningum Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) hefur eldsneytiskostnaður meðalstórs fjölskyldubíls aukist um 219 þúsund krónur síðustu fjögur ár.

**olikr@frettabladid.is**

> Norðmaðurinn er hins vegar helmingi fljótari að vinna fyrir sínum bensínlítra en Íslendingurinn.
>
> **RUNÓLFUR ÓLAFSSON** FRAMKVÆMDASTJÓRI FÉLAGS ÍSLENSKRA BIFREIÐAEIGENDA







Seðlabankinn og fjármálaráðuneytið segja ekkert athugavert við gjaldeyrisútboð:

# Lífeyrissjóðir við sama borð og aðrir

**STJÓRNSÝSLA** Seðlabanki Íslands og fjármálaráðuneytið telja farið að lögum með gjaldeyrisútboði Seðlabankans á miðvikudag. Lögmaður Salander Holdings, félags Róberts Guðfinnssonar, heldur hinu gagnstæða fram í bréfi til umboðsmanns Alþingis.

Lögmaður Róberts segir að með því að fjármálaráðuneytið hafi tilkynnt um ívilnanir til handa lífeyrissjóðum sem bjóða í krónur hjá Seðlabankanum sé hallað á aðra tilboðsgjafa í útboðinu.

Í svari frá Seðlabankanum segir að þátttaka lífeyrissjóðanna í útboðum bankans verði með hliðstæðum hætti og annarra fjárfesta. Sjóðirnir muni sæta sömu skilmálum og aðrir og öll samþykkt tilboð bjóðist aðalmiðlurum á sama verði. „Hæsta samþykkta verð ræður útboðsverði. Fjárfestar fá því sama verð fyrir gjaldeyri sinn í útboðinu,“ segir Seðlabankinn og ítrekar að bankinn sé ekki aðili að samningum fjármálaráðuneytis og Landssamtaka lífeyrissjóða um málið. Missagt var því í Fréttablaðinu á miðvikudag að tilkynning varðandi samninga hafi komið frá Seðlabankanum, hún var frá fjármálaráðuneytinu.

„Ef það eru einhverjar ávirðingar um ólöglegt gjaldeyrisútboð þá er það Seðlabankans að svara fyrir það. Samkvæmt minni vitund er ekkert óeðlilegt við þetta gjaldeyrisútboð,“ svaraði Rósa Björk Brynjólfsdóttir, upplýsingafulltrúi fjármálaráðuneytisins, spurð um viðbrögð við fullyrðingum lögmanns Salander Holdings.

Umframeftirspurn var í útboðinu á miðvikudag. Alls voru boðnar 173,6 milljónir evra og tilboðum fyrir 141,3 milljónir evra tekið. Fyrirfram var ákveðið að öll samþykkt tilboð voru tekin á sama verði og var það ákvarðað 240 krónur fyrir hverja evru. **- gar**



Ætlaði að kaupa 800 milljónir í útboði en er ósáttur við sérkjör lífeyrissjóða:

Telur útboð Seðlabankans ólöglegt

**FJÁRMÁL** Fjárfestirinn Róbert Guðfinnsson áskilur sér allan rétt vegna tjóns sem hann telur sig geta orðið fyrir vegna breytinga á útboði Seðlabankans á íslenskum krónum sem fram fer í dag.

Róbert, sem kveðst hafa stundað viðskipti erlendis frá árinu 2005 meðal annars í Mexíkó, Síle og Eystrasaltslöndunum, segist vilja flytja erlendan gjaldeyri til Íslands og kaupa 800 milljónir króna. Féð ætli hann meðal annars að nota í uppbyggingu ferðaþjónustu á Siglufirði. Þar rekur hann Kaffi Rauðku og fleira.

RÓBERT GUÐFINNSSON

Að sögn Róberts samþykkti Seðlabankinn félag hans, Salender Holdings Ltd., sem þátttakanda í krónuútboðinu. Skilyrðið er að nota jafnháa upphæð á móti til að kaupa krónur á opinberu gengi Seðlabankans.

Í bréfum lögmanns Róberts til Seðlabankans og Umboðsmanns Alþingis segir að þó að útboðslýsing hafi legið fyrir 12. janúar hafi Seðlabankinn tilkynnt það 10. febrúar að lífeyrissjóðir njóti sérstakra skattaívilnana í útboðinu. Tilboðsgjöfum sé því mismunað og verulegur vafi leiki á lögmæti útboðsins.

„Þetta hefði verið í lagi ef þetta hefði verið tekið fram í útboðsgögnunum svo menn vissu að hverju þeir gengju en í þessu ráðstjórnarríki sem við búum í í dag virðist það ekki skipta máli,“ segir Róbert Guðfinnsson.

- gar

SEÐLABANKINN Róbert Guðfinnsson ætlaði að bjóða í krónur hjá Seðlabankanum en telur útboð Seðlabankans hygla lífeyrissjóðum og vera ósanngjarnt gagnvart öðrum.

**FRÉTTABLAÐIÐ Á MIÐVIKUDAG**
Róbert Guðfinnsson ætlar að kaupa 800 milljón krónur með gjaldeyri en telur sig ekki keppa á jafnréttisgrundvelli við lífeyrissjóðina sem fái aukaávinning með þátttöku í útboði Seðlabankans.

HONDA
The Power of Dreams

# CR-V LIFESTYLE

2.0i bensínvél, einnig fáanlegur með 2.2i dísilvél
Sjálfskiptur - 5 gíra
18" álfelgur
Rafstýrðir, upphitaðir og aðdraganlegir hliðarspeglar
Rúðuþurrkur að framan með regnskynjara
Þokuljós að framan
Litað gler í aftari hliðarrúðum og afturrúðu
Alcantara leðurinnrétting
Skriðstillir (Cruise Control)
Tvöföld tölvustýrð loftkæling
Fjarlægðarskynjarar (2 x framan, 4 x aftan)
Hljómflutningstæki með geislaspilara og
RDS útvarpi ásamt 6 hátölurum
Aðgerðarhnappar fyrir hljómtæki í stýri
AUX, USB og iPod tengi
Hemlalæsivörn (ABS)
Stöðugleikabúnaður (VSA)
Stöðugleikabúnaður fyrir tengivagn (TSA)
Tvöfaldir SRS loftpúðar að framan
Tvöfaldir SRS hliðarloftpúðar
Tvöfaldar SRS loftpúðagardínur
og margt fleira.

## kr. 5.990.000

*Fyrir 15 árum upplifðu Íslendingar fyrst töfra Honda CR-V á götum landsins. Gæði hafa verið aðalsmerki CR-V frá upphafi - 97% allra seldra CR-V bíla á Íslandi eru enn í notkun. Stöðugt er aukið við búnað til að tryggja öryggi og vellíðan fjölskyldunnar. Tryggðu þér hann núna á Honda-góðu verði.*




1962 - 2012 50 ára
BERNHARD

www.honda.is

Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 • Akranes, Bílver, sími 431 1985 • Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

**FRÉTTASKÝRING:** Dómur Hæstaréttar um gengistryggð lán

# Bankarnir vita ekki hvernig bregðast á við

**Óvíst er hversu víðtæk áhrif nýr gengislánadómur Hæstaréttar hefur. Fjármálafyrirtæki og samtök þeirra leita til lögfræðinga um hvernig beri að túlka dóminn. Eins er á reiki hvernig haga beri endurútreikningi. Mögulega kallar staðan á leiðbeinandi álit Fjármálaeftirlits og Seðlabanka, eða jafnvel á ný lög frá Alþingi.**



**BÍLLINN AÐ LOSNA** Samkvæmt nýföllnum dómi Hæstaréttar ættu í það minnsta að lækka skuldir af erlendum lánum sem staðið hefur verið í skilum með afborgarnir af. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fulltrúar fjármálafyrirtækja funduðu í gærmorgun með Samtökum fjármálafyrirtækja (SFF) um nýfallinn gengislánadóm Hæstaréttar. Óvissa er uppi um með hvaða hætti fyrirtækin bregðast við og hvernig eigi að haga endurútreikningi lána í þeim tilvikum þar sem það á við.

Í tilkynningu sem Landsbankinn sendi frá sér í gær segir að ljóst sé að dómur Hæstaréttar breyti þeim endurreikningsaðferðum sem kveðið er á um í lögum og bankinn hefur byggt á. „Ljóst er að nú fer í hönd vinna við að meta fordæmisgildi dómsins. Dómurinn hefur væntanlega í för með sér að endurreikna þarf á ný fjölda lána,“ segir í tilkynningu bankans.

Undir eru sögð íbúðalán einstaklinga, lán til fyrirtækja og lán sem Landsbankinn tók yfir við samruna hans við SpKef, SP–Fjármögnun og Avant. „Ekki er þó hægt að fullyrða að niðurstaðan hafi áhrif á öll lán sem hafa verið endurreiknuð eða á eftir að endurreikna.“

Innan bankanna er dómur Hæstaréttar ekki sagður jafn afdráttarlaus og margur hafi viljað vera láta þegar hann féll á miðvikudag. Um leið er mikill þrýstingur frá fólki og hagsmunasamtökum um að fá niðurstöðu og því ljóst að tæpast verður legið yfir dómnum í mjög marga daga án niðurstöðu.

Þá er tilfinningin sú innan bankanna að þeir geti ekki sjálfir tekið af skarið varðandi túlkun á dómnum, enda sé flækjustigið hátt og lítill stuðningur í fyrri ákvörðunum stjórnvalda. Þegar gengislán voru fyrst dæmd ólögmæt gáfu Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn út leiðbeinandi tilmæli um hvernig reikna ætti vexti, sem Hæstiréttur sagði síðan að væri ekki í lagi. Þá komu lög frá Alþingi um endurútreikning lána sem Hæstiréttur hefur nú sagt ekki í lagi, að minnsta kosti að hluta til.

Auk þess að kalla til sérfræðinga bíða því bankarnir tilmæla frá stjórnvöldum, hvort sem þar verður um að ræða ný tilmæli um aðgerðir frá FME og Seðlabanka, eða mögulega ný lagasetning frá Alþingi.

Þá er líka horft til þess að Hæstiréttur hafi alls ekki verið samstíga í dómi sínum, þrír af sjö dómurum vildu aðra niðurstöðu nú.

Eins ríkir óvissa um hversu víðtæk túlkun eigi að vera á dómnum, hvort hann eigi aðeins að ná til fólks sem staðið hefur í skilum með lán sín, líkt á við um fólkið sem höfðaði málið, en Hæstiréttur segir í dómi sínum að ekki megi breyta afturvirkt vöxtum sem þegar hafi verið greiddir og fólk fengið kvittun um. Ef svo er fá þeir væntanlega ekki sjálfkrafa leiðréttingu sem eru með lán í vanskilum eða höfðu lengt í lánum eða fengið önnur úrræði sem breyttu lánaskilmálum.



**Óli Kristján Ármannsson**
olikr@frettabladid.is

## Varað var við afturvirkni gengislánalaga

Umboðsmaður skuldara ætlar að óska eftir afstöðu fjármálafyrirtækja til nýfallins dóms Hæstaréttar um gengislán og hvernig þau hyggist bregðast við honum. „Miklu skiptir að allri óvissu varðandi túlkun á þessum dómi og áhrif hans á endurútreikning lána sem höfðu ólögmæta gengistryggingu, verði eytt hið fyrsta,“ segir í tilkynningu. Þá munu starfsmenn embættisins skoða hvaða áhrif dómurinn hefur á þegar gerða greiðsluaðlögunarsamninga og samninga í bígerð.

Bent er á að í dómi Hæstaréttar segi að fjármálafyrirtæki sé ekki heimilt að krefja skuldara um viðbótargreiðslur vegna þegar greiddra vaxta í endurútreikningi á láni með ólögmætri gengistryggingu. „Í ljósi þessa munu fjármálafyrirtæki þurfa að endurskoða þann endurútreikning sem þegar hefur farið fram á lánum sem höfðu ólögmæta gengistryggingu.“ Misjafnt geti hins vegar verið hversu miklu endurútreikningurinn skili lántökum. „Þar skiptir mestu máli hvenær lánið var tekið.“

Umboðsmaður skuldara vekur á því athygli að embættið hafi í umsögn varað við afturvirkni gengislánalaganna sem samþykkt voru af Alþingi skömmu fyrir áramót 2010, en þau áttu meðal annars að leysa úr ágreiningi um hvernig gera skyldi upp gengistryggð lán. Embættið taldi að í afturvirkni laganna gæti falist brot gegn eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. „En ekki var tekið tillit til þess í meðferð Alþingis.“

**- óká**

## Lán frá 2005 gæti lækkað um 30 prósent

„Erfitt er að segja til um það hver áhrif dómsins eru á einstöku lán,“ segir í gær í umfjöllun efnahagsritsins Vísbendingar um nýfallinn dóm Hæstaréttar, enda sé mjög mismunandi hvenær lán voru tekin og hve mikið hafi verið greitt af þeim.

„Vísbending tók nokkur dæmi og samkvæmt þeim ættu lán sem tekin voru í upphafi árs 2005 og greitt var af samkvæmt skilmálum að lækka um allt að 30 prósent frá fyrri útreikningum bankanna, frá 2006 væri talan svipuð en lán sem tekið var í upphafi árs 2007 ætti að lækka um 23 prósent og lán frá upphafi árs 2008 um 13 prósent,“ segir í ritinu, en áréttað um leið að allan fyrirvara þurfi að hafa á útreikningunum, svo sem vegna ólíkrar samsetningar mynta í lánakörfum og vegna raunverulegra greiðslna.

„Margir frystu greiðslur haustið 2008 og hafa því ekki greitt lánin jafnhratt niður og skilmálar segja til um. Þeirri spurningu er líka ósvarað hver er réttur þeirra sem sömdu við bankana um niðurfellingu upp á ákveðna prósentu eða breyttu láninu í innlent lán á tímabilinu.“

**- óká**

# Tveir dómarar lýstu sig vanhæfa

Tveir dómarar við Hæstarétt, Markús Sigurbjörnsson og Viðar Már Matthíasson, lýstu sig vanhæfa til að dæma í máli um vexti af ólögmætum gengislánum vegna tengsla við annað þeirra sem höfðaði málið gegn Frjálsa fjárfestingabankanum.

Dómararnir tveir töldu sig of nátengda Mariu Elviru Mendez Pinedo, prófessor í Evrópurétti við Háskóla Íslands, sem höfðaði málið ásamt eiginmanni sínum. Viðar Már vann með henni þegar hann gengdi prófessorsstöðu við skólann þar til árið 2009 og Markús er eiginmaður Bjargar Thorarensen, sem jafnframt er prófessor við skólann.



**MARKÚS SIGURBJÖRNSSON**



**VIÐAR MÁR MATTHÍASSON**

Tveir dómarar sem dæmdu í málinu kenndu þar til nýlega við lagadeild Háskóla Íslands en lýstu sig hins vegar ekki vanhæfa. Eiríkur Tómasson var prófessor þar til nýlega og Benedikt Bogason, sem er settur dómari við Hæstarétt, er dósent við skólann. Báðir voru þeir í meirihluta dómsins sem dæmdi hjónunum í vil.

**- sh**






# Deila um ábyrgð á lánsuppgjörum

Þingmenn deila um hver beri ábyrgð á stöðu mála eftir gengislánadóm Hæstaréttar og raunar um hver sú ábyrgð sé. Stjórnarliðar segja hin ólöglegu lög hafa komið lántakendum til góða, en stjórnarandstæðingar segja fullkomna óvissu ríkja í skuldamálum. Þó stjórnarflokkarnir séu einhuga gæti málið aukið á erfiði þeirra sem er ærið fyrir.

Óhætt er að segja að dómur Hæstaréttar hafi skekið samfélagið og hefur þingmönnum orðið tíðrætt um hann. Sitt sýnist hverjum um afleiðingarnar. Óumdeilt virðist að dómurinn muni ekki ógna fjármálalegum stöðugleika, um það eru þingmenn sammála. Það hafa enda forsvarsmenn bankakerfisins og Fjármálaeftirlitsins gefið út. Þingmönnum hefur orðið tíðrætt um hver beri ábyrgð á því ástandi sem upp er komið.



**ALÞINGI** Þingmenn ræddu í gær um áhrif dóms Hæstaréttar varðandi gengislán. Bjarni Benediktsson var gagnrýninn á ríkisstjórnina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Óvissa á óvissu ofan

Sérstök umræða var um málið á þingi í gær og flutti Steingrímur J. Sigfússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, munnlega skýrslu um málið. Honum var tíðrætt um að erfitt væri að meta hve víðtækt fordæmisgildi dóms Hæstaréttar væri, þar sem um væri að ræða einstaklingsbundið mál.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði dóminn sýna að sú tilraun sem gerð var með lögum frá Alþingi til að reyna að leysa úr vandamálinu hefði mistekist. Hann sagði Sjálfstæðisflokkinn hafa varað við því og viljað taka lögin upp þar sem hætta væri á að einhverjir leituðu réttar síns með málssókn. Ekki hefði verið hlustað á flokkinn.

„Þá höfum við ítrekað lagt fram tillögur um það, og þeim verið hafnað, að mál sem snertu uppgjör vegna lánasamninga fengju flýtimeðferð í dómskerfinu. Því var hafnað og það sagt óþarfi.“

Bjarni sagði dóminn sýna að menn hefðu flýtt sér um of á sínum tíma. Ekki hefði verið hlustað á ábendingar um að um ólögmæt lög gæti verið að ræða.

„Við stöndum frammi fyrir því núna, þremur árum eftir að ríkisstjórnin tók við, að fjöldi mála sem varða skuldauppgjör heimilanna í landinu eru í óvissu.“

### Varkárni eða inngrip?

Stjórnarþingmenn lögðu mikla áherslu á að lögin, sem Hæstiréttur úrskurðaði ólögleg hefðu komið almenningi til góða. Lántakendur hefðu flestir fengið endurgreiðslu og ættu núna von á hærri upphæðum frá bönkunum.

Árni Páll Árnason, fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra, sagði lögin hafa einkennst af varúðarsjónarmiði. Gengið hefði verið eins langt og hægt væri fyrir lántakendur, án þess að ganga á eignarréttinn.

Stjórnarliðar sögðu að hættan hefði ætíð verið sú að ef miðað hefði verið við samningsvexti hefðu bankarnir mögulega farið í mál. Ef það ynnist þyrftu skuldarar mögulega að greiða til baka og ríkið yrði mögulega skaðabótaskylt.

Formaður Sjálfstæðisflokksins gaf lítið fyrir þessar skýringar. Hann sagði greinargerðina með lögunum ítrekað réttlæta það inngrip sem þau fólu í sér og las upp eftirfarandi kafla:

„Þá er hætt við því að réttlætiskennd almennings verði misboðið og greiðsluvilji einstaklinga þverri ef fjárhagsleg staða heimila verður látin ráðast að stórum hluta af tilviljunarkenndu orðalagi í samningum sem einstaklingar höfðu ekki forsendur til þess að meta á sjálfstæðan hátt.

Því er hætt við að það ójafnræði sem myndast þegar einn aðili fær gengistryggingu dæmda ólöglega en annar stendur uppi með lögmætan lánssamning dragi úr greiðsluvilja þeirra síðarnefndu. Af þeim sökum er sanngjarnt sem og mikilvægt fyrir fjármálastöðugleika að jafnræðis sé gætt í meðferð sams konar og eðlislíkra neytendalána.“

Þetta sagði Bjarni sýna ríkisstjórnin hafi talið það ósanngjarnt að einhver ætti betri rétt en annar og það gæti dregið úr greiðsluvilja hinna að leyfa honum að njóta þess.



**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is

markhonnun.is

# nettó
Kræsingar & kostakjör







# SPRENGIDAGUR NÁLGAST!



















Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.










Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes

**Tilboðin gilda 16. - 19. febrúar**

eða meðan birgðir endast

FLUTNINGASKIPIÐ BRÚARFOSS Í VANDA VIÐ REYKJANES

# Ný siglingaleið sögð hafa ráðið úrslitum

**Fraktskipið Brúarfoss missti vélarafl við Reykjanes og rak hratt að landi. Togarinn Höfrungur var tilbúinn til að draga skipið frá landi þegar vélar náðust í gang. Landhelgisgæslan telur breytta siglingaleið við landið hafa gert gæfumuninn.**




**Í ÖRUGGRI HÖFN** Brúarfoss kom til Vestmannaeyja eftir hádegi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Það er mat Landhelgisgæslunnar að hefði flutningaskipið Brúarfoss verið á þeirri siglingaleið sem tíðkaðist um langt árabil eru allar líkur á því að skipið hefði strandað við Reykjanes í fyrrinótt. Hvorki hefði gefist ráðrúm til að koma vélum skipsins í gang aftur né hefði frystitogarinn Höfrungur III náð til skipsins á þeim tíma sem gafst til að bregðast við.

„Það sem stendur upp úr í þessu máli er að við náðum því í gegn að siglingaleiðum við landið var breytt. Mér sýnist liggja fyrir að sú ákvörðun að ýta skipum lengra frá landinu hafi bjargað Brúarfossi, þó alltaf sé erfitt að fullyrða um aðstæður þar sem svona atburðir eiga sér stað,“ segir Halldór B. Nellet, framkvæmdastjóri aðgerðasviðs LHG. Halldór rifjar það jafnframt upp að hugmyndir Landhelgisgæslunnar um breyttar siglingaleiðir á sínum tíma voru harðlega gagnrýndar.

„Þetta var tilgangurinn. Að ýta þessum skipum frá landi svo þau hefðu tíma til að gera ráðstafanir,“ segir Halldór.

Hér vísar Halldór til reglugerðar sem sett var árið 2008 um afmörkun siglingaleiða fyrir Suðvesturlandi. Brúarfoss var á þessari afmörkuðu siglingaleið, en ef skipið hefði verið á þeirri siglingaleið sem áður tíðkaðist hefði skipið strandað. Brúarfoss rak á fimmtu sjómílu að landi í fyrrinótt en sú siglingaleið sem áður var farin er 2,5 sjómílur frá ströndu. Mjög slæmt veður var á staðnum, vestan stormur og ölduhæð sjö metrar.

> Það sem stendur upp úr í þessu máli er að við náðum því í gegn að siglingaleiðum við landið var breytt.
>
> **HALLDÓR B. NELLET** FRAMKVÆMDASTJÓRI AÐGERÐASVIÐS LHG

Þegar vélstjórar um borð í Brúarfossi náðu vélum skipsins í gang var rúm sjómíla í grynningar utan Garðskaga. Miðað við rekhraða skipsins voru 30 mínútur til stefnu.

Frystitogarinn Höfrungur III var kominn upp að hlið flutningaskipsins þegar vélstjórum tókst að koma vélum þess í gang.

Þórður Magnússon, skipstjóri á Höfrungi, segir að þrátt fyrir erfiðar aðstæður og vont veður hafi aldrei leikið vafi á því að tekist hefði að draga Brúarfoss frá landi. Báðar áhafnir hafi verið búnar að undirbúa að koma taug á milli skipanna. Höfrungur sé það öflugt skip, og togstefnan hagstæð í ljósi vindáttar, að brugðist hefði verið við því ef vélar Brúarfoss hefðu ekki náðst í gang.



Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is




**SIGLINGARLEIÐ BRÚARFOSS** Kortið sýnir þær siglingaleiðir sem heimilt er að fara eftir breytinguna 2008. Hér sést leið Brúarfoss eftir að hann fór frá Reykjavík. Punkturinn þar sem skipið náði vélum í gang og heldur frá landi markar þann stað sem hefðbundin siglingaleið var fyrir árið 2008. HEIMILD/LHG

## Brúarfoss vélarvana út af Reykjanesi

- Um klukkan 03.00 í fyrrinótt höfðu varðstjórar í stjórnstöð Landhelgisgæslunnar samband við Brúarfoss þar sem skipið var statt vestur af Garðskaga í um 6 sjómílna fjarlægð frá landi. Tóku varðstjórar í ferilvöktunarkerfum eftir því að skipið var komið á rek. Kom þá í ljós að skipið átti við vélarvandamál að stríða og voru vélstjórar að vinna í málinu.
- Ákveðið var að kalla strax í varðskipið Ægi sem var statt suður af Grindavík og auk þess var haft samband við togarann Höfrung III AK sem staddur var á Stakksfirði.
- Var þyrla LHG kölluð út í viðbragðsstöðu á Garðskaga. Einnig voru björgunarsveitir Landsbjargar á svæðinu kallaðar út og haft var samband við fjarskiptamiðstöð lögreglu.
- Þegar Brúarfoss var stutt frá landi lét skipið akkeri falla sem hægði á reki. Varðskipið Ægir átti um klukkustundar siglingu eftir að staðnum en Höfrungur var kominn að Brúarfossi klukkan 05.15 og tilbúinn til aðstoðar.
- Vélar Brúarfoss komust í gang klukkan 05.27 og sigldi skipið í átt frá landi í fylgd Höfrungs.
- Brúarfoss kom til hafnar í Vestmanneyjum eftir hádegi í gær í fylgd varðskipsins Ægis.
- Tólf eru í áhöfn Brúarfoss sem er um átta þúsund tonna fraktskip.
- Í Vestmannaeyjum verður bilun í ásrafal skipsins skoðuð betur og viðgerð fer fram.

## Gæsluþyrlan hefði þurft að ná í okkur

Hafsteinn A. Hafsteinsson, skipstjóri á Brúarfossi, segir alveg ljóst að ef sigld hefði verið sú leið sem var farin við Suðvesturland árum saman hefði ekki gefist ráðrúm til að bjarga Brúarfossi í fyrrakvöld. „Ef þessu hefði ekki verið breytt hefði ég verið miklu nær landi. Við hefðum kannski haft klukkutíma til stefnu. Ekki finnst mér ólíklegt að þyrla hefði þurft að ná í okkur en það hefði farið illa fyrir verðmætunum, þó það sé ekki aðalmálið. En þetta fór sem betur fer vel.“



**HAFSTEINN A. HAFSTEINSSON** skipstjóri á Brúarfossi

Hafsteinn viðurkennir að hann hafi verið einn af þeim sem gagnrýndu þá ákvörðun að færa siglingaleiðirnar lengra frá landi. „Þetta var sú leið sem við vorum alltaf vanir að fara. Ég viðurkenni að ég gagnrýndi þá ákvörðun hart á sínum tíma og við vorum ósáttir með að það var verið að henda okkur þarna út. Það má alveg segja að þetta hafi komið vel á vondan.“

Atburðarásinni um borð í Brúarfossi í fyrrinótt lýsir Hafsteinn með þeim hætti að um klukkan hálf þrjú hafi aðvörunarkerfi skipsins farið í gang. Án tafar var maður sendur í vélarrúm skipsins sem fann þar reykjarlykt. Þá var strax ljóst að ekki var um bilun í skynjara að ræða, sem er ekki óalgengt. Ekki var þó eldur í vélarrúminu.

Eftir skoðun sem tók fimmtán til tuttugu mínútur var ljóst að bilun var í rafal fyrir aftan aðalvélina. „Þá komu skilaboð um að stöðva þyrfti vélar skipsins strax. Þá vissum við að þetta var eitthvað stórt og krítískt,“ segir Hafsteinn. „Það gaus upp reykur og við þurftum að senda niður reykkafara til að athuga hvort það væri eldur í vélarrúminu.“

Eins og reglur Eimskips gera ráð fyrir hringdi Hafsteinn og gerði óhappanefnd félagsins viðvart. Á sama tímapunkti og hann tók upp símann til að gera Landhelgisgæslunni viðvart um að skipið hefði misst aðalvélina var hringt frá Vaktstöð LHG, sem hafði tekið eftir því að Brúarfoss var kominn á rek.

„Svo hófst kapphlaup við tímann að rífa rafalinn frá vélinni, en það var eini möguleikinn til að ná vélinni í gang. Það tók tvo tíma en þá var komið að þeim tímapunkti að tímabært væri að fá tog frá Höfrungi. Þeir voru tilbúnir og við búnir að tala saman.“

Hafsteinn segir að Brúarfoss hafi þverrekið á brimið og skipið tók á sig brotsjói. Því verði því ekki neitað að um tíma var staðan tvísýn. „En núna erum við í Eyjum og allt gekk þetta vel,“ segir Hafsteinn.




**UMFJÖLLUN** Allt árið 2007 fjallaði Fréttablaðið um mögulegar hættur sem fylgdu hefðbundnum siglingaleiðum við Suðvesturland. Hvatinn að umfjölluninni var strand flutningaskipsins Wilson Muuga. Mikil gagnrýni var á hugmyndir Landhelgisgæslunnar og siglingamálayfirvalda á þeim tíma, ekki síst frá flutningafyrirtækjum.

Næstu námskeið hefjast 20. febrúar

Skráning í fullum gangi á www.worldclass.is

Mömmutímar

Súperform

Fitnessbox

Fit 4U

World Class ICELAND HEILSURÆKT FYRIR ÞIG Á 10 STÖÐUM

Lífstíll 20+

Peak Pilates

Zumba Fitness

Herþjálfun

Core X

Eldri aldurshópar 50+

Core Pilates

Zumba Toning

Mind & Body

Nánari upplýsingar og skráning á www.worldclass.is

World Class ICELAND

HEILSURÆKT FYRIR ÞIG Á 10 STÖÐUM



**NEFNDIN HEFUR EFTIRLITSHLUTVERK** Elfa segir Fjölmiðlanefnd fyrst og fremst snúa að neytendavernd gagnvart fjölmiðlum, sem hafi mikil réttindi og ríkar skyldur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fjölmiðlar bera mikla ábyrgð

Fjölmiðlanefnd tók til starfa í haust í samræmi við ný fjölmiðlalög. Nefndin mun hafa eftirlit með fjölmiðlum. Í vikunni birti nefndin upplýsingar um eignarhald á fjölmiðlum og henni hafa þegar borist kvartanir og ábendingar um starfsemi fjölmiðla. **Elfa Ýr Gylfadóttir,** framkvæmdastjóri nefndarinnar, ræddi starf hinnar nýju nefndar við *Þórunni Elísabetu Bogadóttur.*

Það er rosaleg vinna að koma upp svona stjórnsýslunefnd. Hún hefur fullt af lögbundnum hlutverkum, til dæmis hefur talsverð vinna farið í að afla allra gagna um eignarhald og skráningar fjölmiðla, svo við vitum hverjir eru á þessum markaði. Það er grunnurinn að því að geta tryggt gagnsæi eignarhalds,“ segir Elfa Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri Fjölmiðlanefndar. Elfa Ýr starfaði sem deildarstjóri fjölmiðladeildar mennta- og menningarmálaráðuneytisins áður en hún tók við starfinu og hefur leitt stefnumótunarvinnu ráðuneytisins í þessum málaflokki.

### Fyrst og fremst neytendavernd

Nefndin hefur þegar fengið kvartanir og ábendingar auk þess sem útvarpsréttarnefnd, sem var forveri fjölmiðlanefndarinnar, hafði fengið talsvert af erindum. „Þetta er fyrst og fremst neytendavernd gagnvart fjölmiðlunum, sem gegna þessu gríðarlega mikilvæga hlutverki að upplýsa almenning. Þar af leiðandi hafa þeir mikil réttindi, en þeir hafa líka ríkar skyldur, þannig að þeir bera ábyrgð og þurfa að gæta þess að fara að lögum og reglum. Fjölmiðlanefnd er eftirlitsstofnun með sama hætti og Samkeppniseftirlitið, Persónuvernd, Neytendastofa og annað slíkt.“

Auk þess að taka við kvörtunum og sinna eftirliti getur nefndin tekið upp mál að eigin frumkvæði. Ef mikill fjöldi mála berst henni getur hún forgangsraðað þeim. „Það má ekki gleymast að stór hluti af fjölmiðlalögunum varða EES-tilskipun, svo það er líka mikilvægt út frá því að við sinnum þessu eftirlitshlutverki sem þar er kveðið á um. Það má reikna með því að til þess að byrja með verði forgangsraðað í þá átt.“

### Ákvæði um eignarhald sannaði sig strax

Eitt fyrsta sýnilega verk nefndarinnar var að birta upplýsingar um eignarhald fjölmiðla, en það var gert í byrjun þessarar viku. „Aðalmarkmiðið með þessu er að fólk viti hver á fjölmiðil og ef það telur að einhver umfjöllun litist af eignarhaldinu þá veit viðkomandi allavega hver á í hlut. Ég held að þetta ákvæði hafi algjörlega sannað gildi sitt þegar við birtum þennan lista, því í kjölfarið fengum við ítarlegri upplýsingar og upplýsingar sem vantaði. Fjölmiðlarnir brugðust við og svo hafa þeir aðhald hver með öðrum. Það er ljóst að þetta ákvæði virkaði þegar á það reyndi.“

### Munu ekki hafa afskipti

Elfa segir aðspurð erfitt að segja til um það hvort til þess kæmi að nefndin skipti sér af siðareglum eða ritstjórnarstefnum fjölmiðla, sem þeir þurfa að skila inn til nefndarinnar. Fjölmiðlar séu ekki enn farnir að þurfa að skila inn siðareglum og framkvæmdin sé ekki komin í ljós. „Það er nánast útilokað að sjá fyrir sér að eitthvað svoleiðis geti gerst, nema um sé að ræða klárt lögbrot. Það er fjölmiðlanna sjálfra að setja sínar reglur en þær verða að vera innan ramma laganna.“

Í lögunum eru einnig ákvæði um ritstjórnarlegt sjálfstæði og segir Elfa að þar verði ekki heldur gripið inn í eða reynt að hafa áhrif á ritstjórnir.

„Fjölmiðlanefnd getur auðvitað ekki tryggt ritstjórnarlegt sjálfstæði. Fjölmiðlarnir setja sér reglur sem svo eru sendar til nefndarinnar, samkvæmt lögum. Fjölmiðlarnir taka sínar ákvarðanir og setja sínar verklagsreglur. Þær eru til þess að góð vinnubrögð séu viðhöfð og að menn geti fjallað um það sem skiptir máli fyrir almenning.“

### Sjálfsskoðun stéttarinnar mikilvæg

Elfa segist ekki telja að siðanefnd Blaðamannafélagsins, sem hefur úrskurðað um brot á siðareglum, muni leggjast af vegna tilkomu nefndarinnar og þess að fólk geti kvartað til hennar.

„Fjölmiðlanefnd hefur að stærstum hluta annað hlutverk en siðanefnd Blaðamannafélagsins. Fjölmiðlanefndin hefur margþætt hlutverk og þarf til dæmis að hafa eftirlit með því að ákveðið efni sé sýnt á tíma sem börn eru ekki að horfa og að það séu skýr skil milli ritstjórnarefnis og auglýsinga.

Hún hefur líka það hlutverk að ef einhver telur á sér brotið í fjölmiðlum, vill koma sjónarmiðum sínum á framfæri en fjölmiðillinn neitar því þá getur viðkomandi leitað til fjölmiðlanefndar.

Varðandi siðanefndina þá byggist hún á þessari eilífu sjálfsskoðun stéttarinnar um vönduð vinnubrögð, um það hvernig góð blaðamennska er og hvenær er farið yfir mörk og svo framvegis. Það er gríðarlega mikilvægt að sú umræða haldi áfram og sé stöðugt í gangi.“ Fjölmiðlanefndin komi frekar að mörgum öðrum þáttum.

## Mikilvægt að hafa sérfræðinga í nefnd

„Vegna þess að um er að ræða tjáningarfrelsið skiptir máli að í nefndinni sitji óháðir aðilar sem eru sérfræðingar. Þarna eru lögfræðingar, fulltrúi blaða- og fréttamanna, siðfræðingur, sem sameiginlega hafa mjög mikla yfirsýn. Bæði hafa þau yfirsýn yfir lög og reglur og einnig hverjar venjurnar eru og hvar mörkin liggja,“ segir Elfa.

Í fjölmiðlanefndinni sitja Eiríkur Jónsson dósent við lagadeild HÍ, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hæstaréttarlögmaður, Þorgerður Erlendsdóttir héraðsdómari, Arna Schram upplýsingafulltrúi og Salvör Nordal forstöðumaður Siðfræðistofnunar HÍ. Nefndin var skipuð 1. september 2011 til fimm ára.

Elfa Ýr er framkvæmdastjóri nefndarinnar en að auki er þar starfsmaður í hlutastarfi og á næstunni bætist lögfræðingur í starfsliðið. Elfa segir kostnaðarmat hafa gert ráð fyrir þremur til fjórum starfsmönnum en það eigi eftir að koma í ljós hvernig þeim málum verður háttað til frambúðar. Auðveldara verði að sjá það þegar starfsemi nefndarinnar verður komin í fastar skorður.

### Samstarf við samkeppnisyfirvöld

Samkvæmt frumvarpi sem bíður þess að koma fyrir þingið munu samkeppnisyfirvöld geta gripið inn í samþjöppun á fjölmiðlamarkaði. Fjölmiðlanefnd myndi svo eiga aðkomu að slíkri ákvörðun. „Það er síðan næsti kafli. Eitt er gagnsæi eignarhaldsins og að þú vitir hverjir eiga fjölmiðlana. Svo er hitt, sem er pólitísk spurning sem er svarað í þessu frumvarpi, að menn vilja hafa einhverjar matskenndar reglur. Samkvæmt frumvarpinu, sem við vitum ekki enn hvort verður samþykkt eða ekki í þinginu, hefur fjölmiðlanefndin ákveðið hlutverk og getur komið með ábendingar til Samkeppniseftirlitsins og óskað eftir því að tilteknir þættir séu skoðaðir. Eins ef Samkeppniseftirlitið tekur upp mál leitar það álits nefndarinnar.“ Elfa segir Noreg vera hið eina af Norðurlöndunum sem nú hefur reglur um eignarhald á fjölmiðlum.

### Síðasta landið til að taka upp eftirlit með fjölmiðlum

Þó að fjölmiðlanefnd sé ný af nálinni hér á landi þá á hún sér systurnefndir og stofnanir í allri Evrópu, segir Elfa. „Ísland er síðasta landið sem ákveður að koma á þessari neytendavernd varðandi fjölmiðlana.“ Fjölmiðlalögin eru að hluta til byggð á EES-tilskipun, eins og fyrr segir, og Elfa segir því mikilvægt að litið sé til reynslu annarra landa. „Við getum gengið að þessum reynslubanka, líka til þess að tryggja að ríkin séu ekki að taka ákvarðanir sem byggja á ákvæðum sömu tilskipunar á skjön hvert við annað. Þetta þarf að samræma, og það er mikilvægt að fólk átti sig á því að það hvílir ákveðin skylda á Íslandi að framfylgja þessum ákvæðum. Valið stendur á milli þess að vera með sjálfstæða nefnd sem kemur ekki nálægt pólitíkinni, sem er trúverðugra heldur en ef ákvarðanir um fjölmiðla væru teknar inni í ráðuneyti.“

# SJÓNVARPSTILBOÐ




## Panasonic

**Panasonic TXP42ST32Y**

42" Full HD 1080p 3-D NeoPlasma SJÓNVARP með 3-D converter (breytir 2-D í 3-D), 1920x 1080p upplausn, Vreal 3-D Engine, 600Hz Sub-field Drive, Pro 24p Smooth Film/ Play Back, Infinite Black 5.000.000:1 skerpu, High Contrast Filter, 0.001msec svartíma, háskerpu HDTV DVB-T/2 stafr. móttakara, innb. gervihnattamóttakara, SD kortalesara,2 x USB ofl.

neo plasma

**TILBOÐ 189.990**
FULLT VERÐ kr. 239.990

**46" NeoPlasma**
**Panasonic TXP46ST32Y**
**TILBOÐ 229.990**
FULLT VERÐ kr. 299.990

**50" NeoPlasma**
**Panasonic TXP50ST32Y**
**TILBOÐ 269.990**
FULLT VERÐ kr. 329.990




## TOSHIBA

**Toshiba 40LV833N**

40" Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, 50.000:1 skerpu, 7,5ms svartíma, háskerpu stafrænum DVB-T/C móttakara, 2x HDMI, USB, Scart, Digital Coax, VGA tengi ofl.

**TILBOÐ 119.990**
FULLT VERÐ kr. 149.990




## FINLUX

**EINNIG TIL Í 46"**
**TILBOÐ 139.990**

**Finlux 42FLHX905HU**

42" Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, stafrænum DVB-T móttakara og 100.000:1 skerpu. Fjöldi tengimöguleika m.a 2xHDMI, Digital Coax, 2xScart, 2xUSB Margmiðlunartengi, VGA tengi og CI rauf fyrir afruglarakort.

**TILBOÐ 109.990**
FULLT VERÐ kr. 129.990




## Panasonic

**Panasonic TXP42S30Y**

42" Full HD Plasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, 600Hz Sub Field Drive, Intelligent Frame Creation Pro, Vreal Live Engine, 2.000.000:1 skerpu, háskerpu HDTV DVB-T/T2 stafrænum móttakara, 24p Playback, x.v Colour, 3x HDMI, SD kortalesara, Wi-fi ready ofl.

**TILBOÐ 129.990**
FULLT VERÐ kr. 149.990




## TOSHIBA

**Toshiba 42SL863N**

42" FHD LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn og 4.000.000:1 skerpu. 200 Active Motion Rate Processing. 24P Mode. DVB-T2 C2/S2 stafrænn móttakari. Gervihnattamótakari. Smart TV. Wi-Fi Ready. Auto Backlight Control og Ambient Light Sensor. 4x HDMI, LAN, Scart, Ci, VGA, 2x USB og heyrnatólstengi o.fl.

**TILBOÐ 159.990**
FULLT VERÐ kr. 179.990




## Panasonic

neo plasma

**EINNIG TIL Í 50"**
**TILBOÐ 299.990**

**Panasonic TXP42G30Y**

42" Full HD 1080p THX Plasma SJÓNVARP með 1920x 1080p upplausn, Vreal Live Engine, 600 Hz Sub Field Drive, High Contrast Filter, Pro 24p Smooth Film/ Play Back, Infinite Black 5.000.000:1 skerpu, 0.001 msec svartíma, háskerpu HDTV stafrænum DVB-T/T2 móttakara, 2x USB, 4 HDMI 1.4, SD kortalesara ofl.

**TILBOÐ 179.990**
FULLT VERÐ kr. 219.990




## PHILIPS

**Philips 46PFL6606T**

46" FHD LED Pixel Precise sjónvarp með 1920x1080p upplausn. Full-HD, Pixel Plus HD. HD Natural Motion. 400Hz Perfect Motion Rate. 500.000:1 í skerpu. 2ms svartími. Háskerpu stafrænn HDTV móttakari. NET-TV (Wi-Fi möguleiki). USB, VGA, Scart, 3x HDMI, VGA, Digital out og heyrnatólstengi. CI/CI+ lesari o.fl.

**TILBOÐ 239.990**
FULLT VERÐ kr. 269.990

Alltaf gæði og góð kaup!
STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk
MINNISKORT
ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ **REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ**: Hagkaup, Smáralind. **VESTURLAND**: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Hrannarbúðin Grundarfirði. Skipavík, Stykkishólmi. **VESTFIRÐIR**: Verslunin Ranglátur, Tálknafirði. Fjölval, Patreksfirði. Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Snerpa Ísafirði. **NORÐURLAND**: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Valberg, Ólafsfirði. SR Byggingavörur, Siglufirði. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Víkurraf, Húsavík. **AUSTURLAND**: Tölvulistinn, Egilsstöðum, Kauptún, Vopnafirði. Nettó, Höfn Hornafirði. **SUÐURLAND**: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. **REYKJANES**: Tölvuþjónusta Benna, Grindavík. Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KO

# FYRIR BOLLUDAGINN FYRIR BOLLUDAGINN
## ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS



**359** KR. 2 STK.

BÓNUS FERSKAR NÝBAKAÐAR
**RJÓMABOLLUR 2 STK.**




**259** KR. 400 GR

KJARNASULTUR **JARÐARBERJA,**
**BLÁBERJA OG BLÖNDUÐ**




**398** KR. 14 STK.

BÓNUS 14. STK. NÝBAKAÐAR
**VATNSDEIGSBOLLUR**

# FYRIR BOLLUDAGINN FYRIR BOLLUDAGINN
## ÓDÝRT Í BÓNUS



**198** KR. 250 GR

EUROSHOPPER
**ÞEYTIRJÓMI**




**249** KR. 350 GR

KÖTLU 350 GR
**BOLLUMIX**




**259** KR. 400 ML

BÓNUS 400 ML
**RJÓMI**




**198** KR. 280 GR

BÓNUS **SÚKKULAÐI**
**BOLLUGLASSÚR**




100% GRÍSAHAKK

**798** KR. KG

FERSKT **GRÍSAHAKK**




100% KJÖT

10 STK. / 120 GRAMMA

**1598** KR. 10 STK.

FROSNIR
**NAUTABORGARAR**






**998** KR. KG

FERSKAR **GRÍSAKÓTILETTUR**




**798** KR. 620 GR

620 GR FROSIÐ
**100% NAUTAHAKK**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

# SPRENGIDAGS SALTKJÖTIÐ

## ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS




**998** KR.KG 1.FL

**SS BLANDAÐ SALTKJÖT I .FL**




**1798** KR.KG

**VALIÐ SS SALTKJÖT** FRAMHRYGGJASNEIÐAR




**1298** KR.KG

SALTAÐIR **SS LAMBALEGGIR**




**459** KR.KG

KJARNAFÆÐI 2 FL. **LAMBASALTKJÖT**

# SPRENGIDAGS SALTKJÖTIÐ

## ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS




**1298** KR.KG

GRÍSAVEISLU **BEIKON**




45% MINNA SALT

**998** KR. KG

ÍSLANDSLAMB **SALTSKERT LAMBASALTKJÖT**




**298** KR.KG

LAMBASALTKJÖT **SÍÐUBITAR**



**59** KR.KG

HOLLENSKUR **GULUR LAUKUR**



**129** KR.KG

**RAUÐAR KARTÖFLUR** Í LAUSU




**359** KR.KG

**ALI** SALTAÐIR **GRÍSASKANKAR**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | | | | 2 | | 8 |
| | | | | | 1 | | | |
| | | 4 | 2 | 8 | | | | 3 |
| | 7 | | 3 | 5 | | | | 6 |
| 5 | 6 | | 1 | | 4 | | 9 | 7 |
| 3 | | | | 9 | 7 | | 5 | |
| 2 | | | | 3 | 9 | 6 | | |
| | | | 7 | | | | | |
| 9 | | 6 | | | | | 4 | |

41

ÚRLAUSN Á SUDUKO GÁTU 41 ER Á BONUS.IS

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ummæli geta verið ótæk þó að þau brjóti ekki í bága við hegningarlög:

# Tjáningarfrelsi og ábyrgð kennara

Frelsi til skoðana og frelsi til að tjá þær teljast til grundvallarmannréttinda. Engu að síður búa milljónir og tugmilljónir manna við mikil höft á frelsi til skoðanatjáningar. Í fjölmörgum þjóðlöndum varðar við lög að tjá sig um ríkjandi stjórnvöld og/eða trúarbrögð og viðurlögin geta jafnvel verið dauðarefsing.

Íbúar vestrænna ríkja búa ekki við þessar aðstæður. Samt sem áður er brýnt að standa vörð um réttinn til að hafa skoðanir og mega tjá þær.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Undanfarna daga hefur nokkuð verið rætt um rétt Snorra Óskarssonar grunnskólakennara og trúarleiðtoga til að lýsa þeim skoðunum sínum að samkynhneigð teljist synd og að laun syndarinnar sé dauði.

Í fréttum RÚV á laugardag benti Brynjar Níelsson, formaður Lögmannafélagsins, á að erfitt væri að meta hvort Snorri hafi með skrifum sínum gerst brotlegur við hegningarlög. „Það er þannig, þó menn hafi stjórnarskrárvarinn rétt til að tjá skoðanir sínar, þá eru takmarkanir á því,“ sagði Brynjar og vísaði þar til þeirrar greinar almennra hegningarlaga þar sem segir að óheimilt sé að ráðast með einhvers konar smánun á hóp manna, til að mynda vegna kynhneigðar.

Brynjar benti einnig á að vinnusamningar fólks gætu heft tjáningarfrelsi þess. „Það er bara þannig þegar við ráðum okkur í störf að þá getur það verið heft samkvæmt einhverjum reglum í vinnusamningi eða reglum á vinnustað,“ segir Brynjar og bendir á að í þeim tilvikum að reglur vinnustaðar séu brotnar án þess að um lögbrot sé að ræða geti viðurlög verið áminning eða jafnvel brottvikning úr starfi.

Í máli Snorra er þetta auðvitað kjarninn. Óháð því hvort ummæli hans varða við hegningarlög eða ekki þá er um að ræða kennara grunnskólabarna á unglingastigi; börn sem eru einmitt á þeim aldri að vera að gera sér grein fyrir kynhneigð sinni.

Í nýrri greiningu Þórodds Bjarnasonar og Ársæls Más Arnarssonar, prófessora við Háskólann á Akureyri, kemur fram að um tvö prósent nemenda í tíunda bekk segjast hafa orðið skotin í félögum af sama kyni. Til viðbótar má ætla að einhver hluti nemenda Snorra eigi samkynhneigt foreldri, systkini eða aðra ástvini.

Í sömu rannsókn kemur fram að sjálfsvígshugleiðingar séu tólf sinnum líklegri meðal samkynhneigðra unglinga en annarra og ítrekaðar tilraunir til sjálfsvíga 25 sinnum líklegri ef unglingur er samkynhneigður en ef hann er það ekki.

Í frétt blaðsins af könnuninni segir Þóroddur að niðurstöðurnar sýni ótvírætt að margir íslenskir samkynhneigðir unglingar upplifi höfnun og andúð, ekki síst í skólasamfélaginu. „Það er augljóst að þau þurfa á miklum stuðningi og skilningi að halda og kennarar og skólayfirvöld bera afar mikla ábyrgð á því að rækta samfélag þar sem þessir unglingar eru jafnvelkomnir og aðrir,“ segir Þóroddur.

Þessum nemendum á ekki að bjóða upp á kennslu manna sem líta á kynhneigð þeirra sem dauðasynd.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Af hverju núna?

Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, upplýsti á þingi í gær að hann hefði ekki greitt atkvæði þegar Alþingi samþykkti lög varðandi gengislán árið 2010. Hann hefði ákveðið að vera fjarverandi þar sem hann væri með gengislán og því hefði engin ákvörðun jafn bein áhrif á heimilisrekstur hans og þessi. Guðmundur sagðist hafa höggvið eftir því að enginn fjölmiðill hefði skoðað þessa hagsmuni þingmanna þegar atkvæðagreiðslan fór fram. Þetta er ágætis ábending hjá Guðmundi, en eftir stendur spurningin af hverju Guðmundur upplýsti ekki um þetta á þeim tíma sem atkvæðagreiðslan fór fram. Þá hefði verið hægt að kalla inn varamann og þingið verið fullskipað.



### Upplýsa á um hagsmuni

Skrifstofa Alþingis á að „halda skrá, og birta opinberlega, um fjárhagslega hagsmuni alþingismanna“ líkt og segir í reglum um fjárhagslega hagsmuni alþingismanna. Upplýsingarnar koma frá þingmönnum sjálfum. Ef Guðmundur taldi sína fjárhagslegu hagsmuni svo ríka í þessu máli að hann gat ekki greitt atkvæði, hefði hann þá ekki átt að upplýsa um þá líkt og aðra? Og þá aðrir þingmenn einnig.



### Furðulegt foringjaræði

Lilja Mósesdóttir sagði á þingi í gær að atkvæðagreiðslan árið 2010 væri dæmi um foringjaræði og yfirgang.

Það er sérkennilegt í ljósi þess að hún greiddi margoft atkvæði með frumvarpinu í annarri umræðu þess. Hún var svo fjarverandi í þeirri þriðju. Ef málið var svona skelfilegt, hví greiddi hún þá ekki atkvæði gegn því frekar en með?

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




# Verðtrygging er ekki lögmál

Fjármál



Eygló Harðardóttir
alþingismaður

Þegar verðtryggingu var komið á var um neyðarráðstöfun að ræða sem tryggja átti sparifé, lánsfé og laun. Forsendur þessara aðgerða voru að verðbólga hafði verið langtum meiri hér en hjá öðrum þróuðum ríkjum og vextir voru ekki frjálsir, sem kom í veg fyrir að fjármálastofnanir gætu brugðist við verðbólgunni. Það leiddi nánast til hruns á lánsfjármörkuðum og samhliða óhóflegrar erlendrar skuldasöfnunar. Þessar forsendur eru ekki lengur til staðar. Vaxtafrelsi tryggir að fjármálastofnanir geta brugðist við verðbólgu, ofgnótt er af innlendu lánsfjármagni og verðbólga er ekki mikið meiri hér en í öðrum þróuðum ríkjum í sögulegu samhengi.

Af hverju má þá ekki losa neytendur undan oki verðtryggingarinnar?

Nokkrar af þeim leiðum sem nefndar hafa verið til að afnema hana af samningnum neytenda eru bann við verðtryggingu neytendalána, breyting á vísitölunni og þak á hækkun verðbóta á ársgrundvelli. Þessar tillögur hafa verið gagnrýndar með þeim rökum að afnám í skrefum eða hreint bann muni skerða eignarrétt kröfueigenda og fela í sér hugsanlega afturvirkni.

Frá því almenn verðtrygging var innleidd hafa allar þessar leiðir verið farnar með lagasetningu og taldar standast stjórnarskrána. Árið 1972 ógiltu stjórnvöld verðtryggingu húsnæðislána með því að setja 7,75% hámark á verðtryggingu og vexti nokkurra árganga lána. Árið 1983 var útreikningi vísitölunnar breytt og aftur 1989. Árið 1995 var samsett lánskjaravísitala afnumin og vísitala neysluverðs sett í hennar stað og eldri lán tengd henni. Með breytingunni á vísitölunni væri því bæði hægt að draga úr hækkun lánanna og nýta til leiðréttingar lána. Verðtrygging hefur verið afnumin að hluta og því ekkert því til fyrirstöðu að afnema verðtryggingu af neytendalánum.

Krafan um verðtryggingu varðar ekki verðgildi fjármuna heldur ávöxtunarkröfu fjármagnseigenda. Á síðustu fjórum árum hefur almenningur séð skuldir sínar hækka um tugi prósenta vegna verðbóta. Á sama tíma hefur verðmæti eigna og launatekjur staðið í stað eða lækkað.

Krafan um verðtryggingu er orðin krafa okrarans um pund af holdi.

Það er mál að linni.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* MENNING: Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Stattu upp!

Í DAG
Pawel Bartoszek
Stærðfræðingur



Með nýju ári óx þjónustusvæði Strætó til muna með samningum fyrirtækisins við Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi. Nú eru farnar um ellefu ferðir á dag til Selfoss, þrjár til Hvolsvallar og ein til Víkur í Mýrdal. Einu sinni í viku er svo farið alla leið til Hafnar í Hornafirði.

Þetta eru góð skref. En það er auðvitað dálítíð miður hvernig umræðan getur oft snúist almenningssamgöngum í óhag. Ef of fáir ferðast með strætó þá er það slæmt, því vagnarnir keyra tómir, en ef of margir gera það þá er það slæmt því þá eru þeir fullir. Og þá þurfa einhverjir að standa, sem er víst rosa hættulegt.

Venjulegur jepplingseigandi, sem byggir sínar hugmyndir um almenningssamgöngur á nokkrum rútuferðum í barnæsku og frásögnum ættingja í útlöndum, hefur líklegast gripið eftirfarandi setningabúta úr fréttum af strætó fyrstu mánuði þessa árs: „þurft að standa" „vísað frá" „löng bið í næsta vagn". Sem sagt: Þröngir, óáreiðanlegir og hættulegir strætisvagnar. Menn þurfa ekki að vita meira.

Samkvæmt upplýsingum frá Strætó ferðuðust 1.950 farþegar með leið 51 (sem fer frá Reykjavík til Selfoss og stundum lengra) á einni viku í janúar. Það er auðvitað alveg þokkalegur fjöldi í heildina en sé miðað að farnar eru um 140 ferðir á viku og hver rúta taki 50-70 manns í sæti þá er sætanýtingin gróflega áætluð á bilinu 20-30%. Miðað við þessar tölur þá má áætla, jafnvel ef gert er ráð fyrir að notkunin dreifist fremur ójafnt yfir daginn, að líkurnar á því að menn þurfi að standa séu afar litlar. Öfugt við það sem ráða mætti af umræðunni.

Ef það gerist kerfisbundið og ítrekað að sætin í sumum ferðum fyllast þá eiga farþegar að sjálfsögðu að láta í sér heyra og krefjast þess að ferðum og sætum verði fjölgað. Vonandi að nýtingin verði það góð að til þess þurfi að koma. En spurningin sem komið hefur upp í umræðunni að undanförnu er ekki sú hvort almennt eigi að gera ráð fyrir sætum fyrir alla í langferðum (um það eru væntanlega allir sammála) heldur hvað bílstjóri eigi að gera í þau örfáu skipti sem farþegar verða fleiri en sætin. Svo virðist sem Umferðarstofa telji að hann eigi að skilja farþegana eftir, en Strætó og sveitarfélögin vilja leyfa þeim að fara um borð. Ákvörðun þeirra síðarnefndu er rétt. Líka með tilliti til umferðaröryggis.

Það er margfalt öruggara að ferðast með rútu eða strætó en með einkabíl. Sé litið á fjölda þeirra sem létust í umferðarslysum í Evrópusambandinu árið 2010 þá var um helmingur þeirra í einkabíl. Farþegar í hópferðabílum voru undir 0,5%. Þetta eru ögn færri en þeir sem dóu við að stýra landbúnaðartækjum. Sé áhættan reiknuð út á hvern farþega og hvern ekinn kílómetra reiknast strætóar og rútur gjarnan tíu sinnum öruggari en einkabílar.

Ef einhverrar heildarhugsunar á að gæta í umferðaröryggismálum á auðvitað ekki að letja fólk frá því að nota þá samgöngumáta sem sannarlega eru öruggastir með því að gera þá óaðgengilegri eða óáreiðanlegri. Ef Akranesbúi sem er vanur að fara í vinnuna með strætó þarf í nokkur skipti að sitja eftir vegna þess að eitthvað skólaferðalag fyllir vagninn mun hann fljótt gefast upp. Þannig að fremur en að leyfa honum að standa í örfá skipti verður honum vísað í tífalt hættulegri farkost.

Nú kann að vera að öruggara sé að ferðast í rútu sitjandi en standandi, þó ég þekki ekki gögn sem sýna slíkt. En í ljósi þess að hópferðabílar eru margfalt öruggari ferðamáti en einkabílar þá eigum við ekki að leggja til skref sem munu gera þann ferðamáta verri. Já, verri. Það er margfalt verra að sitja eftir á stoppistöðinni en að þurfa einstöku sinnum að standa.

Fyrst einkabílar eru tíu sinnum hættulegri en strætóar mætti, með vísan til umferðaröryggis, alveg eins banna venjulegu fólki að keyra. Vonandi leggur enginn slíkt til. En þá á heldur ekki að hræða fólk frá því að nota margfalt öruggari ferðamáta. Eða banna hann. Í nafni umferðaröryggis.

# Réttur lánþega tryggður

Fjármál
Jóhanna Sigurðardóttir
forsætisráðherra



Eitt helsta viðfangsefni ríkisstjórnar og Alþingis allt frá hruni hefur verið að leita leiða til að verja heimili landsins fyrir þeim skelfilegu afleiðingum sem hrunið hafði í för með sér fyrir íslenskt efnahagslíf.

Vegna bágrar stöðu ríkissjóðs og lagalegrar óvissu hefur ríkisvaldið ekki átt hægt um vik í þessum efnum. Engu að síður er óhætt að fullyrða að aldrei fyrr hafa stjórnvöld staðið fyrir jafn umfangsmiklum og víðtækum aðgerðum til að koma til móts við skuldug heimili. Samtals hefur nú um 260 milljörðum króna verið létt af skuldugum heimilum, ekki síst vegna endurútreiknings gengisbundinna lána.

Með nýjum dómi Hæstaréttar er þeim lánþegum, sem tóku ólögleg gengisbundin lán fyrir hrun, tryggður enn frekari réttur til leiðréttinga en hingað til hefur legið fyrir. Því ber að fagna enda hefur dómurinn líklega í för með sér að skuldir heimila munu lækka um tugi milljarða króna til viðbótar og staða þeirra batna sem því nemur.

Breytingar á lögum um vexti og verðtryggingu vegna ólöglegra gengislána (Nr. 151/ 2010) voru ekki síst gerðar með það í huga að tryggja lánþegum í hvívetna þann rétt sem dómar Hæstaréttar gáfu leiðsögn um. Í þeim efnum hafa stjórnvöld gengið eins langt og þau hafa talið mögulegt, án þess að skapa ríkissjóði og þar með skattgreiðendum skaðabótaábyrgð.

Með lögunum var stigið mikilvægt skref til að tryggja rétt tugþúsunda heimila sem voru með gengisbundin lán í ýmsum formum og óvíst var hvort Hæstiréttur teldi lögmæt eða ólögmæt. Þar var einnig lögð til grundvallar hröð meðferð og jafnræði og á grundvelli þeirra hafa skuldir lánþega verið lækkaðar um vel á annað hundrað milljarða króna á mjög skömmum tíma. Mikilvægt er einnig að hafa í huga að alltaf lá skýrt fyrir og liggur í raun enn, að lög um þessi efni gátu aldrei og áttu aldrei að rýra rétt lánþega að neinu leyti.

Lögin byggðu á fyrri leiðsögn Hæstaréttar um að reikna ætti lægstu vexti Seðlabankans í stað hinna erlendu vaxta allt frá upphafi lántöku. Hin nýja leiðsögn dómsins nú er hins vegar sú að ekki sé heimilt að krefjast hærri vaxta vegna þess liðið er hafi vextirnir verið greiddir og fullnaðarkvittun liggi fyrir.

Um leið og ég fagna þeim aukna rétti og þeim bætta hag sem nýfallinn dómur Hæstaréttar færir þeim tugþúsundum heimila sem tekið höfðu ólögleg gengisbundin lán, kalla ég eftir samstöðu og yfirvegun allra við úrlausn málsins og álitaefna sem upp koma. Nú er mikilvægt að fjármálafyrirtækin og stjórnvöld sameinist um að leysa með sanngjörnum hætti úr málinu, til hagsbóta fyrir lánþega og heimili þessa lands.


# GRÆDDU Á GULLI Á GRAND HÓTELI



## AFTUR Á ÍSLANDI VEGNA MIKILS ÁHUGA!

**Boðið verður upp á verðmat á skartgripum. Engin skuldbinding til að selja.**

**AÐEINS ÞESSA ÞRJÁ DAGA:**
Föstudaginn **17. febrúar**, laugardaginn **18. febrúar** og sunnudaginn **19. febrúar** frá 11 til 18.

**Falinn fjársjóður?**
Líklega gerir þú þér ekki grein fyrir því að gömlu skartgripirnir sem þú ert hætt/hættur að nota geta hugsanlega verið mjög verðmætir og jafnvel tugþúsunda ef ekki hundruð þúsunda virði. Nú er tækifærið til að komast að því hvort það leynist fjársjóður í rykföllnum skartgripaskrínum enda safnanar á höttunum eftir ónotuðum gömlum skartgripum um þessar mundir.

Nú þegar verð á gömlu gulli er í sögulegu hámarki er um að gera að láta leggja faglegt mat á ónotaða skartgripi. Matið er ókeypis og því fylgir engin skuldbinding til að selja. Sé hins vegar vilji til þess verður gengið frá viðskiptunum með reiðufé á staðnum.

**Að hverju er verið að leita? Hvað ætti að taka með?**
Það er sama hversu stórir eða litlir munirnir eru. Hér eru nokkur dæmi um muni sem farandsalarnir gætu haft áhuga á:
- Gömlu gulli: skartgripum, sígarettuhulstrum úr gulli eða öðrum gullmunum.
- Demöntum yfir einu karati.
- Úrum og vasaúrum en þá frá virtum framleiðendum á borð við Rolex, Cartier, Patek Philippe, Vacheron, Universal, Breitiling, IWS og Omega.
- Skartgripum með gimsteinum, jafnvel þó þeir séu brotnir eða þó vanti steina.
- Gömlu silfri.

„Ég hef áralanga reynslu af því að meta og kaupa skartgripi og hef á þeim tíma séð fólk koma með hluti sem voru í þeirra augum lítils virði. Þeir hinir sömu hafa svo gengið út með umtalsverða peninga á milli handanna," segir Franks. Hann segir markaðinn fyrir herraúr aldrei hafa verið betri og að verð á gulli sé í sögulegu hámarki.

**Einkaviðtal við verðmat.**

**Vinsamlegast athugið að skilríkja er krafist við viðskipti.**

**Nánari upplýsingar á www.pandhjewellers.com**

# Hverahlíð bíði betri tíma


Orkumál



Sóley Tómasdóttir
borgarfulltrúi


Hugmyndir um sérstaka verkefnisfjármögnun á Hverahlíðarvirkjun eru nú ræddar í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og meðal eigenda hennar. Tillagan er frá KPMG sem var falið að finna lausn á stöðunni sem komin er upp af því Orkuveitan ræður ekki við að fjármagna virkjunina sem hún skuldbatt sig til skv. samningi við Norðurál frá desember 2008.

Hugmyndin er að stofnað verði sérstakt fyrirtæki um virkjunina í eigu lífeyrissjóðanna og Orkuveitunnar. Framlag Orkuveitunnar yrði eingöngu sá kostnaður sem hún hefur þegar lagt í verkefnið, u.þ.b. 4 milljarðar, en lífeyrissjóðirnir fjármagni þá 25 milljarða sem út af standa. Þannig yrði eignarhlutur Orkuveitunnar afar lítill í samanburði við hlut lífeyrissjóðanna.

**Fyrirvarar í samningi OR og Norðuráls**

Þótt raforkusölusamningurinn við Norðurál sé um margt slæmur og vinstri græn hafi greitt atkvæði gegn honum á sínum tíma inniheldur hann tvo mikilvæga fyrirvara. Annar lýtur að arðsemi verkefnisins og hinn að fjármögnun þess.

Um nokkurt skeið hafa verið viðræður milli Orkuveitunnar og Norðuráls um arðsemina þar sem Orkuveitan telur að hækka þurfi raforkuverðið eigi verkefnið að borga sig. Þær viðræður hafa enn ekki skilað árangri.

Hvað fjármögnun varðar er ljóst að efnahagur Orkuveitunnar þolir ekki 25 milljarða til viðbótar eftir það sem á undan er gengið. Auk þess hefur fjármögnun gengið illa, um tíma lá fyrir lánsloforð frá Evrópska fjárfestingarbankanum fyrir helmingi upphæðarinnar en það hefur verið dregið til baka vegna stöðunnar á evrópskum fjármálamörkuðum. Orkuveitan hefur því litla möguleika á að fjármagna verkefnið með hefðbundnum hætti.

**Fjöldi álitamála**

Fjárhagsstaða Orkuveitu Reykjavíkur er slæm. Borgarbúar hafa lánað fyrirtækinu milljarða sem vonandi duga ásamt miklum aðhaldsaðgerðum til að koma því á réttan kjöl. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að halda öllum fjárfestingum í lágmarki og ekkert má út af bregða. Samningurinn við Norðurál er því áhyggjuefni.

Og fleira kemur til. Orkuveitan hefur farið geyst í virkjun jarðhitans á Hellisheiði og hefur ekki enn getað leyst þau vandamál sem fylgdu í kjölfarið. Brennisteinsmengun á svæðinu er allt of mikil og niðurdæling gerir að verkum að svæðið leikur á reiðiskjálfi með reglulegu millibili. Ekki er ljóst hvernig fyrirtækið getur fargað brennisteinsvetni í samræmi við kröfur í reglugerð og ekki hefur fundist viðunandi lausn á niðurdælingu affallsvatns frá núverandi virkjunum. Á meðan þessi og fleiri úrlausnarefni eru enn til skoðunar er varla réttlætanlegt að ráðast í frekari virkjanir.

Þess utan er rétt að hafa í huga að Hverahlíðarvirkjun er ætlað að knýja álver í Helguvík sem ólíklegt er að af verði, jafnvel þótt Orkuveitan tæki hámarksáhættu til að uppfylla sinn hluta samningsins.

> Hvað fjármögnun varðar er ljóst að efnahagur Orkuveitunnar þolir ekki 25 milljarða til viðbótar eftir það sem á undan er gengið.

**Eðli lífeyrissjóða**

Orkuveita Reykjavíkur og verkefni hennar hafa til þessa verið alfarið í eigu íbúa í Reykjavík, Borgarnesi og á Akranesi og hugmyndum um aðkomu einkaaðila hefur blessunarlega verið hafnað. Skemmst er að minnast REI-málsins, þegar allir flokkar unnu í sameiningu að því að vinda ofan af kaupum einkaaðila á hlut í dótturfyrirtæki Orkuveitunnar sem sérhæfir sig í virkjunum erlendis.

Nú hafa lífeyrissjóðirnir verið kynntir til leiks sem meirihlutaeigendur í dótturfyrirtæki um Hverahlíðarvirkjun. Sumir vilja meina að lífeyrissjóðirnir séu ígildi hins opinbera enda séu þeir í eigu almennings en ekki fárra hluthafa. Því er þó ekki alveg svo farið.

Lífeyrissjóðirnir bera ekki jafn víðtækar skyldur gagnvart umbjóðendum sínum og sveitarstjórnir, enda er hlutverk þeirra fyrst og fremst að ávaxta fé eigendanna. Sveitarstjórnir bera aftur á móti ríkar skyldur gagnvart umhverfi og náttúru og samfélagssjónarmiðum til lengri tíma. Rekstur þeirra á orku- og veitufyrirtækjum ætti því fyrst og fremst að miðast við þarfir íbúanna og þar ættu umhverfis- og samfélagssjónarmið að vera í hávegum.

Verði hugmyndir KPMG um verkefnafjármögnun að veruleika skapast líkur á hagsmunaárekstrum. Ekki er víst að lífeyrissjóðirnir væru tilbúnir í dýrar lausnir á brennisteinsmengun eða niðurdælingu til að tryggja heilnæmara andrúmsloft og betri lífsskilyrði á svæðinu. Sú hætta væri líka fyrir hendi að lífeyrissjóðirnir vildu selja hlut sinn öðrum, ef færi gæfist og mögulega aðilum sem hefðu enn ríkari áherslu á arðsemi.

**Hvað er til ráða?**

Við ríkjandi aðstæður með yfirspenntan efnahagsreikning og stór og aðkallandi verkefni á sviði umhverfismála væri best að staldra við og hugsa. Vakna upp af stóriðjudraumnum og líta til fjárhagslegra, umhverfislegra og samfélagslegra hagsmuna komandi kynslóða.

Samningurinn við Norðurál er vissulega fyrir hendi, en hann inniheldur áðurnefnda fyrirvara sem lúta bæði að arðsemi og fjármögnun. Jafnvel þótt mögulegt væri að ná lendingu varðandi raforkuverðið og þar með arðsemina er ómögulegt fyrir Orkuveituna að fjármagna verkefnið. Verkefnisfjármögnun nýs félags myndi kalla á nýjan samning milli hins nýja fyrirtækis og Norðuráls með ýmiskonar álitamálum sem þyrftu að skoðast og ekki er víst að lending næðist í.

Nú er lag að rifta samningnum við Norðurál, láta reyna á fjármögnunarfyrirvarann og láta Hverahlíð bíða um sinn. Einbeitum okkur að þeim brýnu úrlausnarefnum sem bíða og lúta að umhverfi og lífsskilyrðum á svæðinu og skiljum virkjanatækifærin eftir þar til hægt er að standa sómasamlega að þeim.






# Orkan er takmörkuð auðlind


Orkumál



Mörður Árnason
alþingismaður


Orka frá vatnsafls- og jarðvarmavirkjunum er takmörkuð auðlind. Við byrjuðum stórvirkjanir á Íslandi fyrir hálfri öld tæpri – Búrfellsvirkjun 1966-69 – og erum nú þegar búin með meira en helminginn af þeirri orku sem sýnist nýtanleg. Við mótun orkustefnu þarf þess vegna að fara afar varlega og hugsa hvert skref, okkur sjálfum og afkomendum okkar til heilla.

Í nýlegri skýrslu um orkustefnuna kemur þetta vel fram (bls. 11) og vísað í tölur frá verkefnishópnum um rammaáætlun. Orka úr virkjunum í gangi eða í byggingu nemur 18,2 teravattstundum (TWst). Orka úr virkjunarkostum sem lagt er til að fari í orkunýtingarflokk nemur alls heldur ekki nema 11,9 TWst. Það eru um tvær og hálf Kárahnjúkavirkjun. Í biðflokki eru kostir sem gætu gefið 9,1 TWst.

Hér er við að bæta að af margvíslegum ástæðum er ekki er víst að allir kostir í orkunýtingarflokki verði að virkjun. Þá er ljóst að verulegur hluti biðkostanna fer að lokum í vernd. Því er fráleitt að leggja þetta saman. Orkustefnunefndin reynir að setja fram gróft mat, tekur helming orku úr biðkostunum, og fær þá út að nýtanleg orka sem eftir er geti verið um 16,5 TWst. Þetta eru samtals sirka hálf fjórða Kárahnjúkavirkjun.

Þessi orka er takmörkuð auðlind. Það þýðir meðal annars að við verðum í framtíðinni að einbeita okkur að miklu betri nýtingu þeirra virkjana sem fyrir hendi eru, jarðvarmans sem við nánast rányrkjum eins og nú er, og nýtum aðeins lítinn hluta af þeirri orku sem hægt væri, en líka margra vatnsaflsvirkjananna. Sem betur fer er það starf hafið hjá Landsvirkjun og víðar.

Við þurfum líka að fá miklu hærra verð fyrir þau 80% orkunnar sem nú eru seld til stóriðjunnar. Við eigum að hætta allri útsölu á rafmagni frá Íslandi, stöðva þá skítnýtingu sem nú er stunduð á íslenskum auðlindum. Í því sambandi þurfum við líka að gæta að kaupendunum, stuðla að fjölbreytni í atvinnulífi sem byggist á orkunni, sjá til þess að þar verði hálaunavinna fyrir velmenntuð börn okkar og barnabörn.

Svo eigum við að fara okkur hægt. Enga panikk. Ekki flýta sér við þá orkukosti sem nú teljast vera eftir. Áttum okkur á því að við erum búin með léttu virkjanirnar, þær sem voru ódýrastar og tæknilega auðveldastar. Og munum að til margra þeirra virkjana var stofnað án nokkurrar umhugsunar um auðæfi náttúrunnar, tillits til umhverfissjónarmiða eða möguleika annarra atvinnugreina. Þeir kostir sem eftir eru, þeir eru flestir dýrir, erfiðir, umdeildir.

> Við þurfum líka að fá miklu hærra verð fyrir þau 80% orkunnar sem nú eru seld til stóriðjunnar. Við eigum að hætta allri útsölu á rafmagni frá Íslandi, stöðva þá skítnýtingu sem nú er stunduð á íslenskum auðlindum.

Ekki síst verðum við að viðurkenna þá skyldu okkar að hætta „hernaðinum gegn landinu“ sem Halldór Laxness skrifaði um fræga grein í árslok 1970, og átti verulegan þátt í náttúruverndarhreyfingu nútímans. Nú er að skapast forsendur nýrra tíma í þessum efnum, með orkustefnunni, rammaáætluninni, drögum að samkomulagi um eignarhald og eigendastefnu, nýhugsun í sumum orkufyrirtækjanna um orkuverð og viðskiptavini, tillögum um grænt hagkerfi og aukinni virðingu meðal almennings fyrir landinu fagra sem okkur var falið í hendur til að skila næstu kynslóðum.



**Atvinnutorg fyrir unga atvinnuleitendur** á aldrinum 16 til 25 ára verður opnað í dag. Þar fær ungt fólk í atvinnuleit aðstoð óháð rétti til atvinnuleysisbóta. Atvinnutorgið er í Kringlunni 1 en ungmenni munu fá tilvísun til Atvinnutorgsins í gegnum virkniráðgjafa þjónustumiðstöðvanna og ráðgjafa Vinnumálastofnunar. Nánar á rvk.is



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Brynja Dan Gunnarsdóttir brynjadan@365.is 512 5465 Snorri Snorrason snorris@365.is 512 5457


Nú gerum við okkur glaðan dag
FUNHEITIR VETRARDAGAR
Þú velur 2 aðalrétti af 14 á matseðli og greiðir eingöngu 2.500 fyrir báða réttina
2 FYRIR 2500
Sticky Wings 12 stk. kjúklingavængir
Fiskur og franskar
Gringo kjúklingavefja
Grillhúss Rock Rolls
Sesar salat
Sesar salat með kjúkling
Route 66
Grillhússborgarinn
Alvöru ostborgari
Tex-Mex hamborgari
West Side Story borgari
Blue Moon borgari
Classic Rock borgari
Rock'n roll svínarif ½ skammtur

GRRRillandi gott í allan vetur
Grillhúsið
Grillhúsið Tryggvagötu og Sprengisandi, sími: 5275000, www.grillhusid.is


**Lovísa Oktovía Eyvindsdóttir hefur nýlokið sínum fyrst túr á togara þar sem hún gegndi starfi messa.**

# Ein með 29 sísvöngum sjómönnum



MYND/HEIÐA.IS

Lovísa Oktovía Eyvindsdóttir er nýkomin heim úr sínum fyrsta túr á togara sem stóð í 35 daga. Þar gegndi hún starfi messa og aðstoðaði kokkinn Magnús Sævarsson í eldhúsinu. Hún var eina konan um borð en hafði félagsskap 29 karla. „Þeir voru hressir og spjölluðu heilmikið,“ segir Lovísa sem er enn að venjast því að vera með fæturna á jörðinni eftir að hafa vaggað um Atlantshafið dögum og vikum saman. Lovísa sigldi á Kristínu EA 410 sem er stærsta skip íslenska fiskiskipaflotans. „Tengdafaðir minn er í afleysingum á Kristínu og bauð mér með þegar ég forvitnaðist um pláss,“ segir Lovísa sem hefur áður unnið í frystihúsi í Þórshöfn og því ekki alls ókunnug sjónum.

En hvernig gekk? „Þetta gekk bara mjög vel. Ég var sjóveik fyrsta sólarhringinn en eftir það var ég nokkuð góð. Dagarnir voru samt miserfiðir og í mikilli brælu var ekkert sérstaklega auðvelt að sinna daglegum störfum eins og að þrífa.“

Lovísa aðstoðaði Magnús við að útbúa morgunmat, hádegismat og kvöldmat og sá til þess að til væri smurt brauð og ávextir í kaffistofunni. Um morgunmatinn á nóttunni sá hún hins vegar ein síns liðs. „Hann var borinn fram um klukkan fjögur þegar voru vaktaskipti og þá var ég oftast með eitthvað klassískt eins og hafragraut og skyr. Þó kom fyrir að ég væri með kjötsúpu og stundum bakaði ég banana- og kryddbrauð. Mér fannst hins vegar langþægilegast að gera nóg af bústi og fór það vel ofan í mannskapinn enda gott að fá eitthvað ferskt til að hressa sig við svona snemma dags. Vinsælasta blandan var úr vanilluskyri, banana og frosnum ávöxtum en auk þess skellti ég stundum hafra- eða kókosmjöli út í til að auka næringargildið og búa til meiri fyllingu. Mitt hlutverk var þó fyrst og fremst að aðstoða Magnús sem var frábær og kenndi mér margt,“ segir Lovísa.

Hún segir einangrunina á sjónum hafa vanist vel og þakkar RÚV fyrir góða sjónvarpsdagskrá í janúar. „Við lönduðum fjórum sinnum í Neskaupstað á tímabilinu og var vissulega ánægjulegt að ná smá símasambandi og geta kíkt á Facebook endrum og sinnum.“ Lovísa er nú í kærkomnu fríi en hefur fengið pláss á Kristínu í sumar. Hún segir jafnvel koma til greina að leggja sjómennskuna fyrir sig. „Já, ég hefði ekkert á móti því.“ Hún mælir með því að sem flestir prófi að fara á sjó. „Ég er að minnsta kosti alveg hætt að vera hissa á háum launum sjómanna. Þetta er hörkuvinna allan sólarhringinn enda voru allir glaðir í rútunni heim frá Eskifirði og fegnir að vera komnir í frí.“

*vera@frettabladid.is*



Búst fór vel ofan í mannskapinn.


Heilsuréttir Nings

Freyja Sigurðardóttir hugsar vel um strákana sína, enda vel að sér um næringu og heilsu. Freyja er margfaldur Fitnessmeistari og einkaþjálfari, hún velur heilsurétti Nings.
Heilsuréttirnir okkar eru sérstaklega hollir og góðir, fullir af fersku grænmeti, nær fitulausir og án salts og sykurs. Þeir innihalda mikið af trefjum, hæfilegt magn próteina og góð kolvetni. Heilsuréttirnir eru kryddaðir með ferskum engifer, hvítlauk og chilli.
NINGS
Suðurlandsbraut 6
Stórhöfða 17
Hlíðasmára 12
Sími 588 9899
www.nings.is
TRANS FITA
MSG




**Árleg jeppasýning** Toyota verður haldin hjá Toyota í Kópavogi á morgun frá klukkan 12 til 16. Land Cruiser 150 og Hilux verða mest áberandi. Á sýningunni gefst fólki gott tækifæri til að sjá jeppa sem breytt er til fjölbreyttra nota í alhliða ferðamennsku.


Barnadagar
föstudag & laugardag
25% afsláttur af öllum barnavörum
Skoppa og Skrítla
skemmta börnunum
á morgun kl 13.30
allir krakkar fá rúmföt
fyrir bangsann sinn
meðan birgðir endast



Lín DESIGN
Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is




Geðveiki og dægurlög. Jóhanna Þórhallsdóttir söngkona og Óttar Guðmundsson geðlæknir standa fyrir dagskrá í Iðnó á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Þekkjum allar einhvern Sigga

**Geðveiki og dægurlög nefnist nýstárleg skemmtidagskrá í umsjón Óttars Guðmundssonar og Jóhönnu Þórhallsdóttur í Iðnó á morgun.**

Við ætlum að taka þekkt dægurlög og skoða þau með augum geðlæknisins," segir Jóhanna Þórhallsdóttir söngkona sem ásamt Óttari Guðmundssyni geðlækni stendur fyrir dagskrá í Iðnó klukkan 17 á morgun. Yfirskrift dagskrárinnar er Geðveiki og dægurlög.

„Óttar ætlar að skoða persónurnar sem sungið er um og greina hvað hrjáir þær. Ég og hljómsveitin gefum svo hljóðdæmi sem undirstrika orð hans," segir Jóhanna. En hvaða fólk er þetta sem augu þeirra beinast að? „Uppáhaldið mitt er hún Lilla Jóns," segir Jóhanna. „Hún er dálítið spes týpa. Svo er Sigurður sjómaður þarna, sá narsissisti. Hann er dálítið dæmigerður. Við þekkjum allar einhvern Sigga. Simbi sjómaður kemur líka við sögu, Barnið á kránni, eða faðir þess öllu heldur, og fleiri og fleiri. Nokkrir textarnir fjalla um ávana- og fíkniefni og áhrif þeirra á líf persónanna og svo eru alls konar geðdeildarkandidatar inn á milli. Það er farið víða og ekki allt jafn hátíðlegt, enda er þetta meira hugsað sem skemmtiatriði en alvarleg úttekt."

Hljómsveitin Músíkmafían sem leikur undir hjá Jóhönnu er skipuð þeim Aðalheiði Þorsteinsdóttur píanóleikara, Gunnari Hrafnssyni bassaleikara og Kjartani Guðnasyni trommuleikara. *- fsb*


Konudagurinn er á sunnudaginn



Blóm gera kraftaverk
íslensk blóm


## Gunnhildur Halla í Norræna húsinu

**Gunnhildur Halla Guðmundsdóttir sellóleikari spilar færeysk verk fyrir einleiksselló sunnudaginn 19. febrúar klukkan 15.15 í Norræna húsinu.**

Verkin sem Gunnhildur ætlar að flytja eru flest skrifuð fyrir eða tileinkuð henni. Þessi verk urðu til á árunum 1991-2002 og hafa bæði nýstárlegt og heillandi tónmál. Tónskáldin sem um er að ræða eru eftir Sunleif Rasmussen, Edvard Nyholm Debass og Kristian Blak. Allt eru þetta leiðandi tónskáld og listamenn í færeysku menningarlífi.



Gunnhildur Halla Guðmundsdóttir sellóleikari spilar færeysk verk fyrir einleiksselló í Norræna húsinu á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tónleikarnir sem bera yfirskriftina Gunnhildur í Færeyjum tilheyra tónleikaröðinni 15:15 sem vakið hefur verðskuldaða athygli fyrir fjölbreytta og skemmtilega efnisskrá með mörgum ólíkum flytjendum.

Miðaverð á tónleikana er 2.000 krónur og 1.000 krónur fyrir öryrkja, eldri borgara og nemendur.

Sjö litlir grísir gleðja nú augu gesta í Húsdýragarðinum. Þeir fæddust 7. febrúar og eru undan Gilitrutt. Þar sem ekki hefur tekist að hafa þá á spena fá þeir þurrmjólk að drekka úr pela reglulega allan sólarhringinn.



www.mu.is

17. FEBRÚAR 2012

# Lífið

STJÖRNUSMINKA GERIR ÞAÐ GOTT Í DUBAI

FLOTTAR FYRIRMYNDIR YFIR FERTUGU

SJÓNVARPSKOKKUR OG NÝBÖKUÐ MAMMA



## LÖMUÐ FYRIR NEÐAN BRJÓST

Á LEIÐINNI Í MARAÞON

## GOTT AÐ VERA VITUR EFTIR Á

SIGRÍÐUR MARGRÉT ODDSDÓTTIR FORSTJÓRI JÁ SPURÐ UM FJÖLMIÐLAFÁRIÐ Í KRINGUM GILLZ OG SÍMASKRÁNA

## HVERJIR VORU HVAR?



**Linda Pétursdóttir** gæddi sér á sushiréttum á Osushi í Borgartúni með skoska leikaranum og kærastanum Tav MacDougall á dögunum en þar sást einnig til grínarans Péturs Jóhanns Sigfússonar og unnustu hans sem höfðu barnungan son sinn með.



Nýi veitingarstaðurinn Sushi Zamba, sem hefur fengið verðskuldaða athygli, var prýddur föngulegu fólki á laugardagskvöld en þar var **Nína Dögg** ljósmyndari sem búsett er í Lúxemborg ásamt Ragnheiði Guðfinnu Guðnadóttur og fleiri flottum konum.



Skódrottningin glæsilega **Marín Manda** var í góðra vina hópi á B5 þar sem dansinn dunaði fram á nótt.

Lífið

Útgáfufélag 365 miðlar ehf.
Umsjón Ellý Ármanns elly@365.is og Kolbrún Pálína Helgadóttir kolbrunp@365.is
Forsíðumynd Valgarður Gíslason
Stílisti og förðun: Karl Berndsen
Útlitshönnun Arnór Bogason
Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is
Lífið Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
www.visir.is/lifid




# GERIR ÞAÐ GOTT Í DUBAI



**Elín Reynisdóttir, förðunarmeistari fræga fólksins, flutti ásamt manni og börnum til Dubai fyrir tveimur árum. Hún segir fjölskyldutengslin hafa styrkst við flutningana svo ekki sé minnst á tækifærin þegar kemur að starfinu.**

Fyrirsætan og Elín förðunarmeistari.

**ELÍN REYNISDÓTTIR**
ALDUR: **43 ára**
MAKI: **Már Ormarsson flugumferðarstjóri**
BÖRN: **Oliver 16 ára, Kolbrún María, 11 ára**
ÁHUGAMÁL: **Ferðalög,íþróttir,förðun,músík og matur**

**Af hverju fluttuð þið til Dubai?** Þegar við fluttum hingað út þá var það ekkert endilega út af kreppu eða neitt við höfðum nóg að gera á Íslandi. Við bara ákváðum að prófa eitthvað nýtt og skemmtilegt og breyta til.

Mér finnst Ísland besta land í heimi en ég hef einhvern veginn alltaf þurft að taka frí frá Íslandi í gegnum tíðina.

**Viltu lýsa fyrir okkur þínu nánasta umhverfi?** Við búum á besta stað í Dubai mitt á milli tveggja golfvalla, Emirates golfclub og Montgomery golfclub. Ég er 10 mínútur að keyra niður á strönd og 10 til 20 mínútur í allt það helsta. Dubai er ekkert svo stór borg þannig að það eru rétt um tvær milljónir sem búa hér. Hverfið okkar er algjör draumur með mörgum sundlaugum og tennisvöllum.

**Hvernig hefur þér og fjölskyldunni gengið að aðlagast?** Fyrsta árið hérna fór bara í að átta sig á þessu öllu saman, koma krökkunum í skólann og gerast góð húsmóðir. Ég spáði ekki einu sinni í að reyna að fá mér vinnu. Mér fannst æðislegt að fá að vera húsmóðir í rólegheitum ekkert stress bara baka og elda, bara labba í sund, lesa bækur og kynnast nýju fólki í góða veðrinu. Svo erum við öll byrjuð að æfa tennis sem er alveg frábært. Mér fannst ég bara fá að kynnast fjölskyldunni minni betur eftir að við fluttum. Við erum miklu meira saman núna en áður.

**Eru börnin sátt?** Krakkarnir hafa fengið rosalega mikið út úr því að búa hér. Kolbrún dóttir mín les og skrifar arabísku og tekur þetta allt með trompi. Sonur minn Oliver er ánægður en hann langar svolítið til að prófa menntó heima á Íslandi, þannig að kannski flytur hann heim á undan okkur og verður hjá mömmu minni.

Við vitum ekkert hvenær við komum heim aftur, okkur líður rosalega vel hérna.

**Þú fékkst gott atvinnutækifæri sem förðunarmeistari – viltu segja okkur frá því?** Eftir þetta ár í kósíheitum þá var mig farið að langa til að vinna smá og ég var svo heppin að það kom íslenskur tökumaður, Óttar Guðnason, hingað að vinna í auglýsingu og hann bauð mér á settið og kynnti mig fyrir fólki í bransanum hérna sem sendi mig beint í viðtal hjá umboðsskrifstofu og það gekk mjög vel. Ég fékk strax vinnu í auglýsingu fyrir eitt stærsta símafyrirtæki í Saudi sem heitir Mobily. Síðan eftir það þá streyma tilboðin inn og ég var að klára risastóra þriggja mínútna auglýsingu fyrir Burj Al Arab, sem er 7 stjörnu hótel, kallað seglið. Við tókum auglýsinguna upp á hótelinu og fyrir utan á ströndinni í þrjá daga. Fyrirtækið sem gerði auglýsinguna heitir Filmworksdubai.com en það gerði meðal annars kvikmyndina Mission Impossible og fleiri bíómyndir.

**Ertu sátt þarna úti og langar þig ekki heim til Íslands?** Ég er ekkert smá ánægð með þetta allt saman hvað það gengur vel. Það sem er svo frábært við að búa hérna er að það er svo mikið af fólki frá öllum heiminum hérna að gera það sama og við. Og að fá að prófa eitthvað nýtt og fá ný tækifæri í lífinu. Nágrannar mínir hérna í götunni eru til að mynda frá Englandi, Danmörku, Svíþjóð, Póllandi, Skotlandi, Rúmeníu, Suður-Afríku og Líbanon.

Það sem ég sakna mest frá Íslandi er fjölskyldan og vinirnir og stundum rokið og rigningin líka. En ég finn samt ekkert eins mikið fyrir því að ég bý í útlöndum einhvern veginn eins og áður þegar ég bjó erlendis. Ég nota Skype-samskiptaforritið og Facebook þannig að ég missi ekki af neinu.

**Kemur þú heim á klakann á næstunni?** Já, ég kem heim til Íslands yfir sumartímann í júní, júlí og ágúst sem er algjör lúxus í mínum huga.





Fyrirsætan sem Elín farðaði fyrir auglýsingu sjö stjörnu hótels í Dubai.



Elín, Már og börnin þeirra, Kolbrún og Oliver, á leið í mosku.




Húðin þín er ekki endilega á sama aldri og þú

# Hægðu á öldrun húðarinnar með réttu aðferðinni og vertu ungleg lengur

Vísindamenn Sothys hafa þróað fullkomna línu til að hægja á og vinna gegn öldrun húðarinnar.
Sothys fylgir hugmyndafræði sem felur í sér greiningu á húðinni til að meta raunverulegan aldur hennar, svokallað „aldursstig".

**Tilboðið gildir 17. feb. - 3. mars. eða á meðan birgðir endast í verslunum Lyfju**

**Nýtt á Íslandi**

Sérfræðingur frá Sothys verður í verslunum með splunkunýtt, hátækni **„Skin Analizer"** húðgreiningatæki, þar sem viðskiptarvinir geta fengið fría húðgreiningu.
Tækið greinir mjög nákvæmlega ástand húðarinnar þ.e. raka- og fitustig, litabletti, viðkvæmni, stinnleika og línur.
**Komdu og láttu okkur greina húðina þína.**

| | | |
|---|---|---|
| **Lyfja Lágmúla** | föstud. 17. febr. | Kl. 14-18 |
| **Lyfja Smáratorg** | miðvikud. 22. feb. | Kl. 14-18 |
| **Lyfja Smáralind** | fimmtud. 23. feb. | Kl. 14-18 |
| **Lyfja Keflavík** | föstud. 24. febr. | Kl. 14-18 |
| **Lyfja Laugavegi** | laugard. 3. mars. | Kl. 13-17 |

SOTHYS
PARIS

*Sættu þig aðeins við það besta!*

*Sothys Collagene hyaluronique™ línan er þróuð til að vinna gegn öldrun húðarinnar og er sú fyrsta sem beinist að „raunverulegum aldri" húðarinnar með markvissum hætti*

LYFJA
- Lifið heil

Á sama stalli



» Hönnun Iittala virðist oft einföld á yfirborðinu en reynist margslungin við nánari athugun. Essence glösin eftir Alfredo Häberli eru gott dæmi um þetta: Fallega úthugsuð og einföld en um leið svo unaðslega þægileg. Glösin hafa öll jafn stóran stall, sem gefur línunni einstakt samræmi og stöðugleika. Essence glösin draga fram það besta í fari vínsins.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán-fös 10-18, lau 11-17 | www.kokka.is kokka@kokka.is


# MIKIL BREYTING AÐ EIGNAST BARN

**Líf sjónvarpskokksins Hrefnu Rósu Sætran gjörbreyttist fyrir fimm mánuðum þegar hún eignaðist son. Á milli þess sem hún sinnir móðurhlutverkinu, stjórnar matreiðsluþætti, rekur veitingahús og skrifar matreiðslubók, nýtur hún tilverunnar í botn.**

**HREFNA RÓS SÆTRAN**
**STARF:** Matreiðslumaður og veitingahúsaeigandi.
**ALDUR:** 31 árs.
**HJÚSKAPARSTAÐA:** Í sambúð með Birni Árnasyni ljósmyndara í 3 ár.
**UPPÁHALDSMATUR:** Létt eldaður lax með smjöri og Himalayasalti.




Hrefna Rósa, Björn og sonur þeirra Bertram Skuggi sem er athugull pælari.

**Hvernig gengur þér að sinna fjölskyldunni, stjórna matreiðsluþætti og reka veitingahús?** Það er frekar mikið að gera hjá mér á öllum vígstöðvum en sem betur fer á ég frábæran kærasta, duglega vinnufjölskyldu og góða að. Það fer mikill tími í að gera sjónvarpsþáttinn og svo er ég líka að skrifa kokkabók fyrir Hagkaup. Það er mjög mikil breyting að eignast barn og lífið verður allt öðruvísi á góðan hátt. Núna er Bertram Skuggi fimm mánaða og við erum búin að ná góðu jafnvægi á hlutunum. Mér fannst ekkert smá fyndið þegar við vorum að borða kvöldmat heima hérna um daginn og allt í einu vorum við þrjú við borðið. Ég var eiginlega ekki búin að átta mig á því fyrr en þarna á þessari stundu.

**Hvernig líkar þér móðurhlutverkið?** Ég hef ekki mikið verið í kringum lítil börn áður svo ég er að læra þetta alveg frá grunni. Mér finnst móðurhlutverið gott hlutverk og ég ætla standa mig eins vel og ég get í því. Bertram er að minnsta kosti alltaf að hlæja að mér núna svo loksins er kannski einhver kominn sem hlær að aulahúmornum mínum. Ég held það séu bara kostir við það að verða foreldri. Ég hef til dæmis lært að njóta litlu hlutanna í kringum mig eins og að fara í langa sturtu.

**Hvernig karakter er Bertram?** Hann er mjög athugull og er alltaf að pæla mikið í öllu. Hann er mikil félagsvera eins og foreldrarnir og vill alltaf vera með okkur. Hann er byrjaður að snúa sér af maganum yfir á bakið og svo var hann að læra að naga iPhone. Svo sér maður alveg hvað honum finnst skemmtilegt í sjónvarpinu. Honum líkar við Food Network og Mr. Bean teiknimyndaþáttinn á Cartoon Network.

**Er Björn duglegur að taka þátt í uppeldinu?** Bjössi er ótrúlega duglegur pabbi. Hann var eiginlega spenntari fyrir komu Bertrams en ég og fór með mér í allar læknisskoðanirnar og allt sem meðgöngunni við kom. Hann sýndi mér mikinn stuðning á meðgöngunni. Honum fannst ég reyndar vinna of lengi en ég var að elda þar til á síðasta degi. Svo þegar ég ætlaði að fara að slaka á þá fæddi ég í 38. viku. Bjössi er líka örugglega einn af fáum pöbbum sem hefur farið einn í heimsókn til ljósmóður. Þá var ég föst á fundi í vinnunni og komst alls ekki frá.

**Ætlið þið að eiga fleiri börn?** Ég veit það ekki. Sjálf er ég einkabarn og finnst það fínt en ég ætla hvorki að útiloka né alhæfa neitt.

## NÝTT PAR

Kvennagullið og blaðamaðurinn **Þórarinn Þórarinsson** og ljósmyndarinn **Alma Geirdal** eru nýtt kærustupar. Þau opinberuðu sambandið á Facebook í síðustu viku. Alma gaf í fyrra út bókina 24 tímar í Búlimíu og steig fram í sviðsljósið sem uppistandari en hún er einstaklega orðheppin eins og kærastinn. Hún lýsti sjálfri sér með þessum orðum: „Ég er dvergvaxin, verð ekki brún og hef aldrei náð langt í neinu."





**ALMA GEIRDAL**
Rósmarín hvítlaukslamb í kotinu í kveld & gourmet meðlæti með. Ekkert slor handa Þórarni Þórarinssyni mínum :)




allt fyrir kroppinn
HREYSTI
í 24 ár
1988-2012

**Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar**

## 20 mínútur með Slendertone belti jafngildir 120 uppsetum

## Nýtt og enn öflugra

**System +** fyrir dömur og herra

**kr. 29.995,-** ▶




System+ dömupakki - belti + buxur verð kr. 39.995 -

KORTER - Ljósm. Jón Páll Vilhelmsson

## Náðu enn meiri árangri

með meiri brennslu




THERMOBOL
Vinsælasta fitubrennsluefnið okkar er örugg og nattúruleg samsetning af m.a. L-carnitine, grænu te og B-vítamínblöndu og er núna komið án koffíns. 90 hylki
kr. 6.995
Tilboð 2 stk. kr. 9.990

PROMAX DIET
Fyrsti næringardrykkurinn sem inniheldur brennsluefni til að styðja fitulosun og þyngdarstjórnun. 1,2 kg
kr. 7.995
Tilboð 2 stk. kr. 14.990

**PROMAX DIET + THERMOBOL kr. 9.995**

allt fyrir kroppinn
**HREYSTI**
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

SKEIFAN 19 108 REYKJAVÍK SÍMI 568 1717 WWW.HREYSTI.IS OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 10-18 - LAUGARD. 11 - 15

MYNDIR/VALLI



„Ég áttaði mig fljótlega á því að hæfileikar mínir og styrkleikar liggja á viðskiptasviðinu og ég hef gaman af samskiptum við annað fólk. Það má því segja að ég sé í draumastarfinu mínu núna.“




# GOTT AÐ VERA VITUR EFTIR Á

**Sigríður Margrét Oddsdóttir var óþolandi metnaðarfullur nemandi sem ætlaði sér alla tíð stóra hluti. Hún hefur gaman að því að vinna og er í dag forstjóri Já. Fyrirtækið hefur verið mikið í umræðunni undanfarið eftir að það hlaut viðurkenningu FKA og tók þá ákvörðun um að prenta límmiða til að líma yfir Egil „Gillz“ Einarsson. Sigríður ræddi málin við Lífið.**

**ALDUR:** 35 ára
**STARF:** Forstjóri Já
**MENNTUN:** B.Sc. í Viðskiptafræði frá Háskólanum á Akureyri
**MAKI :** Rúnar Pálsson
**BÖRN:** Einar Oddur Páll og Elmar Fossberg Rúnarssynir

**Þú ert prestsdóttir, alin upp úti á landi. Hvernig upplifun var það og hvernig voru uppvaxtarárin?** Ég fæddist í Reykjavík og er elst fjögurra systkina, ég flutti fimm ára gömul til Skagastrandar þar sem faðir minn starfaði sem prestur (þessi hávaxni ljóshærði með yfirvaraskeggið sem hélt messuna á útisviðinu í Kúrekar norðursins). Hallbjörn Hjartarson var meðhjálpari í kirkjunni og árin á Skagaströnd eru mér ógleymanleg.

Þegar ég var tíu ára flutti fjölskyldan svo til Njarðvíkur, þar tóku þrjár yndislegar stelpur mér fagnandi sem eru mínar bestu vinkonur enn í dag.

Í Njarðvík lærði ég á fiðlu og sökkti mér í námið, var þessi óþolandi samviskusami nemandi sem þurfti endilega að minna kennarann á það ef hann gleymdi að hann hefði ætlað að halda próf. Tíminn leið ótrúlega hratt og ég var komin í framhaldsskóla ári á undan áætlun, valdi Verzlunarskóla Íslands og sé svo sannarlega ekki eftir því.

Árin í Verzló voru frábær og ég ákvað svo að skella mér í háskólanám á Akureyri, þar var nefnilega boðið upp á þriggja ára B.Sc.-nám með áherslu á markaðsfræði. Akureyri er einhver fallegasti bær á landinu og fólkið sem býr þar er einstakt. Mér leið strax vel þar.

Maðurinn minn er frá Akureyri og þar eignuðumst við syni okkar tvo.

Þegar ég fékk svo tækifæri til þess að búa til „Já“ í samstarfi við öflugan hóp fólks þá ákváðum við að flytja til Reykjavíkur. Síðan þá hefur ýmislegt á daga okkar drifið.

**Var lagt mikið upp úr menntun og metnaði í uppeldi þínu?** Móðir mín var heimavinnandi með okkur fjögur systkinin lengst af og hún lagði ákaflega mikla áherslu á menntun og metnað og við búum öll vel að því. Sjálf fór hún ekki í háskóla þegar hún var ung og vildi því tryggja það að við færum öll í skóla og það tókst hjá henni.

**Hvert stefndir þú í framtíðinni þegar þú varst yngri?** Þegar við systkinin vorum að alast upp þá var okkur oft sagt að við gætum gert allt sem okkur langaði til, svo lengi sem við værum tilbúin til að leggja það á okkur að vinna fyrir því. Ég hef alltaf haft mikinn metnað fyrir því sem ég er að gera hverju sinni og hef gaman að því að vinna.

Ég áttaði mig fljótlega á því að hæfileikar mínir og styrkleikar liggja á viðskiptasviðinu og ég hef gaman af samskiptum við annað fólk. Það má því segja að ég sé í draumastarfinu mínu núna.

**Hvernig tilfinning er það að vera ung kona í ábyrgðarmiklu starfi? Hefurðu þurft að hafa mikið fyrir þínu og hefurðu á einhvern hátt upplifað fordóma?** Velgengni er bland af því að vinna verkin sín vel, hafa auga fyrir tækifærum og njóta stuðnings góðs fólks. Ég hef þurft að sanna mig í starfi til þess að komast áfram og það vill þannig til að ég væri ekki þar sem ég er í dag, nema einmitt af því að konur hafa gefið mér tækifæri og það finnst mér sérlega skemmtilegt.

Á öllum þeim árum sem ég hef starfað í íslensku viðskiptalífi þá hef ég bara einu sinni upplifað fordóma vegna þess að ég er kona, það gerðist núna um daginn þegar bæjarstjóri og forseti bæjarráðs á Akureyri sögðu að Já ætti ekki skilið viðurkenningu frá konum af því að fyrirtækinu væri stjórnað af konum sem hefðu sagt upp konum.

Það vita allir sem stýra fyrirtækjum að ákvörðun um slíkar breytingar og uppsagnir er aldrei tekin nema að vel ígrunduðu máli. Forseti bæjarráðs hefur einmitt verið í fjölmiðlum undanfarið að verja ráðningu sína á fyrrverandi forstjóra Saga Capital í starf framkvæmdastjóra Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar. Saga Capital tilkynnti í maí 2011 að starfsemi bankans yrði flutt frá Akureyri – í sama mánuði og Já tilkynnti um

Framhald á síðu 8

ÓÐALS

# OSTAR

ÚR FÓRUM MEISTARANS

## ALDAGÖMUL HEFÐ
## ÞROSKUÐ Í ÍSLENSKU UMHVERFI

Íslenskir mjólkurbændur kynna með stolti hina íslensku Óðalsosta.
Átta ostar byggðir á alþjóðlegri hefð og fullkomnaðir með besta
hráefni sem völ er á — íslenskri mjólk.

**ERTU NÓGU ÞROSKAÐUR FYRIR BRAGÐIÐ?**



Framhald af síðu 6

lokun þjónustuvers á Akureyri.

Tugir starfa höfðu því tapast á Akureyri frá því að umfang Saga Capital var sem mest, rekstur bankans gekk illa. Forsvarsmönnum Akureyrarbæjar fannst ekkert óeðlilegt við að veita fyrrverandi forstjóra Saga Capital „viðurkenningu“ með mikilvægri stöðu, en töldu hins vegar Félag kvenna í atvinnurekstri (FKA) hafa gert mistök með því að veita Já viðurkenningu fyrir að virkja krafta kvenna við stjórnun.

Annar þeirra mætti í sjónvarpsviðtal og hinn skrifaði grein um „gengisfellingu FKA“ fyrir að veita Já viðurkenninguna. Rök þeirra voru þau að félagið hafi gripið til hagræðingaraðgerða þar sem störf á Akureyri hafi tapast. Eftir stendur að Já er vel rekið fyrirtæki, stjórnað af konum, sem veitir 124 starfsmönnum vinnu, þar af eru 90 prósent konur.

Af þessari umfjöllun má í besta falli draga þá ályktun að þessir menn hafi sýnt tvískinnung, en í versta falli má draga þá ályktun að viðhorf þeirra séu þau að verk kvenstjórnenda skuli meta með allt öðrum hætti en verk karlstjórnenda.

Ég vona að hið fyrrnefnda eigi við.

**Hvernig upplifir þú konur almennt í atvinnulífinu?** Mér finnast þær konur sem eru í forystu í atvinnulífinu vera bæði sterkar og aðdáunarverðar, ég hvet konur til þess að bæði sækjast eftir frama í viðskiptum og taka þátt í umræðu um viðskipti á opinberum vettvangi. Konur eiga mikilvægt erindi í íslensku viðskiptalífi.

**Hvernig reynsla var það að reka einkafjölmiðil í miðju hruni?** Starfið mitt fyrir SkjáEinn var bæði það skemmtilegasta og eitt það erfiðasta sem ég hef tekist á við. Fyrsta árið fór í að taka til í rekstrinum og átta sig á nýrri atvinnugrein, þegar því var lokið þá hrundi bæði auglýsingamarkaðurinn og gengi íslensku krónunnar, allar forsendur fyrir SkjáEinum brustu. Það er ástríðu og metnaði starfsfólksins að þakka að þessi valkostur er enn í boði í dag. Ég vona innilega að einkareknir fjölmiðlar nái að dafna inn í framtíðina á Íslandi, ég veit hvað rekstrarumhverfi þeirra er erfitt.

Undanfarið hefur verið fjallað um nýtt frumvarp sem snýr að RÚV, og af því sem ég hef heyrt þá hef ég litla trú á því að það hafi áhrif á stöðu RÚV á auglýsingamarkaði. Takmörkun úr 12 mínútum á klukkustund niður í tíu mínútur á klukkustund í sjónvarpi hefur engin áhrif þar sem auglýsingatímar eru sjaldan svona vel nýttir. Ég hef hins vegar verulegar áhyggjur af því að ný lög leyfi RÚV að keppa á auglýsingamarkaði á Internetinu.

Það hefur verið mikil gróska í netmiðlum á Íslandi og verði frumvarpið að lögum mun það ógna þeirri þróun. Ég veit ekki til þess að nokkurt ríkisútvarp á Norðurlöndunum selji auglýsingar á Internetinu. Ég vona helst að þetta séu mistök hjá þeim sem sömdu frumvarpið.

**Það hefur gengið á ýmsu undanfarið hjá Já. Fyrst viðurkenning FKA – sem margir voru ósammála þar sem þið þurftuð að segja upp konum og svo stóra Gillz-málið. Hver er afstaða þín í þessum málum?** Við vorum þakklát að fá viðurkenningu frá Félagi kvenna í atvinnurekstri, töldum það viðurkenningu á góðum árangri í rekstri og því að konur hefðu haft hugrekki til þess að taka þátt í kaupum á fyrirtæki en það snerist heldur betur upp í andhverfu sína þegar bæjarstjórinn og forseti bæjarráðs á Akureyri tóku það upp hjá sjálfum sér að vekja athygli á því að við hefðum þurft að taka erfiðar ákvarðanir í rekstrinum og ættum því ekki viðurkenninguna skilið.

Ég tengi Gillz-málið ekki við FKA-viðurkenninguna, það er alveg sér kafli.

Varðandi samstarfið við Egil „Gillz“ Einarsson á síðasta ári þá lögðum við af stað í það verkefni með gott eitt að leiðarljósi. Við vildum sýna að við hefðum húmor og við vildum leggja áherslu á heilbrigðan lífsstíl.

Á þeim tíma byggðum við ákvörðun um samstarfið á tvennu, annars vegar á reynslu okkar frá 2006 þegar Egill lék fyrir okkur í sjónvarpsauglýsingu fyrir Gulu síðurnar og tókst vel til og hins vegar á rannsóknum þar sem við könnuðum viðhorf fólks til samstarfsins og því við hvað fólk tengdi Egil. Hann var þá helst tengdur við orð eins og „athygli“ – „íþróttir“ og „fyndinn“. Tvöfalt fleiri voru mjög hlynntir samstarfi okkar við hann en andvígir.

Síðar fer af stað þessi mikla atburðarás og í ljósi hennar held ég að þú finnir varla Íslending sem telji þetta samstarf ekki hafa verið mistök. Það er augljóst.

Fyrirmyndir í dægurmenningu okkar þurfa einfaldlega að vera til fyrirmyndar og þá er ég ekki að tala um hvort hann verður ákærður eða ekki.

**Ákvörðun ykkar um að prenta límmiða til þess að líma yfir Gillz á símaskránni lagðist í flestum tilfellum illa í landsmenn. Var sú**



## UPPÁHALDS

**Tímarit:** Vogue og Frjáls verslun
**Heimasíða:** Stjörnur.is, þar er hægt að sjá öll fyrirtækin sem ég hef mælt með, prófið bara fletta upp „Já Spurl“ og smella svo á nafnið mitt við umsögnina.
**Veitingarstaður:** Fiskmarkaðurinn og Grillmarkaðurinn, Hrefna Rósa Sætran er snillingur.
**Verslun:** Zara, hérlendis og erlendis.
**Hönnuður:** Björg Ingadóttir í Spaksmannsspjörum.
**Dekur:** Bláa Lónið, bæði lónið sjálft og svo heilsulindin í Álfheimum.





**GUERLAIN dagar í snyrtivöruverslun Lyfja & heilsu í Kringlunni 17.–22. febrúar**

**30% afsláttur af varalitum frá GUERLAIN**

Sérfræðingur frá **GUERLAIN**, Rúna Björg, veitir ráðgjöf ásamt því að kynna nýja maskarann **G NOIR** og vorlínuna 2012

- **G NOIR** maskarinn frá **GUERLAIN** er án allra parabenefna, hann er extra svartur, þykkir og lengir Hægt er að fá fyllingu í maskarann
- Bjartir og rómantískir vor- og sumarlitir



Þessi glæsilega hliðartaska frá **GUERLAIN** fylgir kaupum á nýja **G NOIR** maskaranum

Lyf & heilsa Kringlunni



**ákvörðun mögulega röng?** Við hefðum ekki átt að láta prenta þá. Við tókum ákvörðun um það í desember á síðasta ári þegar bloggheimarnir loguðu og sumir voru farnir að hóta símaskrárbrennum á opinberum vettvangi.

Við settum þá aldrei í dreifingu heldur fóru þeir inn í skáp. Það var einfaldlega okkar mat eftir að hafa gaumgæft málið betur að límmiðarnir ættu nákvæmlega ekkert erindi inn í þessa umræðu, þvert á móti sendu þeir alls kyns skrítin skilaboð. Þar með héldum við að málinu væri lokið.

Mánuði síðar fengum við svo símtal frá Fréttablaðinu sem hafði haft spurnir af því að við hefðum látið útbúa þá og fjallaði í kjölfarið um málið. Það var mjög áhugavert að fylgjast með sérfræðingunum tjá sig í fjölmiðlum dagana á eftir, þeir héldu greinilega að þetta hefði verið einhvers konar PR-uppátæki hjá okkur, að prenta límmiða og leka því í Fréttablaðið, sem það var alls ekki.

**Voruð þið með þessu athæfi ykkar að leggja ykkar dóm á Gillz eins og margir vilja meina?** Nei, alls ekki.

**Hugsaðir þú um að segja starfi þínu lausu eftir fárið sem skapaðist í kringum þetta mál?** Nei. Við tókum ákvörðun um samstarfið á sínum tíma út frá ákveðnum forsendum eins og fyrr segir. Síðan hafa átt sér stað atburðir sem gjörbreyttu þessum forsendum svo ekki sé sterkara að orði kveðið. Við sáum að sjálfsögðu ekki þessa atburðarás fyrir. Það er auðvelt að vera vitur eftir á.

**Hvernig upplifðirðu fjölmiðla í þessu máli?** Fjölmiðlar spegla samtímann hverju sinni. Það er að verða mikil breyting á því hvernig við eigum samskipti, bæði hvert við annað og eins við fyrirtæki.

Þó að fólki finnist stundum fjölmiðlar fara offari þá veita þeir mikilvægt aðhald sem við getum ekki verið án. Oftast byggir gagnrýni í grunninn á málefnalegum forsendum og þá eigum við sem erum í forsvari fyrir fyrirtækin að taka mark á henni og læra af henni.

**Hvað er fram undan hjá Já?** Fram undan eru skemmtilegir og spennandi tímar. Við höldum úti sex miðlum í dag en byrjuðum fyrir sjö árum með tvo. Við ætlum að leggja áherslu á að veita áfram góða þjónustu hjá 118 en á sama tíma ætlum við að sækja fram og kynna vel nýju miðlana okkar, bæði snjallsímaforritið Já í símann, Stjörnur.is sem er umsagnarvefur, sá fyrsti sinnar tegundar á Íslandi. Stjörnur hafa komið okkur skemmtilega á óvart og nú þegar er hægt að finna á annað þúsund umsagnir á vefnum, ég hvet alla til að skoða vefinn áður en þeir taka ákvörðun til dæmis um hvert á að fara út að borða. Svo ætlum við að gera okkar besta til þess að auðvelda aðgengi erlendra ferðamanna að upplýsingum um öll íslensk fyrirtæki með nýja vefnum okkar Iceland.ja.is og síðast en ekki síst ætlum við að endurskoða aðalvefinn okkar Já.is með tilliti til þeirra tæknibreytinga sem hafa átt sér stað undanfarið og við vitum að eru fram undan.

**Hvað mun Já gera til að markaðsetja næstu Símaskrá?** Við erum á fullu í undirbúningi með Borgarleikhúsinu og það mun skýrast á næstu dögum hvað við ætlum að gera. Ég verð að segja að ég dáist að því hvernig þau hjá Borgarleikhúsinu hafa nálgast þetta verkefni en þau ætla að taka alveg nýja stefnu. Þau lögðu af stað í samstarfið með gildin samhygð, áhrif, samtal, þátttaka og opna leikhúsið. Þau vilja varpa ljósinu á leiklist í heild sinni og áhrifum leikhússins á áhorfendur, en ekki á Borgarleikhúsið sem slíkt. Þau eru 100% meðvituð um það að þjóðin á Símaskrána, en ekki Borgarleikhúsið eða Já.

**Eitthvað að lokum?** Stílfærð tilvitnun úr Dúfnaveislunni eftir Halldór Laxness.

„Símaskráin er eina bókin þar sem merkilegar konur standa við hliðina á ómerkilegum konum. Jafnvel kona eins og ég stend þar. Þess vegna hallast ég að þeirri bók.“


Instant facelift og instant eyelift
-undra tvenna

Af hverju Instant Facelift?
Ótrúlegur árangur á aðeins 5 mínútum.
Andlitslyfting án skurðaðgerðar
-Herðir, lyftir og ýtir undir stinnari húð á augnabliki.

Af hverju Instant Eyelift?
Ótrúlegur árangur á aðeins 5 mínútum.
Hefur strekkjandi áhrif á augnabliki á augn- og munnsvæði.

SKIN DOCTORS™
ÞRÓAÐ AF LÝTALÆKNUM





Eva Bergmann Guðlaugsdóttir
Hárgreiðslumeistari á Onix.

„**Instant facelift** og **Instant eyelift** eru undrakrem að mínu mati. Nöfnin segja í raun allt sem segja þarf. Erum við ekki flestar að leita að undrakremi sem sléttir húðina og lætur okkur líta út fyrir að vera nokkrum árum yngri en við erum? Þegar ég prófaði **Instant facelift** og **eyelift** í fyrsta skipti fann ég fyrir smá kitli, síðan myndaðist þunn filma á yfirborði húðarinnar og svo sá ég að það strekktist á öllum fínum línum. Ég ætlaði varla að trúa þessu.“

**„Ég byrjaði fyrst að nota kremin svona til hátíðabrigða en núna er ég orðin háð þeim.“**

„Það er gaman að segja frá því að ég er nýkomin að utan þar sem ég var á ráðstefnu þar sem ég fór seint að sofa og vaknaði snemma, sem venjulega þýðir að ég vakna með þrútin augu og bauga. En kremin komu algjörlega í veg fyrir það. Mér fannst ég líta vel út og var einnig miklu ferskari. Eftir að hafa notað kremin í dálítinn tíma tók ég líka eftir að farði helst miklu betur á en áður. Hann er jafnari og ég þarf ekki lengur að púðra á mér nefið á tveggja tíma fresti. Ég mun svo sannarlega halda áfram að nota kremin og hlakka til að prófa fleiri vörur frá Skin Doctors fjölskyldunni.“

17.-24. FEBRÚAR ER
**20% AFSLÁTTUR**
Í LYFJU VEGNA
HÚÐVERNDUNARDAGA

Skin Doctors vörurnar fást í Lyfju Lágmúla, Smáratorgi, Smáralind og Laugarvegi.

LYFJA
- Lifið heil

BYLGJAN 25 ÁRA 989

Hemmi Gunn – og svaraðu nú!

Fjölbreyttur og fjörugur þáttur

alla sunnudaga klukkan 16. Njótið vel



## HAMINGJUHORNIÐ

Jóna Hrönn Bolladóttir sóknarprestur í Garðaprestakalli



Sorgin og gleðin eru systur og móðir þeirra er kærleikurinn.

BYLGJAN 989

Sprengisandur

kraftmikill þjóðmálaþáttur

Sigurjón M. Egilsson stýrir Sprengisandi á sunnudagsmorgnum kl. 10–12



HRISTU AF ÞÉR SPIKIÐ

15-30% AFSLÁTTUR

ÚTSALA Á ÖLLUM ÞREK OG LYFTINGAVÖRUM




www.markid.is • sími 553 5320 • Ármúla 40

MARKIÐ

PIPAR\TBWA • SÍA • 120548



„Það fyrsta sem ég man var að ég hafði enga tilfinningu í neðri hluta líkamans. Mér var sagt að það gæti brugðið til beggja vona...

Lömuð fyrir neðan brjóst:

# ÆTLAR AÐ HJÓLA HEILMARAÞON

**Hinn 30. desember árið 2006 tók líf Örnu Sigríðar Albertsdóttur óvænta stefnu. Arna var í æfingaferð með hópi frá Skíðafélagi Ísafjarðar í Geilo í Noregi þegar hún fór út af skíðabrautinni og rakst á tré. Við áreksturinn brotnuðu þrír hryggjarliðir og Arna hlaut alvarlegan mænuskaða með þeim afleiðingum að hún er lömuð fyrir neðan brjóstkassa.**

Slysið átti sér stað á sömu slóðum og slys skíðakonunnar Fanneyjar Guðmundsóttur sem slasaðist í lok síðasta árs og segist Arna hafa fengið mikið áfall að heyra af þeim fréttum. Lífið hitti hina tuttugu og eins árs gömlu Örnu sem lætur ekkert stoppa sig í að lifa lífinu og ná risamarkmiðum sínum.

Arna man lítið sem ekkert eftir slysinu og rankaði fyrst við sér þegar hún var komin á spítala í Ósló.

Í slysinu brotnuðu rifbein og bringubein, vinstri öxl tognaði illa, vinstri upphandleggur marðist og hún fékk innvortis blæðingar frá milta, sem kallaði á tvær aðgerðir. Sama dag og slysið varð fór hún í aðgerð til þess að stöðva blæðingar í miltanu og daginn eftir, þ.e. á gamlársdag, fór hún í aðgerð þar sem hryggurinn á henni var spengdur saman.

„Það fyrsta sem ég man var að ég hafði enga tilfinningu í neðri hluta líkamans. Mér var sagt að það gæti brugðið til beggja vona og að mögulega myndi mænan jafna sig á átta mánuðum en mér var einnig sagt það mitt tilfelli liti illa út. Ég var auðvitað bara sextán ára og því talaði fólk svolítið í kringum hlutina. “ Þegar í ljós kom að Arna myndi ekki ná sér og að um varanlega lömun var að ræða kom sjokkið. „Þetta var ekki auðvelt, allt í einu var allt breytt.“

### Betra líf í höfuðborginni

Arna hefur verið í sjúkraþjálfun frá því að slysið átti sér stað en það dugði henni ekki enda íþróttamanneskja mikil og því ákvað hún að taka málin í sínar hendur. Arna hefur verið búsett á Ísafirði meira og minna alla sína tíð en síðastliðið haust flutti hún til höfuðborgarinnar.

Framhald á síðu 12

**VERIÐ VELKOMIN Á OPIÐ HÚS Í HÁSKÓLA ÍSLANDS**

Gestir geta kynnt sér fjölbreytt námsframboð háskólans, starfsemi og þjónustu, skoðað rannsóknastofur, tæki, búnað og húsakynni.







# NÁMSKYNNING Í HÁSKÓLA ÍSLANDS

## LAUGARDAGINN 18. FEBRÚAR FRÁ 12–16







Hið landsfræga Sprengjugengi Háskóla Íslands verður með litríkar sýningar og Vísindasmiðja Háskóla Íslands verður opnuð með formlegum hætti.

Boðið verður upp á Vísindabíó kl. 12.30 og 14.30 í Sal 2 í Háskólabíói og margt fleira!







SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE

HÁSKÓLI ÍSLANDS

YFIR 500 NÁMSLEIÐIR Í BOÐI

Í HÍ kynnir Háskóli Íslands starfsemi sína. Háskólinn í Reykjavík og Listaháskóli Íslands verða í HR. Háskólinn á Akureyri, Landbúnaðarháskóli Íslands, Háskólinn á Hólum, Listaháskólinn, Keilir og danskir og sænskir háskólar verða í Háskólabíói og Bifröst í Norræna húsinu.

HÁSKÓLA DAGURINN

PIPAR\TBWA • SÍA • 120539

**LOKSINS KOMIN NÝ SENDING**



Af vinsælu kuldaskónum með mannbroddunum

Dömu og herraskór
Verð kr. 24.000

OLANG
BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770





## Heilun / Orkumeðferðir

Fjölmörg mein, jafnt andleg sem líkamleg, eiga sér skýringar í því að orkuflæði líkamans er í ójafnvægi. Heilun losar um stíflur og endurnýjar lífsorkuna. Því fylgir andlegt og líkamlegt jafnvægi, vellíðan og gleði.

- Ert þú þreytt/ur og orkulaus?
- Ert þú slæm/ur í baki eða með aðra verki frá stoðkerfi?
- Stendur þú frammi fyrir stórum ákvörðunum eða verkefnum?

*Þá gæti heilun verið eitthvað fyrir þig*

Góð reynsla er einnig af heilun sem verkjastillingu, sem hjálp við úrvinnslu áfalla og sem leið til djúprar slökunar, bæði fyrir börn og fullorðna.

**Áslaug Björt Guðmundardóttir**
McWind Therapeutic Bodyworker
Nánari upplýsingar og tímapantanir
í síma 618 0211
Einnig á facebook: Heilun/orkumeðferðir





LOKA-
Útsölulok
30 - 50% afsláttur af útsöluvöru

50% aukaafsláttur af útsöluvörum reiknast við kassa

Vertu vinur á Facebook
Flott föt fyrir flottar konur, belladonna Stærðir 40-60.
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is



Eirberg
Verslaðu á vefnum > Frí sending að 20 kg > 1 árs skilaréttur
Rýmingarsala
Tveir dagar eftir!
40% afsláttur af völdum HOMEDICS vörum
Opið kl. 9 - 18 • laugardaga kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is








Framhald af síðu 10

„Ég gat svo lítið gert á Ísafirði og komst ekki einu sinni í ræktina út af hjólastólnum. Nú kemst ég allt og er því miklu duglegri að taka þátt í lífinu.“ Arna hafði samband við Fannar Karvel, þjálfara í Sporthúsinu, og sagði honum frá draumum sínum og markmiðum sem voru ekki af lakara taginu. Þau hófu umsvifalaust æfingar og í dag gerir Arna upphífingar nánast án allra hjálpar. „Þar sem ég er lömuð frá brjósti og niður get ég bara notað brot af þeim vöðvum sem aðrir nota í þessa æfingu svo að þetta var krefjandi verkefni.“

### Ætlar að hjóla maraþon

Vinur Örnu, Benni Sig tók sig til árið 2010 og safnaði fyrir handahjóli sem hún hefur notað mikið og síðasta sumar tókst henni að hjóla hálfmaraþon. Í sumar er markið svo sett á hvorki meira né minn en heilmaraþon.

„Þar sem grunnbrennsla mín er töluvert minni en hjá öðru fólki þá þarf ég hafa mikið fyrir því að pumpa blóðinu. Þar af leiðandi er gott að setja sér háleit markmið til að halda þolþjálfuninni inni í æfingaprógramminu.“ Hún segir vissulega erfitt að hjóla svona langt en að hjólið sé þægilegt og að hún hlakki bara til.

### Getur illa hugsað sér að vera móðir í hjólastól

Aðspurð um félagslífið hlær Arna og segir að það sé bara mjög mikið. „Ég á yndislegar vinkonur og við erum mjög duglegar að fara hingað og þangað saman og gera skemmtilega hluti, svo förum við líka stundum út að djamma og höfum gaman.“

Næst á dagskrá hjá Örnu er að klára stúdentinn en hún ákvað að taka sér frí frá námi þar sem hún átti erfitt með að einbeita sér að því á meðan á því erfiðasta stóð. „Þegar ég er búin með stúdentinn ætla ég mér svo beint í háskólann.“

Aðspurð hvernig henni gangi að sættast við örlögin segist hún líklega aldrei muni gera það.

„Það að vera svona ung þegar þetta gerist er auðvitað erfitt og ég mun líklega aldrei sætta mig alveg við þessi örlög. Það er að mörgu að huga þegar kemur að framtíðinni eins og hvort ég muni eignast barn og svo framvegis. Möguleikinn að ganga með er vissulega fyrir hendi en hann er áhættusamur, en ég get bara illa ímyndað mér að vera móðir í hjólastól. Samt sem áður þekki ég til margra kvenna með mænuskaða sem hafa eignast börn sem er gott. Ég hugga mig hins vegar við það að nú er bara árið 2012 og innst inni vona ég að það finnist einhverjar lausnir og lækningar. Það heldur mér gangandi,“ segir þessi metnaðarfulla unga stúlka.

## FANNAR KARVEL
### Þjálfari í Sporthúsinu um Örnu



## GAT EKKI STAÐIST ÁSKORUNINA

„Síðastliðið haust fékk ég póst frá Örnu þar sem hún óskaði eftir aðstoð minni. Eftir allt sem ég hafði heyrt af þessum dugnaðarforki var ég ekki lengi að segja já, sér í lagi eftir að hún sendi mér myndband af markmiðinu sínu sem hún fann á youtube; hún vildi klifra upp kaðal og taka fullkomnar upphífingar með stólinn hangandi á sér. Svona kjarkur er ekki á allra færi og ég gat ekki staðist áskorunina.

**Þjálfun Örnu snýst í grunnatriðum um tvo hluti;** að lagfæra stöðu líkamans eins og hægt er og hins vegar að bæta styrk hennar enn frekar. Svo mun þolþjálfunin aukast eftir því sem nær líður maraþoni.

**Upphífingar eru stór hluti af æfingaprógramminu hennar** og tekur hún um það bil 50 slíkar á dag auk þess sem við vinnum í að auka hreyfanleikann í öxlunum sem er ekki alveg eins og hann á að vera eftir alla setuna í stólnum.

**Einsog gefur að skilja getur Arna ekki gert allar æfingar**, það stoppar okkur þó ekki í að reyna að færa mörkin eins langt og mögulegt er. Hún vinnur mikið í trissum þar sem hún gerir margs konar snúninga, tog og pressur sem reynir mikið jafnvægið, oft svo mikið að ég þarf að halda við stólinn hennar svo hún fljúgi ekki á hausinn.

**Í gegnum samskipti okkar hef ég lært að þessi stelpa kallar ekki allt ömmu sína** og ætti að vera okkur flestum fyrirmynd í samviskusemi og dugnaði, hún mætti til að mynda í hvern einasta tíma meðan á fannferginu stóð í janúar á meðan aðrir földu sig undir sæng og komust ekki út úr húsi. Mér er það mikill heiður að fá að þjálfa þessa stelpu og er þess fullviss um að hún nái öllum sínum markmiðum, hvort sem það eru upphífingar, maraþon eða hvað annað sem framtíðin ber í skauti sér.“




# GOTT BRAGÐ FYRIR
# HEILBRIGÐAR TENNUR...

Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

# FLOTTAR FYRIRMYNDIR YFIR FERTUGT

**Lífið fékk álitsgjafa til þess að nefna íslenskar konur sem eru góðar fyrirmyndir, hafa náð árangri á sínu sviði og lagt sitt af mörkum til samfélagsins.**

## EDDA ANDRÉSDÓTTIR FRÉTTAKONA



**„Besti fréttaþulur landsins og glæsileg og klár kona. Hún er með gríðarlega mikla reynslu úr fjölmiðlum, enda búin að vera lengi í bransanum og með mikla vigt. Edda er sjarmerandi og með sterka nærveru og mikla útgeislun, en hún er líka mjög góð manneskja. Svo virðist hún ekkert eldast!“**

**„Hún hefur sýnt að ef maður er fagmaður í sjónvarpi þá skiptir aldur ekki máli. Hefur verið inni á heimilum landsmanna í yfir þrjá áratugi og er trúverðugasta kvenrödd landsins í fréttalestri. Hún er líka fínn penni og virðist alltaf hafa nóg að gera.“**

**„Edda er ein sú glæsilegasta í sínum aldurshópi og ætti að vera hverri konu góð fyrirmynd. Hún er ætíð fallega klædd og fatastíll hennar er töff og óaðfinnanlegur í alla staði. Edda hefur drottningaryfirbragð þegar hún flytur landsmönnum kvöldfréttir á Stöð 2 og nýtur trausts sinna áhorfenda. Hún er með djúpa, hreina og ákveðna rödd sem gefur henni sérstakan trúverðugleika.“**

## VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR, FYRRVERANDI FORSETI



„Það er ekki hægt að gera svona lista án þess að nefna Vigdísi. Hún var fyrsta konan í heiminum sem kosin var í lýðræðislegum kosningum til að gegna hlutverki þjóðhöfðingja. Klár og sjálfsörugg kona sem var glæsilegur fulltrúi lands og þjóðar sem forseti Íslands. Dásamlegt að horfa á gamlar fréttaupptökur úr kosningabaráttunni 1980 þegar hún jarðaði keppinauta sína með rökfestu, yfirvegun og sjálfsöryggi, en þær er m.a. hægt að sjá í nýlegri heimildarmynd Guðfinns Sigurvinssonar og Ragnars Santos um framboð Vigdísar.“

„„Ekki ætla ég að vera með þjóðina á brjósti,“ svaraði Vigdís Finnbogadóttir aðspurð hvernig hún gæti verið forseti, einstæð móðir með eitt brjóst, „þarf ég að rökstyðja mig eitthvað frekar?““

„Vigdís er án efa mikil fyrirmynd íslenskra kvenna. Hún hefur alltaf verið glæsileg og falleg kona og verður fallegri með aldrinum. Það sem er kannski eftirtektarverðast í fari hennar er sönn einlægni í framkomu við landann og án efa kjarkurinn sem hún bjó yfir sem forseti landsins.“

## DORRIT MOUSSAIEFF FORSETAFRÚ

„Óhrædd við að vera hún sjálf. Frumleg og býður af sér góðan þokka. Hún hefur staðið sig með prýði sem forsetafrú, ekki síst með því að klæðast fatnaði íslenskra hönnuða og leggja sig fram við að tileinka sér tungumálið og menninguna. Virkar skemmtileg, virðist alltaf hress og jákvæð. Góð fyrirmynd fyrir yngri konur.”

„Dorrit forsetafrú hefur þann besta eiginleika sem konur eiga að hafa. Hún er trú sjálfri sér og reynir aldrei að vera önnur en hún er. Það lýsir sér best í því að hún fer að leika við litlu börnin í opinberum veislum og bregður á leik hvenær sem henni sýnist þótt forsetaritarinn stressist út af öllu sem hún kann að taka upp á hverju sinni. Hún er með einstaka útgeislun og vekur aðdáun allra. Hún er óhrædd við að klæðast litríkum og sérstökum fötum og það kemst hún vel upp með því hún er með fallegan vöxt og ber allt vel.“







# Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins enn einu sinni. Til dæmis lesa 70% íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins - næstum þrefalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.

Við erum stolt af þessum glæsilega árangri og munum halda áfram að miðla skemmtilegu og upplýsandi efni, hlusta á raddir lesenda og vera líflegur vettvangur fyrir skoðanaskipti.

| 18-49 ára | Höfuðbsv. | Landið allt | 12-80 ára | Höfuðbsv. | Landið allt |
|---|---|---|---|---|---|
| Fréttablaðið | 70% | 57,5% | Fréttablaðið | 73,0% | 59,4% |
| Morgunblaðið | 25% | 26,8% | Morgunblaðið | 32,1% | 33,1% |
| DV | 13,1% | 11,6% | DV | 13,3% | 12,2% |
| Fréttatíminn | 48,4% | 35,9% | Fréttatíminn | 54,8% | 40,8% |
| Finnur.is | 30,2% | 22,6% | Finnur.is | 38,8% | 29,5% |
| Monitor | 25,3% | 22,5% | Monitor | 25,5% | 23,7% |
| Viðskiptablaðið | 7,6% | 7,6% | Viðskiptablaðið | 10,2% | 9,1% |

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Október til desember 2011, meðallestur á tölublað.




Allt sem þú þarft...


### Hjördís Gissurardóttir gullsmiður



„Heillandi og glæsileg, óaðfinnanlega klædd. Hefur fallega framkomu, brosmild og einlæg. Alltaf ánægjulegt að rekast á hana og ræða málin.“

### Sólveig Eiríksdóttir heilsukokkur



„Vá, hvað sú kona er falleg, sjarmerandi og virðist ávallt tilbúin að fara sínar eigin leiðir. Hún er ekki allra en er þeim mun meira heillandi í augum þeirra sem hana kunna að meta. Perla í einu orði sagt (það segi ég þótt ég hafi aldrei hitt hana).“

### Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra



Ég lít ekki á mig sem Samfylkingarkonu en hvernig er annað hægt en að líta upp til Ingibjargar Sólrúnar. Þegar hún tók þátt í stjórnmálum af fullum krafti var alltaf vandræðalegt hvað hún virkaði alltaf gáfaðri og skynsamari en mótherjar hennar. Það er mikill missir að henni í íslenskri pólitík en ég er viss um að hún mun vinna mikilvægt starf á vegum Sameinuðu þjóðanna.

### Edda Björgvinsdóttir leikkona

„Edda er ein af þeim konum sem mér finnst geisla af fegurð þegar þú kemst í návígi við hana. Margir kannski sjá það ekki því hún er alltaf í gamanhlutverki og er óhrædd við að slátra sér fyrir leiklistina. Fyrir utan hvað hún er einstök leikkona, bæði í gamanleik og drama, þá er útgeislun hennar einstök. Hún er glaðvær og jákvæð sem er mikilvægt í fari kvenna auk þess sem hún er gullfalleg í einu orði sagt.“

### Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður



„Hefur náð ótrúlega langt á sínu sviði, enda var hún hjá mörgum stærstu tískuhúsum í heimi, eins og Ralph Lauren, Calvin Klein þar sem hún var yfirhönnuður og Gucci Group, áður en hún stofnaði eigið fyrirtæki. Metnaðarfull og glæsileg kona sem hefur náð miklum árangri í sínu fagi.

### Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir innanhússarkitekt



„Ingibjörg er geislandi, með fallegt bros, stelpulega klædd eins og Lilja systir hennar og sjarmerandi. Hún er góð manneskja.“

## EINNIG NEFNDAR

**Ragnhildur Gísladóttir söngkona**
**Guðrún Jónsdóttir hjá Stígamótum**
**Hafdís Jónsdóttir, formaður FKA**
**Herdís Þorvaldsdóttir leikkona**
**Vigdís Grímsdóttir rithöfundur**



**ÁLITSGJAFAR** Diljá Ámundadóttir varaborgarfulltrúi, Þorgrímur Þráinsson rithöfundur, Þorbjörn Þórðarson fréttamaður, Ívar Guðmundsson útvarpsmaður, Helga Arnardóttir fréttamaður, Elísabet Kristín Jökulsdóttir rithöfundur, Karen D. Kjartansdóttir fréttamaður og Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra

# Sterkari saman

## Tvö lyfjaform samtímis geta skilað árangri fyrr

Hjá þeim sem finna fyrir aukinni reykingaþörf, getur skjótvirkt nikótínlyf, t.d. 2 mg Nicorette lyfjatyggigúmmí eða innsogslyf, samtímis forðaplástrinum, skilað árangri fyrr.




+




eða




**Kostir lyfjaformanna sameinaðir**
Samsett meðferð sameinar kosti lyfjaformanna: þ.e. jafna og stöðuga nikótíngjöf plástursins og skjótvirkari áhrif lyfjatyggigúmmísins eða innsogslyfsins.

Þegar reykingalöngunin „toppar", stýrir þú nikótínþörfinni með lyfjatyggigúmmíi eða innsogslyfi.

Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til meðferðar á nikótínfíkn og til að draga úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtar eru: Forðaplástur 1 stk., lyfjatyggigúmmí 24 stk., innsogslyf -12 stk. nikótíntappar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við lækni. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.

nicorette
nicotin
TM

## LEITAÐ AÐ NÝJUM LOTTÓÞUL



Elva Dögg Melsteð, sem hefur verið ein af lottóþulum Íslenskrar getspár undanfarin ár, hefur nú látið af því starfi. Elva starfar sem verkefnastjóri tónlistarviðburða Hörpu tónlistarhúss og má ætla að hún hafi í nógu að snúast í því starfi.

Heyrst hefur að Íslensk getspá sé nú að setja af stað ráðningarferli í von um að finna nýjan lottókynni. Það verður því spennandi að sjá hverjir bætast í glæsilegan hóp þeirra kynna sem fyrir eru en það eru þau; Vignir Freyr Andersen, Katrín Brynja Hermannsdóttir og Reynir Þrastarson.

## LEIKKONA FLYTUR Á KLAKANN

Vala Ómarsdóttir leikkona, sem er nýútskrifuð úr mastersnámi frá Goldsmith-háskólanum í London, er nýflutt heim ásamt kærastanum sínum, Auðuni Lár Sverrissyni, sem var einnig að útskrifast í alþjóðastjórnmálum. Parið er að leita sér að að íbúð á 101-svæðinu í Reykjavík. Leikkonan, sem er um þessar mundir að vinna nýtt verk með leikhópnum Maddid, er með vefsíðuna Valaomarsdottir.com.



## HELGARMATURINN



**Rakel Sif Sigurðardóttir, næringar- og heilsuráðgjafi, heldur úti dásamlegri síðu á Facebook sem ber heitið naeringogheilsa en þar deilir hún uppskriftum að dýrindis heilsuréttum sem og góðum ráðum þegar kemur að eldamennsku og heilsu. Rakel, sem er búsett í Lúxemborg með fjölskyldu sinni, gefur lesendum LÍFSINS hugmynd að helgarmat að þessu sinni.**

### HOLLUSTUVEFJUR MEÐ LAMBAKJÖTI, PISTASÍUM, MANGÓI OG KÓRÍANDER

(dugar fyrir fjóra fullorðna)

400 gr lambakjöt
2 msk. pistasíuhnetuolía
1 tsk. hlynsíróp
1 tsk. tahini (sesamsmjör)
½ dl smátt skornir pistasíukjarnar (ósaltaðir)
5 mjúkar sveskjur

Lambakjötið er skorið í þunnar sneiðar og blandað vel saman við marineringuna.

Látið kjötið marinerast í að minnsta kosti 30 mínútur. Einnig er hægt að útbúa marineringuna kvöldið áður og láta kjötið liggja í henni yfir nótt.

Því næst er kjötið snögggrillað á grillpönnu eða mínútugrilli í eina til tvær mínútur á hvorri hlið.

### ÁLEGG/MEÐLÆTI

Grillaða lambakjötið í marineringunni

Smá klettasalat
Smá spínat
Mangó, skorið í fínar sneiðar
Hnefafylli af kóríander, gróft skornu
3-4 vorlaukar, smátt skornir
½ rauð paprika í strimlum
1 stór gulrót í strimlum

Jógúrtsósa (hrein jógúrt, hvítlaukur, fersk mynta, agúrka, balsamic edik, smá pipar og salt)

Notið aðkeyptar eða helst heimatilbúnar hollustuvefjur fyrir uppskriftina.

Þessi uppskrift er ótrúlega auðveld, fljótleg og meinholl. Það er hægt að vesenast með þessa uppskrift á alla vegu og breyta innihaldsefnum eftir lyst. Ágætis afganga-máltíð sem er samt skemmtileg og spennandi. Svo finnst börnunum svona vefjur alltaf æðislegar!





**Ferming 2012**
Erum með mikið úrval. Ermar frá 2.990,- Kjólar, hárskraut og skart. Síðustu dagar útsölu 30-70% Súpersól Hólmaseli 2 587-0077 / 567-2077 Erum á facebook.

**Ódýr heimilstæki**
Höfum til sölu notaðar þvottavélar, þurrkara og ísskápa. Einnig ódýra varahluti í flestar gerðir þvottvéla. Síðumúli 37, neðan verðu. S. 845 5976 - 445 4237.

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Ískápar, þvottavélar. S. 896 8568.

Nokkrar uppstoppaðar fuglategundir til sölu. Sími 899 4600

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL**

**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
***Jón og Óskar - jonogoskar.is* s. 552-4910.**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is Upplýsingar í síma 661 7000.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun







# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



Yndislegir silky-terrier strákar til sölu tilbúnir til afhendingar í lok feb. Báðir foreldrar heilsuhraustir og sýndir. Afhendast heilsufarsskoðaðir, örmerktir og ættbók frá Rex.Nánari upplýsingar í síma.6969744

Hreinræktaðir Ensk Setterhvolpar til sölu úr margverðlaunuðum línum. Uppl. thok@hi.is eða 699 6532.

**Vegna flutninga**
Rakki og tík hreinræktaðir íslenskir hundar, ættbókarfært, ormahreinsuð og örmerkt. Sími 846 0418.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Room for rent/ herbergi til leigu á svæði 105. Uppl. s. 695 1918.

2ja herb. 74fm í hfj. á jarðhæð. Laus 1 mars. verð 100 þús. uppl. í 8999477

Herbergi í miðbæ Reykjavíkur húsgögn fylgja verð 45 þ. Uppl. í s. 895 0482.

Herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími 773 3182.

4ra herb. íbúð til leigu í Garði. Verð 90 þúsund krónar á mánuði, án hita og rafmagns. Dýr ekki leyfð. Laus strax, upplýsingar í síma 861 7004, langtímaleiga.

## Húsnæði óskast

Óska eftir stúdíó eða 2. herb. íbúð í 101 til leigu. Ég er 26 ára, reglusamur og reyklaus. 100% skilvísum greiðslum heitið. Sími: 611-9921

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir að taka á leigu 50 fm eða stærra atvinnuhúsnæði. Helst með útisvæði. Uppl. 845 4096.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Bílskúr

Óska eftir bílskúr í langtímal. minnst 3 ár hreinlegar vörur. Get borgað ca. 25þ. á mánuði og fyrirfram ca 3 mán, öruggar greiðslur. S. 899 3389.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Starf matráðs við Náttúruleikskólann Krakkakot á Álftanesi er laust til umsóknar.**
**Leitað er að starfsmanni sem hefur ríka þjónustulund, er jákvæður, samvinnuþýður og sjálfstæður í vinnubrögðum. Laun samkvæmt kjarasamningi. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar veitir Hjördís Ólafsdóttir leikskólastjóra í síma 5502330/8215006.**

**Atvinna í Noregi**
**Matreiðslumaður óskast til starfa á hótel í Noregi, aðeins 20 km. frá Oslo. Fullt starf. Fagbréf æskilegt en reynsla í matreiðslu á veitingahúsum gæti dugað. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf 1. apríl, annars eftir samkomulagi. Umsókn með CV. sendist á netfangið niklaslemstrom@vettre.no fyrir 1. mars. Nánari uppl. á www.vettre.com**

Stýrimann og yfirvélstjóra vantar á tæplega 200 tonna rækjubát. Sem er að hefja rækjuveiðar. Uppl. í síma 845 3480.

## Atvinna óskast

Lagerstörf, iðnaðarstörf og ýmislegt annað óskast. Er með lyftara og körfukranapróf. S: 823-3399

## Viðskiptatækifæri

Tökum að okkur Arkitekt teikningar, verkfræði teikningar, hönnun og breytingar. uppl. í s. 868 0872.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Frá Lífspekifélaginu**
**Í kvöld, föstudaginn 17. febrúar kl. 20:30** heldur **Þórir Sigurbjörnsson,** erindi sem hann nefnir **Táknið á Þríhyrningi** í húsi félagsins Ingólfsstræti 22. **Laugardaginn 18. febrúar Kl.15:00 er opið hús og kl. 15:30** heldur **Þórarinn Þórarinsson** erindi: **Heimsókn þriggja kvenna frá andlegum skóla í Moskvu. Á fimmtudögum** kl. 16.30 - 18.30 er bókaþjónustan opin með miklu úrvali andlegra bókmennta.
**www.lifspekifelagid.is**

## Einkamál




**Spjalldömur 908 1616**
Okkur langar að heyra í þér, þegar þér hentar.
Við bíðum spenntar. Ný stúlka.

## Óska eftir

**"Óska eftir notuðum skrifstofuhúsgögnum "**

**Óska eftir notuðum skrifstofuhúsg. frá *Kinnarps*. Svara öllum fyrirspurnum, allt kemur til greina.**

**Vinsaml. hafið samband í síma: 665 6171 (Páll), milli kl. 8-18 alla virka daga.**

## Tónleikar



**AFMÆLISTÓNLEIKAR**
Langholtskirkju
18. febrúar 2012
klukkan 15:00

**Fram koma:**
Árnesingakórinn í Reykjavík undir stjórn Gunnars Ben
Skólakór Kársness undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur
Kór Fjölbrautaskóla Suðurlands undir stjórn Stefáns Þorleifssonar

**Tónleikar þessir eru haldnir í tilefni af 45 ára afmæli Árnesingakórsins í Reykjavík**

**Meðleikari:** Bjarni Þ. Jónatansson
**Einsöngur:** Bjarney Ingibjörg Gunnlaugsdóttir
**Hljómsveit:** Kjartan Valdemarsson - píanó, Þorgrímur Jónsson - kontrabassi og Einar Scheving - trommur

**Miðaverð:**

| | |
|---|---|
| Við innganginn | 3.000.- |
| Í forsölu | 2.500.- |
| Ellilífeyrisþegi/Öryrki | 2.500.- |
| Börn yngri en 12 | 500.- |






# tímamót

timamot@frettabladid.is



**RUTH RENDELL RITHÖFUNDUR** er 82 ára í dag.

*„Ég hugsa um dauðann á hverjum degi – hvernig hann verði og hvað muni draga mig til dauða. Ég myndi skammast mín ógurlega ef ég yrði hrædd við hann.“*

## Merkisatburðir 17. febrúar

1600 Giordano Bruno brenndur á báli fyrir villutrú.
1867 Fyrsta skipið siglir um Súesskurðinn.
1895 Kvenfélagið Hvítabandið stofnað.
1906 Blaðið Ísafold birtir fyrstu íslensku fréttamyndina, teiknaða mynd af Friðriki áttunda að ávarpa mannfjölda.
1943 Þormóður frá Bíldudal ferst á Faxaflóa á leið til Reykjavíkur og með skipinu 31 maður, þar af 22 frá Bíldudal.
1965 Geimskipið Ranger 8 sent til tunglsins.
1972 Sala á Volkswagen-bjöllum fer fram úr Ford T.
1996 Garrí Kasparov sigrar Deep Blue í skák.
2006 Allt að 1800 manns farast í aurskriðu á eyjunni Leyte á Filippseyjum.

**ÞETTA GERÐIST:** 17. FEBRÚAR 1904

## *Madame Butterfly frumsýnd*



Óperan Madame Butterfly eftir Giacomo Puccini var frumsýnd í La Scala óperunni í Mílanó hinn 17. febrúar 1904. Viðtökurnar voru vægast sagt ekki góðar, áhorfendur gerðu hróp að söngvurunum og létu óánægju sína óspart í ljós. Puccini var illa brugðið og ekki varð um nema þessu einu sýningu að ræða á þessari fyrstu uppfærslu hinnar dáðu óperu.

Puccini gafst þó ekki upp, enda hafði hann heillast gjörsamlega af leikriti Davids Belasco um Madame Butterfly, sem hann hafði séð í London. Ítalska líbrettóið var samið af Giuseppe Giacosa og Luigi Illica og Puccini var sannfærður um að hér væri um gott efni að ræða. Hann endursamdi verkið á fjórum mánuðum, skipti seinni þættinum upp í tvo þætti og gerði aðrar minni háttar breytingar. Nýja útgáfan var frumsýnd í Teatro Grande í Brescia og nú brá svo við að áhorfendur urðu agndofa af hrifningu. Síðan hefur Madame Butterfly verið ein vinsælasta ópera allra tíma.

HINSEGIN VETRARHÁTÍÐ UM HELGINA: HÝRIR TÓNLEIKAR Í HÖRPU Í KVÖLD

# Mjög hýr hátíð sem vonandi verður góð landkynning

Ég rek ferðaþjónustufyrirtæki sem heitir Pink Iceland og við stöndum fyrir þessari hátíð ásamt öðrum ferðaþjónustuaðilum og Höfuðborgarstofu,“ segir Eva María Þórarinsdóttir Lange, einn skipuleggjenda hinsegin vetrarhátíðarinnar Rainbow Reykjavík sem stendur yfir um helgina. „Þetta er alveg ótengt Hinsegin dögum það eina sem er sameiginlegt er að báðar hátíðirnar eru hinsegin.“

Eva María segir febrúar yfirleitt vera rólegan mánuð í ferðaþjónustu og því hafi þessi hugmynd komið upp til að laða ferðamenn til landsins á þeim tíma. „Hin hefðbundna Vetrarhátíð var í síðustu viku og okkur fannst tilvalið að bæta við annarri fyrir sérstakan markhóp sem í okkar tilfelli eru hinsegin ferðamenn. Við tókum brot af því besta sem Ísland hefur upp á að bjóða á þessum árstíma og bjuggum til dagskrá sem er sambland af náttúru, menningu og list.“

Hátíðin hófst formlega í gær en einn af hápunktum hennar er hýrir tónleikar í Hörpunni í kvöld þar sem Páll Óskar og Lay Low koma fram saman í fyrsta sinn og skemmta gestum. „Íslendingar munu væntanlega taka mestan þátt í tónleikunum, þótt nokkrir ætli reyndar að vera með okkur í ferðunum líka,“ segir Eva María. „Hátíðin verður mjög hýr í alla staði, meðal annars verða leiðsögumennirnir í draggi og alls konar fleiri skemmtilegar uppákomur. Þetta er fyrsta hinsegin vetrarhátíðin og við munum leggja okkur fram um að hún verði góð landkynning. Í hópnum eru nítján erlendir fjölmiðlamenn, frá alls konar miðlum, sem munu taka fullan þátt í allri dagskrá með okkur og vonandi gefa jákvæða mynd af hátíðinni í sínum fjölmiðlum úti í heimi.“

Hvernig er þátttakan? „Það koma til okkar um sextíu manns, þannig að við erum ágætlega sátt. Markmiðið var að fá að minnsta kosti fimmtíu gesti og það sem sagt náðist,“ segir Eva María. „Okkur þykir það ágætis byrjun og erum bara mjög spennt og hlökkum mikið til.“

fridrikab@frettabladid.is



**HLAKKA TIL** Eva María Þórarinsdóttir Lange og Birna Hrönn Björnsdóttir hlakka mikið til hinsegin vetrarhátíðar um helgina. „Dagskrá sem er sambland af náttúru, menningu og list,“ segir Eva María. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Bertha Sigurðardóttir**
Háaleitisbraut 24, Reykjavík,

lést mánudaginn 13. febrúar. Útför hennar fer fram frá Neskirkju fimmtudaginn 23. febrúar kl. 13.00.

**Jakob H. Richter** — **Þorgerður Bjargmundsdóttir**
**Guðlaug Richter**
**Gyða Richter**
**Bryndís Richter** — **Valur Guðnason**
**Bertha Richter**
**Stefán Richter** — **Karen Richter**
**Guðrún Richter**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi, sonur og bróðir,*

**Ólafur Gunnlaugsson**

lést á Landspítalanum Fossvogi fimmtudaginn 9. febrúar. Útför fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 20. febrúar kl. 13.00. Þeim, sem vilja minnast hans, er bent á MND-félagið.

**Sigfríður E. Ingvarsdóttir**
**Gunnlaugur I. Ólafsson** — **Elín L. Rúnarsdóttir**
**Fjóla S. Ólafsdóttir**
**Ingvar G. Ólafsson**
**Gunnlaugur Árnason** — **Geirþrúður Árnason**
**bræður, barnabörn.**

---



†

*Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Lillý Sigmundsdóttir**
Kirkjusandi 3,

sem lést á heimili sínu fimmtudaginn 9. febrúar, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík í dag föstudaginn 17. febrúar kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Karitas, hjúkrunar- og ráðgjafaþjónustu.

**Valdimar K. Jónsson**
**Þyrí Valdimarsdóttir** — **Eggert Eggertsson**
**Örn Valdimarsson** — **Guðbjörg María Jónsdóttir**
**Vilborg Erla Valdimarsdóttir** — **Sigurður Sigurðsson**
**Jón Rafn Valdimarsson** — **Elín Rósa Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Vilfríður Guðnadóttir**
Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum í Fossvogi fimmtudaginn 16. febrúar.

**Guðvarður Elíasson**
**Hulda Guðvarðardóttir** — **Björn Guðmundsson**
**Elías Guðvarðarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Guðmundsson**
húsasmíðameistari,
Dælengi 17, Selfossi,

lést á Kanaríeyjum að morgni miðvikudagsins 15. febrúar.

**Guðmundur Sigurðsson**
**Ingvi Rafn Sigurðsson** — **Laufey Jóna Kjartansdóttir**
**Sesselja Sigurðardóttir** — **Örn Grétarsson**
**Sigurður Þór Sigurðsson** — **Kristín Gunnarsdóttir**
**Óðinn Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Magnússon**
húsasmíðameistari frá Hellissandi,
Sóleyjarima 7,

sem andaðist þriðjudaginn 14. febrúar á Landspítalanum í Reykjavík verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju miðvikudaginn 22. febrúar kl. 13.00.

**Þorbjörg Gísladóttir**
**Gísli Guðmundsson** — **Margrét Geirsdóttir**
**Magnús Guðmundsson** — **Þórunn Sveinsdóttir**
**Elín S. Guðmundsdóttir** — **Freygarður Þorsteinsson**
**Jón H. Guðmundsson** — **Hanna Antonsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Björg Björgvinsdóttir**
Sóleyjarima 1,
áður Bogahlíð 18, Reykjavík,

lést 7. febrúar 2012 á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þeim, sem vilja minnast hennar, er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Jóhann Þorsteinsson** — **Guðrún Guðmundsdóttir**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

# ÁST, MORÐ, BLÓM OG NÝ MARKMIÐ

VIÐ KYNNUM NÝÚTKOMNAR BÆKUR – GÓÐA LESTRARHELGI!

Bók um Magneu biskupsfrú sem var mikil hannyrðakona og urðu mörg listaverkin til í höndum hennar.



Tilboðsverð kr. 2.499
Verð áður kr. 2.699




Þeir sem lásu síðustu bók Kristinu Ohlsson **Utangarðsbörn** vilja örugglega ekki missa af þessari.

Tilboðsverð kr. 2.499
Verð áður kr. 2.699

NÝ KILJA




Tilboðsverð kr. 2.499
Verð áður kr. 2.699

KARLMENN ATHUGIÐ!

**Konudagsgjöfin!** Töfrandi og grípandi skáldsaga, frábær í rúmið á sunnudagsmorgun. Auk þess getur þú kíkt aftast í bókina og séð hvaða merkingu blómin sem þú færir ástinni þinni hafa.




Tilboðsverð kr. 2.499
Verð áður kr. 2.699

NÝ KILJA




Tilboðsverð kr. 2.499
Verð áður kr. 2.699

NÝ KILJA




Tilboðsverð kr. 2.499
Verð áður kr. 2.699

NÝ KILJA




Tilboðsverð kr. 2.499
Verð áður kr. 2.699




Sagan fékk mjög góða umsögn í Kiljunni.

Tilboðsverð kr. 1.799
Verð áður kr. 1.999

MÆLUM MEÐ!




Tilboðsverð kr. 2.699
Verð áður kr. 2.999

MÆLUM MEÐ!




Tilboðsverð kr. 3.999
Verð áður kr. 4.499

Frábærar hugmyndir um hvernig má breyta flíkum og gefa þeim nýtt líf.




Tilboðsverð kr. 3.199
Verð áður kr. 3.599




Ný bók frá höfundi bókarinnar **máttur viljans** sem var metsölubók á síðasta ári!

Tilboðsverð kr. 3.999
Verð áður kr. 4.499

Tilboð gildir til og með 21.02.12

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON



5% aukaafsláttur af tilboðunum! Skráðu þig í næstu heimsókn.

Eymundsson
Bóksali frá 1872

## krossgáta




**LÁRÉTT**
**2.** hluta sólahrings, **6.** borðaði, **8.** hamfletta, **9.** tilvist, **11.** hreyfing, **12.** flott, **14.** digurmæli, **16.** hvað, **17.** húsfreyja, **18.** hylli, **20.** utan, **21.** högg.

**LÓÐRÉTT**
**1.** loga, **3.** frá, **4.** planta, **5.** dreift, **7.** æxlast, **10.** skip, **13.** skarð, **15.** klasi, **16.** rámur, **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. dags, 6. át, 8. flá, 9. líf, 11. ið, 12. smart, 14. grobb, 16. ha, 17. frú, 18. ást, 20. án, 21. stuð. **LÓÐRÉTT:** 1. bála, 3. af, 4. glitbrá, 5. sáð, 7. tímgast, 10. far, 13. rof, 15. búnt, 16. hás, 19. tu.

Helgarblað
alla laugardaga



Mamma Angóla

Ana Maria Unnsteinsson er umfjöllunarefni vinsæls lags með Retro Stefson og móðir Unnsteins og Loga, tveggja meðlima sveitarinnar.



Meðal annars efnis:

Í stöðugri sókn
Saga H&M hófst í húsakynnum fiskverslunar.

LINdælis öskubuskuævintýri
Jeremy Lin, leikmaður New York Knicks í NBA-deildinni, var óþekktur fyrir tveimur vikum en nú á forsíðum um allan heim.




Allt sem þú þarft

# Milli fótleggjanna

**BAKÞANKAR**
**Sifjar Sigmarsdóttur**



Árið er 1859. Breskt samfélag iðar af lífi og um margt er skrafað. Viktoría drottning og Albert prins hafa eignast sitt fyrsta barnabarn; Uppruni tegundanna eftir Charles Darwin lítur dagsins ljós; Big Ben er tekinn í gagnið; ein spurning brennur á allra vörum: Hver er George Eliot? Fyrsta bók þessa óþekkta höfundar sem skrifar undir skáldanafni fer sem eldur um sinu. Uppi eru margar kenningar, sú algengasta að höfundurinn sé sveitaprestur. Ráðgátan virðist leyst þegar karlmaður stígur fram og kveðst vera George. Sá reynist loddari. Loks gefur hinn rétti höfundur sig fram. Nafn eins ástsælasta rithöfundar Viktoríutímabilsins reynist vera Mary Anne Evans.

**ÁRIÐ ER** 1997. Verkamannaflokkurinn undir stjórn Tony Blair vinnur stórsigur í þingkosningum; Díana prinsessa lætur lífið í bílslysi í París; framlag Breta sigrar Evróvisjón. Í skrifstofu lítillar bókaútgáfu í Lundúnum stendur yfir lokafrágangur á frumraun ungs höfundar. Verkið lætur lítið yfir sér. Útgáfustjórinn er svartsýnn á velgengni. Það er einkum eitt sem veldur honum höfuðverk: Nafn höfundarins er Joanna.

**MARY ANNE EVANS** merkti bækur sínar karlmannsnafni svo þær yrðu teknar alvarlega. Tæpri einni og hálfri öld síðar var Jóhönnu nokkurri Rowling gert að karlmannsvæða skírnarnafn sitt. Útgefandi hennar sagði engan mundu kaupa bók um galdrastrák sem skrifuð væri af kvenmanni. Til að bjarga Harry Potter frá gleymsku varð Jóhanna að J. K. Rowling.

**UM SVIPAÐ** leyti var bresku Orange-verðlaununum í kvennabókmenntum hleypt af stokkunum til að bregðast við kerfisbundnu virðingarleysi í garð skrifa kvenna sem voru að mestu hunsuð af gagnrýnendum og verðlaunasamkomum. Hafa sams konar viðurkenningar skotið rótum víða, m.a. á Íslandi í formi Fjöruverðlaunanna. Árið 2012 er þó enn langt í land. Rannsóknir sýna að bókmenntarit fjalla langtum oftar um bækur karla en kvenna: 74% umfjöllunar London Review of Books er um verk karla. Sama er uppi á teningnum á Íslandi. Sextán karlar hafa hlotið Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir fagurbókmenntir en aðeins sjö konur.

**Í FULLKOMNUM** heimi væru sérstök bókmenntaverðlaun konum til handa óþörf. Bókmenntir eru ekki spretthlaup. Á sviði bókmennta ætti fólk að geta keppt sín á milli óháð því hvað hangir eða hangir ekki milli fótleggjanna á því. En í heimi þar sem kvenrithöfundar eru svo fjarri því að njóta sannmælis að þeir þurfa að grípa til kænskubragða sem viðhöfð voru á Viktoríutímabilinu er óskandi að sem flestir leggi við hlustir þegar Fjöruverðlaunin verða afhent í Iðnó á sunnudaginn.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# KAUPI GULL

Magnús Steinþórsson gullsmíðasmeistari er að kaupa
gull, gullpeninga og gullskartgripi.
Einnig veiti ég góð ráð og upplýsingar.

**Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.**

Opið alla helgina frá kl. 10 til 18

Skoðunarkannanir sýna að við borgum best, gerið verðsamanburð.

*Verið velkomin*



**Magnús Steinþórsson • Upplýsingar í síma 699 8000**
**Pósthússtræti 13 101 Reykjavík**



**Á NÝRRI VEFSÍÐU FÉLAGS VÖRU- OG IÐNHÖNNUÐA,** sem finna má á slóðinni http://icelanddesigners.is, er meðal annars að finna nöfn og símanúmer íslenskra vöruhönnuða ásamt ýmsum upplýsingum um starfsemi félagsins.


# ALAN TURING:
## Faðir tölvunarfræðinnar



Föstudaginn 17. febrúar
kl. 17:15 – 18:15
Stofa M101 í HR

Ýmir Vigfússon, lektor við Háskólann í Reykjavík, mun halda fyrirlestur um framlag Alan Turings til dulmálsgreiningar bandamanna í seinni heimsstyrjöldinni

Í ár eru 100 ár liðin frá fæðingu Turings sem var einn helsti frumkvöðull tölvunarfræði og gervigreindar. Árið 1936 lýsti hann frumtölvu, svokallaðri Turing-vél, sem varð fyrirmynd að fyrstu tölvunum sem smíðaðar voru áratug síðar og lagði þannig grunninn að tölvum nútímans.

ICE-TCS og tölvunarfræðideild HR efna til fyrirlestraraðar af þessu tilefni: http://icetcs.ru.is/turingyear2012RU.html

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

ICE-TCS
Icelandic Centre of Excellence in Theoretical Computer Science




Annað verka Katrínar sem hún sýndi á Metropolitan-safninu í New York. MYND/ RON AMSTUTZ. BIRT MEÐ LEYFI ELEVEN RIVINGTON, NY.

# Vex með hverju verki

**Katrín Sigurðardóttir hefur verið valin til að sýna fyrir Íslands hönd á Feneyja-tvíæringnum árið 2013.**

„Katrín Sigurðardóttir er afar merkilegur listamaður. Hún á merkan feril að baki sem hefur byggst upp hægt og rólega og er þannig að hvert skref er stærra og merkilegra en það á undan,“ segir Dorothée Kirch, framkvæmdastjóri Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar, sem hefur umsjón með Íslenska skálanum á Feneyjatvíæringnum.

Dorothée situr einnig í fagráði Kynningarmiðstöðvarinnar sem velur fulltrúa Íslands á Feneyjatvíæringinn. Tilkynnt var í gær að Katrín Sigurðardóttir hefði



KATRÍN SIGURÐARDÓTTIR

verið valin til þess að vera fulltrúi Íslands á tvíæringnum árið 2013.

„Katrín hefur þá sérstöðu að vera þekkt og hafa gott tengslanet bæði í Evrópu og Ameríku, hún hefur það mikið vægi að það er full ástæða til þess að ætla að hún verði mikið aðdráttarafl fyrir Íslenska skálann,“ segir Dorothée.

Árið 2010 hélt Katrín einkasýningu í einu þekktasta safni heims, Metropolitan Museum of Art. Þar sýndi hún innsetningu á tveimur frönskum herbergjum í fullri stærð. Verkið, sem kallaðist Boiseries, var síðan keypt af Metropolitan-safninu og mun það vera í fyrsta sinn sem safnið eignast verk eftir Íslending. „Verk Katrínar endurspegla rannsókn listakonunnar á hugtökum eins og fjarlægð og minni – þegar hún vísar til horfinna staða frá liðnum tíma notast hún gjarnan við módelsmíði og sýnir hvernig hlutir minnka í fjarlægð og fölna í minningunni. Þar er hróflað við hefðbundinni afstöðu okkar til umhverfisins og við áminnt um þann þátt sem við eigum í mótun þess,“ segir í tilkynningu Kynningarmiðstöðvarinnar.

**Tveir sýningarstjórar.** Mary Ceruti og Ilaria Bonacossa, hafa verið ráðnar til samstarfs og munu þær fylgja sýningu Katrínar úr hlaði.

**sigridur@frettabladid.is**



**INGVELDUR ÝR** Syngur meðal annars lög af geisladiski sínum Portrett.

# Lífsins karnival í Hamraborg

Söngleikhús með yfirskriftinni Lífsins karnival verður sett upp í Hamraborgarsal Menningarhússins Hofs á Akureyri laugardagskvöldið 18. febrúar klukkan 20. Þar hljómar söngleikjatónlist í bland við dægurlög og óperuaríur í útsetningum Þorvaldar Bjarna Þorvaldssonar í flutningi Ingveldar Ýrar söngkonu og Garðars Thors Cortes tenórs.

Á sýningunni verða flutt lög úr smiðju Kurt Weill, Leonard Bernstein, Andreew Lloyd Webber, Giuseppe Verdi og Francis Poulenc, svo dæmi séu tekin.

Sýningin er á vegum Leikfélags Akureyrar. Henni stjórnar Ágústa Skúladóttir og hönnuður ljósa er Páll Ragnarsson. Einnig koma fram píanóleikarinn Antonía Hefesi og leikarararnir Magnús Guðmundsson og Nicolaj Falck. **- gun**


STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR
20 ára
Afmælistónleikar
HARPA Kaldalón
laugard. 18. feb. kl. 15:00
Gestasöngvarar: Kristjana Stefánsdóttir
Ragnar Bjarnason
Stjórnandi: Sigurður Flosason



Á tónleikunum verður litið um öxl og leikin verk sem tengjast ýmsum gestum Stórsveitarinnar í gegnum árin, lög af plötum sveitarinnar, auk verka sem leikin hafa verið á þemakvöldum þar sem teknir hafa verið fyrir stakir höfundar.

Miðaverð kr. 2.500 / 2.000 / Forsala á harpa.is

Styrkt af Reykjavíkurborg og Tónlistarsjóði



Opið hús
laugardaginn 18.febrúar 2012
að Laugavegi 116, 2.hæð
frá kl. 14.00 - 17.00




Verndarenglar og velunnarar Domus vox hjartanlega velkomnir

Söngur - Gleði - Samvera
með listamönnum Domus vox

Stúlknakór Reykjavíkur
Vox Feminae
Cantabile
Söngnemendur Domus vox

listrænn stjórnandi Margrét J. Pálmadóttir

Við þökkum Verndarenglum stuðninginn í desember um leið og við bjóðum öðrum í hópinn

Domus vox





Hemmi Gunn
– og svaraðu nú!
Fjölbreyttur og fjörugur þáttur

BYLGJAN 989 25 ÁRA
alla sunnudaga klukkan 16.
Njótið vel

# Allt í plasti!

**MÚRBÚÐARVERÐ**



G 201 með hjólum **108** lítra 71x52x44cm **2.990,-**



G 002 með hjólum **52** lítra 58x42x34cm **1.990,-**
G 003 með hjólum **28** lítra 49x36x28cm **999,-**



G 8855 **42** lítra 53x37x31cm **1.590,-**



G 7803 **6** lítra 28,5x20x18,5cm **399,-**
G 7805 **23** lítra 50x33,5x27cm **1.299,-**



G 7755 **42** lítra 53x37x31cm **1.690,-**
G 7756 **64** lítra 61x42,5x35cm **1.990,-**



Gegnsætt, grænt lok 5827 með hjólum **52** lítra 58x42,5x34cm **1.999,-**
Gegnsætt, rautt lok 5828 með hjólum **72** lítra 63x46x40cm **2.699,-**



G 801 **18** lítra 43x28x23,5cm **699,-**
G 802 **11** lítra 35,5x24x20,5cm **499,-**
G 803 **6** lítra 28,5x20x18,5cm **399,-**
G 804 **2,5** lítra 23x16x14cm **199,-**
G 805 **23** lítra 50x33,5x27cm **999,-**
G 8703 **6** lítra 28,5x20x18,5cm **399,-**



G B002 með hjólum **46** lítra 55,5x40,5x33cm **1.699,-**
G B003 með hjólum **28** lítra 49x36x28cm **1.299,-**



Gegnsætt. Bleikt, blátt eða gult lok 2803 **6** lítra 28,5x20x18cm **399,-**
Gegnsætt. Bleikt, blátt eða gult lok 2802 **11** lítra 35,5x24x20,5cm **599,-**
Gegnsætt. Bleikt, blátt eða gult lok 2805 **23** lítra 50x33,5x27cm **1.299,-**



G 8858 með hjólum **35** lítra 80x39,5x16cm **1.599,-**



Gegnsætt. Bleikt, blátt eða gult lok 2217 29x23x17cm **599,-**
Gegnsætt. Bleikt, blátt eða gult lok 2218 35x28x19cm **799,-**
Gegnsætt. Bleikt, blátt eða gult lok 2219 41x32x23cm **1.299,-**



Ruslafata með loki
**4.995,-**

## Úrvals ílát




**Hvítt = fyrir matvælaiðnað – lok fáanleg**

**Mikið úrval**
**Margar stærðir**



MARC-LEO1 Leo hillueining. 75x30x135cm. 4 hillur
**4.990,-**



MARC-LEO3 Leo hillueining 90x40x165cm. 4 hillur
**6.450,-**



Trup-6stk smáhlutabox
**875,-**

***Reykjavík*** *Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16*
***Reykjanesbær*** *Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18*
***Akureyri*** *Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14*
***Húsavík*** *Garðarsbraut 50. Opið virka daga kl. 8-18*
***Vestmannaeyjar*** *Flatir 29. Opið virka daga kl. 8-18*

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**



**3-5 MÍNÚTUR** er tíminn sem maður á að láta tepokann liggja í vatninu vilji maður fá öll næringarefnin út teinu samkvæmt breska tekónginum Stephen Twinings.



**TAI CHI** Iðkun íþróttarinnar getur komið sér vel fyrir Parkinsonsjúklinga.

# Eykur jafnvægið

**VÍSINDI** Með því að iðka tai chi tvisvar í viku getur fólk með Parkinsonsjúkdóminn átt auðveldara með að halda jafnvægi. Iðkun þessarar kínversku bardagalistar virðist auka stöðugleika í ökklunum á fólki með sjúkdóminn. Það á líka auðveldara með að hafa stjórn á líkamsstöðu sinni og á auðveldara með gang. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn sem var unnin við Oregon-stofnunina í borginni Eugene og birtist í New England Journal of Medicine.

# Fyrirsætur verða að vera heilbrigðar

**HEILSA** Fyrirsæturnar sem ganga tískupallana á tískuvikunni í New York þurfa að lúta ákveðnum heilbrigðiskröfum frá CDFA, samtökum bandarískra fatahönnuða.

Reglurnar eru settar til að sjá til þess að fyrirsæturnar séu bæði líkamlega og andlega heilbrigðar. Fyrsta regla er sú að allar fyrirsætur verða að hafa náð 16 ára aldri. Þær mega ekki sýna merki þess að þjást af einhvers konar átröskun og ef þær gera það verða þær að leita sér hjálpar og fá ekki vinnu í bransanum fyrr en þær hafa náð bata. Fyrirsætunum hefur verið meinað að reykja baksviðs og einnig fá þær ekki að bragða áfengi nema hafa náð 21 árs aldri.



**FYRIRMYNDAR FYRIRSÆTUR** Nú hefur CDFA sett kröfur um að fyrirsæturnar sem sýna á tískuvikunni í New York séu andlega og líkamlega heilbrigðar.

# G-bletturinn er flókinn

**Vikulega berast spurningar frá lesendum til Siggu Daggar. Að þessu sinni varð afar líffræðileg spurning fyrir valinu.**

**?** Sæl Sigga Dögg. Mig langar að byrja á að þakka þér fyrir pistlana þína. Finnst þetta góðar og heilbrigðar pælingar um efni sem mörgum er hugleikið.

Ég er karlmaður kominn yfir fertugt og hef verið giftur í langan tíma. Nýlega þegar við vorum búin að vera að dágóða stund saman uppi í rúmi þá skyndilega var eins og eitthvað gerðist hjá henni og það sprautaðist út úr píkunni talsvert mikið af vökva og af talsverðum krafti. Þetta var tær, lyktarlaus vökvi og hún virtist verða jafnhissa á þessu og ég og sagði að þetta hefði aldrei gerst áður. Þetta endurtók sig síðan þrisvar sinnum í viðbót á næsta klukkutímanum. Þegar þetta gerðist þá hreinlega sprautaðist þetta út og lakið var orðið rennandi blautt að lokum. Mér fannst þetta gerast þegar komið var á vissan hátt við bunguna sem kölluð er G-bletturinn. Ég upplifði það þannig að hún fengi fullnægingu á sama tíma.

Ég hafði náttúrulega heyrt um „squirting" áður og geri ráð fyrir að það hafi verið það sem gerðist en ég er satt að segja talsvert ringlaður eftir þetta og hugsi varðandi ástarlíf okkar hjóna. Menn eru líka alltaf tortryggnir/áhyggjufullir hvort konur séu að „feika" eða ekki. Mig langar því að spyrja þig hvort:

a) Er hægt að framkalla „squirting" að gamni sínu?
b) Er samasemmerki á milli „squirting" og fullnægingar eða þarf þetta tvennt ekkert að haldast í hendur?
c) Getur þetta gerst hjá öllum konum?
d) Af hverju gerist þetta?



**MIKIÐ FJÖR** Það má hafa gaman af því að leita að G-blettinum.

**SVAR:** Ég þakka þér fyrir hólið. G-bletturinn er flókið fyrirbæri því konur virðast bara stundum finna fyrir honum. Örvun hans leiðir ekki alltaf til fullnægingar né saflåts (squirting) þó það geti gert það. Þær konur sem finna fyrir G-blettinum finna ekki alltaf fyrir honum og stundum fylgir örvun hans saflát og stundum ekki. Eins getur örvun hans leitt til fullnægingar en það þarf þó ekki alltaf að vera svo. Við örvun G-blettsins þá lýsa konur því oft að þeim líði eins og þær þurfi að pissa. Til þess að geta leyft sér að upplifa fullnægingu með möguleikanum á safláti þá eru konur hvattar til að „sleppa" en ekki halda í sér. Þetta er eitthvað sem margar konur geta hugsanlega átt erfitt með að gera af ótta við að missa þvag á kynlífsfélagann. Ef það gerist þá ferst hvorki himinn né jörð. Hins vegar er vökvinn sem kemur við saflát ólíkur þvagi, eins og þið sáuð, og magnið getur verið allt frá nokkrum dropum og í það að bleyta lakið.

G-bletturinn er því frekar óstöðugt fyrirbæri sem erfitt getur verið að stóla á en getur komið skemmtilega á óvart þegar hann lætur sjá sig og vel liggur á honum. Svo virðist vera sem að sumar konur finni oftar fyrir G-blettinum en aðrar, þó er ekki hægt að útiloka að allar konur geti fundið fyrir honum einhvern tíma á lífsleiðinni. Sama má segja um saflát. Lykillinn að gæfuríkri örvun virðist felast í kynferðislegri spennu. Því æstari sem konan er, því auðveldara ætti það að vera að finna G-blettinn og örva hann. Þetta er þó ekki algilt og ekki er vitað með vissu af hverju hann birtist bara stundum og stundum ekki. Það má hafa gaman af því að leita að honum en fullnægingin stendur hvorki né fellur með örvun hans. Það getur verið gott að muna það.

**KYNLÍF: ÞARFTU HJÁLP?**
Sendu **Siggu Dögg** póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is



Fleiri konur í tæknigeirann

Nýherji leggur áherslu á að auka þátttöku kvenna í tæknigreinum

Stelpur! Kynnið ykkur spennandi nám í tölvu- og tæknigreinum á **Háskóladeginum 18. febrúar** frá klukkan **12:00-16:00** í **Háskólanum í Reykjavík** og **Háskóla Íslands** (Askja)







Háskóladagurinn
18. feb 2012
Kynntu þér málið á
www.haskoladagurinn.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE

www.nyherji.is




Nýherji hf. er samstæða framsækinna þekkingarfyrirtækja í upplýsingatækni með 550 starfsmenn á Íslandi, í Danmörku og Svíþjóð.

NÝHERJI
BETRI LAUSNIR



KFC
Zinger®-merkið
við kjúklingaréttina okkar
þýðir að þeir séu ríkulega
kryddaðir og virkilega
bragðmiklir!
Zinger®
TWISTER®
Kryddaðar og stökkar
kjúklingalundir,
ferskt iceberg-salat,
létt piparmajones og ljúffeng salsa sósa
allt vafið saman í heita, mjúka tortillu.
Ertu til í að Twista?
699
kr.
svoooogott™
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI
WWW.KFC.IS

# Kvikmyndaskóli Íslands verður hluti af „klíkunni“

**Kvikmyndaskóli Íslands verður í vor vígður inn í alþjóðasamtök helstu kvikmyndaskóla heimsins, Cilect. Mikill heiður, að mati Hilmars Oddssonar.**



**MIKILL HEIÐUR** Hilmar segir það mikinn heiður að hafa fengið inngöngu í alþjóðasamtökin Cilect. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þetta er rosalega ánægjulegt og mikill heiður,“ segir Hilmar Oddsson, rektor Kvikmyndaskóla Íslands.

Skólinn hefur verið samþykktur inn í alþjóðasamtök helstu kvikmyndaskóla heimsins. Þau nefnast Cilect og voru stofnuð árið 1955. Aðeins 130 kvikmyndaskólar í heiminum eiga aðild að þeim og telst það mikill gæðastimpill að komast þangað inn.

„Það skiptir mjög miklu máli að vera í þessum samtökum. Í öllum okkar erfiðleikum þótti okkur alltaf sorglegt að vera nánast búin að sigra heiminn en þurfa að berjast fyrir tilvist okkar á Íslandi. Við vitum ekki nákvæmlega hvað verður um okkur en við erum samt komin með alþjóðlega viðurkenningu,“ segir Hilmar, sem er kominn aftur til starfa sem rektor eftir að hafa hætt störfum tímabundið í fyrra. „Núna verðum við hluti af ákveðnu gæða- og verndunarkerfi. Cilect heldur tvö til þrjú þing á hverju ári og þarna eru nemendaskipti, skipti á kennurum og við komumst inn á alls konar hátíðir. Við erum komin inn í ákveðið samfélag og erum bara hluti af „klíkunni“. Það er ofsalega mikilvægt.“

Kvikmyndaskóli Íslands verður formlega vígður inn í skólann á aðalfundi Cilect sem verður haldinn í Höfðaborg í Suður-Afríku í byrjun maí og þar verður Hilmar viðstaddur.

Skólinn sótti um að komast í samtökin fyrir ári síðan. Enski kvikmyndaframleiðandinn Nik Powell, sem er skólastjóri The National Film and Television School í London og stofnaði á sínum tíma Virgin Group ásamt Richard Branson, kom hingað til lands í fyrra á vegum Cilect. Hann gerði úttekt á starfsemi Kvikmyndaskólans og gaf henni hæstu einkunn. Þetta var áður en rekstrarvandræði skólans komust í fréttirnar. „Hann fór í gegnum allt kerfið og námsskrána og svo skrifaði hann skýrslu sem varð til þess að okkur var boðin þátttaka,“ segir Hilmar og bætir við að bæði Powell og stjórnendur annarra kvikmyndaskóla hafi haft mikinn skilning á vandræðum skólans. „Við sendum alltaf skýrslur út og sögðum hvað var í gangi. Við fengum mjög eindregið stuðningsbréf frá þessum manni. Við erum ekki eini skólinn í heiminum sem hefur þurft að berjast fyrir tilveru sinni.“

Vegna fjárhagsvandræðanna... 

Vegna fjaðrafoksins í kringum Kvikmyndaskólann tafðist starfsemi hans og núna er að ljúka önn sem átti að klárast fyrir jól. Útskriftarmyndir verða sýndar í Bíói Paradís í næstu viku. „Við erum með tveggja anna samning við ráðuneytið og vitum ekki hvort ætlunin er að semja við okkur eftir næstu vorönn,“ greinir Hilmar frá en nokkur pláss fyrir nemendur eru enn laus fyrir næstu önn. „Það veikir okkur út á við ef við höldum ekki fullri reisn og njótum ekki almenns stuðnings. Ef ráðamenn þjóðarinnar kæra sig um er þetta skóli sem getur átt glæsilega framtíð fyrir sér.“

freyr@frettabladid.is

# Lengi lifir í gömlum glæðum

Margir velta því fyrir sér hvort söngkonan Rihanna hafi fyrirgefið fyrrum kærasta sínum, Chris Brown, barsmíðarnar og þau tekið saman á ný, en margar myndir hafa náðst af parinu fyrrverandi að undanförnu.

Þann 8. febrúar 2009 kærði Rihanna þáverandi kærasta sinn, Brown, fyrir líkamsárás og þau hættu saman í kjölfarið. Slúðurpésar ytra vilja meina að sambandið hafi blossað upp aftur eftir að nálgunarbanni var aflétt fyrir tæpu ári. Brown og Rihanna neita bæði að um nokkuð annað en vinskap sé að ræða þeirra á milli, en hann er búinn að vera í sambandi með fyrirsætunni Karrueche í nokkra mánuði.

Sögusagnirnar fengu þó nýtt líf síðastliðið mánudagskvöld, þegar Rihanna hélt afmælisveislu fyrir 100 nánustu vini sína í Los Angeles. Þar á meðal gesta var að finna Katy Perry, Bruno Mars og umræddan Chris Brown.





**AFTUR SAMAN?** Rihanna virðist vera búin að fyrirgefa Chris Brown barsmíðarnar.





**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | | |
|---|---|---|---|
| A FEW BEST MEN | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| A FEW BEST MEN Luxus VIP | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | VIP |
| EXTREMELY LOUD INCREDIBLY CLOSE | kl. 5:40 - 8 - 10:40 | 2D | 10 |
| BEAUTY & THE BEAST - 3D (FRÍÐA OG DÝRIÐ) M/ísl. Tali | kl. 4 - 6 | 3D | L |
| HUGO Með texta | kl. 3 - 5:20 - 8 | 2D | 10 |
| HUGO Ótextuð | kl. 10:40 | 3D | 10 |
| ONE FOR THE MONEY | kl. 8:20 | 2D | 12 |
| CONTRABAND | kl. 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | kl. 3:20 - 5:40 | 2D | L |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 10:40 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR M/ísl. Tali | kl. 3:40 | 2D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ísl. Tali | kl. 3:40 | 2D | L |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| FRÍÐA OG DÝRIÐ ÍSL TAL Í 3D | kl. 6 | 3D | L |
| EXTREMELY LOUD AND INCREDIBLY CLOSE | kl. 8 - 10:30 | 2D | 10 |
| PRÚÐULEIKARARNIR enskt tal ísl texti | kl. 6 | 2D | L |

**SAMBÍÓIN SELFOSS**

| | | |
|---|---|---|
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| CONTRABAND | kl. 8 | 16 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 10:20- | 12 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | | |
|---|---|---|---|
| FRÍÐA OG DÝRIÐ m/ísl tali | kl. 6 | 3D | L |
| EXTREMELY LOUD & INCREDIBLY CLOSE | kl. 5:20 - 10:10 | 2D | 10 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| HUGO | kl. 5:20 - 8 | 2D | 10 |
| ONE FOR THE MONEY | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| UNDERWORLD: AWAKENING | kl. 10:10 | 2D | 16 |
| MAN ON A LEDGE | kl. 8 | 2D | 12 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| EXTREMELY LOUD AND INCREDIBLY CLOSE | kl. 8 - 10:40 | 2D | 10 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| SHAME | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| BEAUTY & THE BEAST - 3D (FRÍÐA OG DÝRIÐ) M/ísl. Tali | kl. 6 | 3D | L |
| WAR HORSE | kl. 5 | 2D | 12 |
| THE HELP | kl. 5 | 2D | L |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | | |
|---|---|---|---|
| EXTREMELY LOUD AND INCREDIBLY CLOSE | kl. 8 | 2D | 10 |
| FRÍÐA OG DÝRIÐ M/ísl. Tali | kl. 6 | 3D | L |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:10 | 2D | L |
| THIS MEANS WAR | kl. 10:30 | 2D | 14 |
| PUSS IN BOOTS M/ísl. Tali | kl. 6 | 2D | L |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
AUKAKRÓNUR 5%




Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| THIS MEANS WAR | 6, 8, 10 |
| SAFE HOUSE | 5.45, 8, 10.20 |
| SKRÍMSLI Í PARÍS 3D | 4(950 kr) - ISL TAL |
| SKRÍMSLI Í PARÍS 2D | 4(750 kr) - ISL TAL |
| THE GREY | 8, 10.20 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | 4(750 kr) - ISL TAL |
| THE IRON LADY | 5.50 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is




| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | AUKAKRÓNUR 5% |
|---|---|---|
| THIS MEANS WAR | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| THIS MEANS WAR LÚXUS | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| STAR WARS EPISODE 1 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5 | 10 |
| SAFE HOUSE | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| SKRÍMSLI Í PARÍS 3D | KL. 3.30 | L |
| CHRONICLE | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| CONTRABAND | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 3.40 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | AUKAKRÓNUR 5% |
|---|---|---|
| THIS MEANS WAR | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| STAR WARS EP1 3D ÓTEXTUÐ | KL. 6 - 9 | 10 |
| SAFE HOUSE | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| THE DESCENDANTS | KL. 5.30 | L |
| LISTAMAÐURINN | KL. 6 - 8 - 10 | L |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| THIS MEANS WAR | KL. 8 - 10 | 14 |
| SAFE HOUSE | KL. 10 | 16 |
| STAR WARS EPISODE 1 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5.40 | 10 |
| CHRONICLE | KL. 6 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio




BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

FÖSTUDAGUR: A DANGEROUS METHOD 20:00, 22:00 ■ THE DESCENDANTS 20:00, 22:15 ■ FRÖNSK HÁTÍÐ: STRÍÐSYFIRLÝSING 18:00, 20:00 ■ FRÖNSK HÁTÍÐ: *SAMAN ER EINUM OF* 22:00 ■ FRÖNSK HÁTÍÐ: *BARNSFAÐIRINN* 22:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 18:00 ■ MY WEEK WITH MARILYN 18:00, 20:00 ■ ELDFJALL 18:00

ÍSL. TEXTI *ENGL. SUBTITLES*

SKÓLANEMAR: 25% afsláttur gegn framvísun skírteinis!



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 17. febrúar**

### → Tónleikar

**12.00** Þóra Björnsdóttir sópran og Guðmundur Sigurðsson flytja verk eftir J.S.Bach í Víðistaðakirkju. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**12.30** Kristín Sigurðardóttir mezzósópran og Einar Clausen tenór flytja sænskar og íslenskar söngperlur á tónleikaröðinni Á ljúfum nótum í Háteigskirkju. Listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar er Lilja Eggertsdóttir píanóleikari. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**20.00** Minningarsjóður Bergþóru Árnadóttur efnir til árlegra Bergþórutónleika í Hofi á Akureyri. Yfirskrift tónleikanna er Afturhvarf, en á efnisskránni verða mörg af þekktari lögum Bergþóru auk laga sem sjaldan hafa heyrst á undanförnum árum.

### → Leiklist

**14.00** Framandverkaflokkurinn Kviss búmm bang flytur verkið Hótel Keflavík sem er 24 stunda langt þátttökuverk. Verkið hefst og lýkur á BSÍ.

### → Sýningar

**13.00** Handverkasýningin Til að fagna fallegum hlutum stendur nú yfir á Hallveigarstöðum við Túngötu. Einkunnarorð sýningarinnar eru: Gerum hvern dag meira skapandi og enn fallegri.

**15.00** Ingó Geirdal, töframaður, verður með töfrasýningu fyrir alla fjölskylduna í Salnum Kópavogi. Aðeins þessi eina sýning. Miðaverð er kr. 1.800.

### → Uppákomur

**09.00** Menningarnótt undir yfirskriftinni Fljúgandi teppi verður haldin í Háteigsskóla. Er viðburðurinn liður í fjölmenningarlegri þjónustu Borgarbókasafns fyrir leik-, grunn- og framhaldsskólanema. Allir velkomnir.

### → Uppistand

**22.00** Beggi blindi og Elva Dögg standa fyrir uppistandi á skemmtistaðnum Prikinu. Breakbeat.is tekur svo við spöðunum á miðnætti.

### → Tónlist

**21.00** Hljómsveitin Foreign Monkeys stígur á svið á Bar 11 með fullt af nýju efni í bland við gamalt. Eftir tónleika mætir DJ í búrið. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** Andrea Gylfadóttir túlkar helstu perlur kvikmyndatónlistar við undirleik Bíóbandsins á Græna Hattinum, Akureyri. Þar á eftir koma Bítladrengirnir Blíðu fram og flytja hin klassísku lög The Beatles með frumlegum og áhrifaríkum hætti. Miðaverð er kr. 2.000.

**23.00** Ingvar Grétarsson kemur fram á Ob-La-Dí, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### → Fyrirlestrar

**12.00** Sigrún K. Valsdóttir heldur fyrirlestur á vegum Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljós. Yfirskrift fyrirlestursins er Fastar á jaðrinum: farandverkakonur í Beijing og verður hann haldinn í stofu 103 í Lögbergi, Háskóla Íslands. Allir eru velkomnir og er aðgangur ókeypis.

**12.00** Michael T. Corgan, dósent í alþjóðasamskiptum við Boston háskóla í Bandaríkjunum, heldur erindi um samskipti Bandaríkjanna og Evrópu í fundaröð Alþjóðamálastofnunnar. Fyrirlesturinn er hluti af fundaröð Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og verður haldin í stofu 101 í Lögbergi. Fyrirlesturinn verður fluttur á ensku og er öllum opinn.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**




# Tætum og tryllum

Bíó ★★★☆☆

**Safe House**

Leikstjórn: Daniel Espinosa

**Leikarar:** Denzel Washington, Ryan Reynolds, Vera Farmiga, Brendan Gleeson, Sam Shepard, Robert Patrick, Nora Arnezeder

Tobin Frost, alræmdur bandarískur gagnnjósnari, gengur inn í bandaríska sendiráðið í Höfðaborg og gefur sig fram. Hann er færður til yfirheyrslu í athvarfshúsi á vegum CIA, en það er lágt settur leyniþjónustumaður að nafni Matt Weston sem gætir hússins. Eftir mannskæða árás byssumanna á húsið nær Weston að sleppa með fangann í farangursrými bifreiðar, en það reynist hægara sagt en gert að gæta fangans um leið og skotglaðir ribbaldar herja á tvíeykið.

Það fer lítið fyrir frumleikanum í þessum annars ágæta spennutrylli. Washington hefur nærveru á við tvo og kemur það sér ágætlega þar sem Reynolds er litlaus þumbi. Myndin fer kröftuglega af stað en undir miðbik fer að halla eilítið undan fæti og kunnuglegar klisjurnar hrannast upp. Leikstjórinn sér þó til þess að engum leiðist, og er það almennur ærslagangur sem heldur myndinni á floti til enda.

En þessi sami ærslagangur er stundum á mörkum hins yfirgengilega. Hávaðinn í Safe House er mikill, ofbeldið óvenju hrottalegt og krónískur hristingur virðist hjá kvikmyndatökumanninn. Ef til vill ber ég í bakkafullan lækinn þegar ég kvarta undan því, en enn þá hef ég ekki hitt eina einustu manneskju sem hefur gaman af þessum tökustíl. Washington og félagar ná þrátt fyrir allt saman og skila af sér ágætum hasar.

Haukur Viðar Alfreðsson

**Niðurstaða:** Mundu eftir eyrnatöppunum. Og sjóveikispillunum.



**HÁVAÐI** Ofbeldið er óvenjuhrottalegt í Safe House og krónískur hristingur virðist hjá kvikmyndatökumanninn.

Voltaren Dolo

- nú tvöfalt sterkara en áður!




Hvað er það?
• Verkjastillandi
• Bólgueyðandi
• Hitalækkandi

Hvernig virkar það?
• Dregur úr verkjum innan hálftíma
• Verkjastillandi áhrif í allt að 6 klst.
• Voltaren Dolo 25 mg er lítil tafla, sem auðvelt er að gleypa.

Við hverju?
• Vöðva- og liðverkjum
• Kvefi og inflúensueinkennum, eins og hita og höfuðverk
• Höfuðverk
• Tíðaverkjum
• Tannpínu

Voltaren
NJÓTUM ÞESS AÐ HREYFA OKKUR

*Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli.*

Voltaren Dolo® inniheldur 25mg kalíumdíklófenak. Notað við vægum verkjum eins og höfuðverk, tannverk, tíðaverk, gigt- og bakverk. Upphafsskammtur er 1 tafla, en síðan 1 tafla á 4-6 klukkustunda fresti, þó mest 3 töflur (75 mg) á sólarhring. Að hámarki 3 sólarhringar. Gæta skal varúðar hjá þeim sem eru með magasár. Einstaklingar sem eru með ofnæmi fyrir acetýlsalicýlsýru eða öðrum innihalds efnum eiga ekki að nota lyfið. Lyfið má ekki nota samhliða blóðþynnandi lyfjum, þvagræsilyfjum og lyfjum sem innihalda litíum, nema samkvæmt fyrirmælum læknis. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Ef þú ert með barn á brjósti máttu eingöngu nota Voltaren Dolo í samráði við lækni. Börn yngri en 14 ára mega ekki nota Voltaren Dolo. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

# sport

sport@frettabladid.is



**MATTHÍAS VILHJÁLMSSON**, fyrirliði FH-inga, mun ekki spila með liðinu í Pepsi-deildinni í sumar en vefsíðan fótbolti.net sagði frá því í gær að Matthías sé að ganga frá samningi við norska b-deildarliðið Start. FH mun lána leikmanninn til Start út tímabilið samkvæmt heimildum síðunnar og fær síðan möguleika á að kaupa Matthías frá FH eftir tímabilið. Matthías kom til FH frá BÍ árið 2004 og hefur alls skorað 37 mörk í 115 leikjum með liðinu í úrvalsdeildinni.

## ÚRSLIT

*Evrópudeild UEFA:*

| | |
|---|---|
| **Lokomotiv Moskva-Atletic Bilbao** | **2-1** |
| **Ajax-Man. Utd** | **0-2** |
| 0-1 Ashley Young (60.), 0-2 Javier Hernández (85. | |
| **Salzburg-Metalist Kharkov** | **0-4** |
| **AZ Alkmaar-Anderlecht** | **1-0** |
| 1-0 Adam Maher (35.). Jóhann Berg Guðmundsson kom inn á sem varamaður á 78. wmínútu. | |
| **Lazio-Atletico Madrid** | **1-3** |
| 1-0 Miroslav Klose (19.), 1-1 Adrian Lopez (25.), 1-2 Falcao (37.), 1-3 Falcao (63.). | |
| **Viktoria Plzen-Schalke** | **1-1** |
| 1-0 Darida (22.), 1-1 Klaas-Jan Huntelaar (75.) | |
| **Legia Varsjá-Sporting Lisabon** | **2-2** |
| **Porto-Man. City** | **1-2** |
| 1-0 Silvestre Varela (27.), 1-1 Sjálfsmark (55.), 1-2 Sergio Agüero (84.) | |
| **Stoke-Valencia** | **0-1** |
| 0-1 Mehmet Topal (36.) | |
| **Steaua Búkarest-Twente** | **0-1** |
| **Wisla Krakow-Standard Liege** | **1-1** |
| 0-1 Gohi Bi Cyriac (28.), 1-1 Tzvetan Genkov (88.) Birkir Bjarnason byrjaði á bekknum hjá Standard en kom inn á sem varamaður á 81. mínútu. | |
| **Udinese-PAOK Thessaloniki** | **0-0** |
| **Trabzonspor-PSV Eindhoven** | **1-2** |
| **Hannover-Club Brugge** | **2-1** |



**GÓÐ ÚRSLIT** Mario Balotelli lék á ný með City í Portúgal í gær. MYND/AFP

# Vita ekki hvar þær enda

## Landsliðskonurnar Hólmfríður Magnúsdóttir og Katrín Ómarsdóttir hafa ekki enn fundið sér félag eftir að tímabilið í Bandaríkjunum féll niður.

**FÓTBOLTI** Tveir leikmenn kvennalandsliðsins í fótbolta eru í óvenjulegri og óvæntri stöðu eftir að hætt var við tímabilið í bandarísku atvinnumannadeildinni. Hólmfríður Magnúsdóttir og Katrín Ómarsdóttir ætluðu báðar að spila með Philadelphia Independence en þurftu að leita sér að nýju liði á versta tíma.

„Ég veit ekkert hvar ég enda. Það eru ýmsir möguleikar upp á borðinu og maður kemst nú að hjá einhverju liði en það er bara spurning um hvað sé hentugast fyrir mig," segir Hólmfríður Magnúsdóttir sem kláraði síðasta tímabil með Val hér heima.

„Ég ætla að bíða þangað til ég fer til Portúgal og sjá hvort að það opnist ekki einhverjar dyr þar," sagði Katrín Ómarsdóttir sem lék síðast með Orange County Waves í B-deildinni í Bandaríkjunum.

„Ég er róleg eins og er en eftir Portúgalsmótið þá fer vonandi eitthvað að gerast. Ég vil verða komin með lið tveimur vikum eftir Algarve," bætir Katrín við.

„Staðan hefði verið allt önnur ef að þetta hefði komið upp í desember því þá hefði maður léttilega getað farið til Svíþjóðar eða Þýskalands. Glugginn í Þýskalandi lokaði nefnilega daginn áður. Það er ótrúlega skrýtið að vera liðalaus. Ég er í viðræðum við Val en er opin fyrir öllu. Ég er sem dæmi á leiðinni á æfingu hjá Stjörnunni núna," segir Hólmfríður og bætir við:



**KATRÍN OG HÓLMFRÍÐUR** Fyrir landsleik á móti Belgíu í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ég er alltaf í daglegum samskiptum við umboðsmanninn minn úti. Ég fékk tilboð frá liðinu sem ég æfði með í Noregi en ég sagði bara nei takk við því. Það var ekki nógu gott," sagði Hólmfríður sem fór ásamt Katrínu í prufu hjá norska liðinu Arna-Björnar.

„Það er allt sem kemur til greina, þess vegna Kína. Ég verð bara að vera bjartsýn á þetta ár og það verður bara skemmtilegt og fróðlegt að sjá hvar ég enda," segir Hólmfríður.

„Ef að það verður ekkert spennandi í boði þá er alveg möguleiki á því að skella mér til Þórunnar vinkonu minnar sem er í Brasilíu. Það er gott að hafa hana þarna og hún myndi kannski redda því fyrir mig," sagði Katrín í léttum tón en þá væri komin hálfgerð Íslendinganýlenda hjá Vitoria-liðinu enda mun Dóra María Lárusdóttir spila þar þangað til í vor.

**ooj@frettabladid.is**

## ÚRSLIT

*N1-deild karla:*

**Grótta-Akureyri 25-29 (10-14)**

**Mörk Gróttu:** Þorgrímur Smári Ólafsson 6, Vilhjálmur Geir Hauksson 4, Benedikt R. Kristinsson 3, Þórir Jökull Finnbogason 3/3, Jóhann Gísli Jóhannsson 3, Aron Valur Jóhannsson 2, Ágúst Birgisson 2, Davíð Örn Hlöðversson 1, Þráinn Orri Jónsson 1.
**Varin skot:** Lárus Helgi Ólafsson 9.
**Mörk Akureyrar:** Oddur Gretarsson 11, Bjarni Fritzsson 5/1, Daníel Einarsson 4, Geir Guðmundsson 3, Hörður Fannar Sigþórsson 2, Ásgeir Jónsson 1, Bergvin Þór Gíslason 1, Heiðar Þór Aðalsteinsson 1, Heimir Örn Árnason 1.
**Varin skot:** Sveinbjörn Pétursson 10.

**FH-Afturelding 26-25 (16-10)**

**Mörk FH:** Ólafur Gústafsson 8, Ari Magnús Þorgeirsson 5, Örn Ingi Bjarkason 4, Ragnar Jóhannsson 3, Sigurður Ágústsson 2, Andri Berg Haraldsson 1, Hjalti Þór Pálmason 1, Halldór Guðjónsson 1, Atli Rúnar Steinþórsson 1.
**Mörk Aftureldingar:** Hilmar Stefánsson 7, Böðvar Páll Ásgeirsson 7, Sverrir Hermansson 4, Pétur Júníusson2, Jón Andri Helgason 2, Helgi Héðinsson 1, Einar Héðinsson 1, Jóhann Jóhannsson 1.

**Fram-Haukar 17-23 (6-9)**

**Mörk Fram (skot):** Ægir Hrafn Jónsson 3 (4), Arnar Birkir Hálfdánsson 3/1 (9/1), Garðar B. Sigurjónsson 2 (2), Jón Arnar Jónsson 2 (4), Matthías Daðason 2 (4), Einar Rafn Eiðsson 2/1 (4/1), Róbert Aron Hostert 2 (7), Jóhann Karl Reynisson 1 (1), Halldór Jóhann Sigfússon (1), Stefán Baldvin Stefánsson (1/1), Sigurður Eggertsson (2),
**Varin skot:** Magnús Erlendsson 24 (47/1, 51%).
**Hraðaupphlaup:** 4 ( Arnar Birkir Jón Arnar, Matthías, Jóhann Karl).
**Mörk Hauka (skot):** Freyr Brynjarsson 6 (8), Gylfi Gylfason 4/1 (9/1), Stefán Rafn Sigurmannsson 3 (8), Þórður Rafn Guðmundsson 3 (8), Tjörvi Þorgeirsson 3 (9), Árni Steinn Steinþórsson 1 (1), Einar Pétur Pétursson 1 (1), Heimir Óli Heimisson 1 (2), Sveinn Þorgeirsson 1 (4), Matthías Árni Ingimarsson (1), Nemanja Malovic (3),
**Varin skot:** Aron Rafn Eðvarðsson 15/1 (32/3, 47%).
**Hraðaupphlaup:** 7 (Freyr 4, Gylfi, Árni Steinn, Einar Pétur).

**HK-Valur 24-28 (12-13)**

**Mörk HK (skot):** Ólafur Bjarki Ragnarsson 9 (12), Bjarki Már Elísson 6/4 (9/4), Ólafur Víðir Ólafsson 3 (5), Atli Ævar Ingólfsson 2 (8), Tandri Már Konráðsson 2 (8), Sigurjón Friðbjörn Björnsson 1 (2), Vilhelm Gauti Bergsveinsson 1 (5), Leó Snær Pétursson (1), Bkarki Már Gunnarsson (1)
**Varin skot:** Björn Ingi Friðþjófsson 8 (32, 25%), Arnór Freyr Stefánsson 2 (6, 33%),
**Hraðaupphlaup:** 3 (Bjarki Már, Tandri, Sigurjón)
**Mörk Vals (skot):** Valdimar Fannar Þórsson 6 (12), Orri Freyr Gíslason 5 (6), Sturla Ásgeirsson 5 (6), Finnur Ingi Stefánsson 5 (7), Atli Már Báruson 3 (3), Magnús Einarsson 2 (4), Sveinn Aron Sveinsson 1 (1), Anton Rúnarsson 1 (9)
**Varin skot:** Hlynur Morthens 20 (43/3, 47%), Ingvar K. Guðmundsson 0 (1/1),
**Hraðaupphlaup:** 7 (Orri Freyr 2, Sturla 2, Finnur Ingi 2, Atli).

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Haukar** | **15** | **11** | **0** | **4** | **367-327** | **22** |
| FH | 15 | 9 | 3 | 3 | 398-372 | 21 |
| **HK** | **15** | **9** | **1** | **5** | **408-381** | **19** |
| Akureyri | 15 | 8 | 2 | 5 | 410-368 | 18 |
| **Fram** | **15** | **8** | **1** | **6** | **375-377** | **17** |
| Valur | 15 | 6 | 3 | 6 | 398-379 | 15 |
| **Afturelding** | **15** | **3** | **1** | **11** | **347-404** | **7** |
| Grótta | 15 | 0 | 1 | 14 | 336-431 | 1 |






### Manchester United vann 2-0 sigur á Ajax í gær:

# Sir Alex var ánægður

**FÓTBOLTI** Manchester United er komið með annan fótinn í 16 liða úrslit Evrópudeildarinnar eftir 2-0 útisigur á hollenska liðinu Ajax í gær í fyrri leik liðanna í 32 liða úrslitum keppninnar. Bæði mörk United-liðsins komu í seinni hálfleiknum, Ashley Young skoraði það fyrra og Javier Hernández það seinna.

„Við erum því mjög ánægðir með þennan sigur en það eru ennþá eftir 90 mínútur. Við getum ekki sagt að við séum komnir áfram," sagði Javier Hernandez sem var þarna að skora í sínum þriðja leik í röð með Manchester United.

„Ég er mjög ánægður með þessar lokatölur. Við spiluðum ekki vel og náðum engum takti í okkar leik," sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United gagnrýninn. „Það var ekkert tempó í leik okkar í fyrri hálfleiknum en við bættum leik okkar í þeim seinni. Þetta var engin frábær frammistaða en hún dugði. Seinna markið gefur okkur góða möguleika á því að komast áfram í seinni leiknum á Old Trafford," sagði Ferguson. **- óój**



**ASHLEY YOUNG** Fagnar marki sínu í gær.






### Haukar unnu Framara 23-17 í Safamýrinni í upphitun fyrir bikarúrslitaleikinn:

# Haukar aftur á sigurbrautinni

**HANDBOLTI** Haukar unnu sex marka sigur á Fram í skrautlegum leik í Safamýrinni. Það er vonandi að liðsmenn Fram og Hauka nýti tímann fram að bikarúrslitaleiknum um aðra helgi vel miðað við sóknarleik gærkvöldsins. Boðið var upp á sóknarmistök af öllum gerðum en Framarar voru þeim mun verri sem skildi að í lokin.

Reyndar hefðu Haukar átt að vinna mun stærri sigur en Magnús Erlendsson, markvörður Fram, var besti maður vallarins og bjargaði því að ekki fór verr.

„Þetta var niðurlæging og sjokkerandi að menn leyfi sér að mæta svona til leiks. Ég er bara í losti líkt og þeir sem mættu til að horfa á leikinn. Ég skil þetta ekki," sagði Magnús í leikslok.

Freyr Brynjarsson, hornamaður Hauka, var hæstánægður með sigurinn þó ekki hefði þurft glæsileik til þess að heimta stigin tvö. Hann sagði liðin lítið geta tekið með sér úr þessum leik í undirbúningi fyrir bikarúrslitaleikinn.

„Það verður allt öðruvísi leikur, meiri barátta og jafnvel meira skorað. Menn verða að finna rétta spennustigið. Bikarúrslitin eru allt annað en að spila einhvern deildarleik," sagði Freyr, sem var markahæstur hjá Haukum með sex mörk.

Sigur Hauka var kærkominn eftir tvö töp í deildinni í röð á móti Val og FH. **-ktd**



**SMÁ PEYSUTOG** Nemanja Malovic og Ægir Hrafn Jónsson í baráttu inn á línunni í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILEHLM

• FRÁBÆR VERÐ Á FLOTTUM MERKJUM •

# RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

# ÚTSÖLULOK Í DAG

# 50% AUKAAFSLÁTTUR AF OUTLET VERÐI

FYRST RISAEÐLAN SEGIR ÞAÐ
ÞÁ HLÝTUR ÞAÐ AÐ VERA SATT

**SPORT OUTLET**

**Vínlandsleið 6-8 113 Reykjavík**

Opið: Virka daga kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-16
Sunnudaga kl. 13-17






> **Stöð 2 kl. 20.10**

**Spurningabomban**

***Það verður líf og fjör hjá Loga Bergmann í Spurningabombunni í kvöld. Að þessu sinni eru það sjónvarpskokkar sem mæta stórleikurum. Rikka og Siggi Hall eru saman í liði gegn Gunnari Hanssyni og Víkingi Kristjánssyni.***




## VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS Þ. LÚÐVÍKSSON HORFIR Á KÖRFUBOLTA

# *Öskubuskuævintýri í beinni*

Áhorfendur Stöðvar 2 Sport urðu fyrir viku vitni að stórmerkum atburði þegar sýnt var beint frá leik í NBA-deildinni. En fyrst smá forsaga. Jeremy Lin er 23 ára Bandaríkjamaður sem á tævanska foreldra. Hann var ekki valinn í nýliðavali NBA eftir útskrift úr háskóla árið 2010 en komst þó á samning hjá heimabæjarliði sínu. Hann vakti litla athygli og var svo sagt upp en komst á samning hjá öðru NBA-liði sem lét hann fara á aðfangadag síðasta án þess að hann hefði spilað leik. New York Knicks, sem hefur verið í tómu basli, bauð honum þá samning vegna meiðslavandræða og Lin flutti inn til bróður síns þar sem hann svaf á sófanum enda bjóst hann við að vera brátt látinn fara enn á ný. Lin fékk nokkrar mínútur fyrstu leikina en vakti litla athygli. Þann 4. febrúar kom hann svo af bekknum, þegar báðar stórstjörnur liðsins voru frá, skoraði 25 stig og gaf 7 stoðsendingar. Flottur leikur en það kemur samt alveg fyrir að minni spámenn eigi fínan leik. Okkar manni var þá skellt í byrjunarliðið í næsta leik, 28 stig og 8 stoðsendingar. Í þeim næsta, 23 stig og 10 stoðsendingar. Síðastliðið föstudagskvöld var svo loks kominn pressa á kallinn. Leikur gegn Lakers og sjálfum Kobe Bryant og honum stillt upp sem einvígi Lin og Kobe. Lin setti 38 stig gegn 34 hjá Kobe og Knicks unnu. Síðan hefur æði skollið á og Lin birst á forsíðum flestra blaða þar vestra. Enda Knicks búnir að vinna sjö leiki í röð meira og minna þökk sé Lin sem hefur spilað eins og stórstjarna. Saga eins og úr ótrúlegustu Hollywood-íþróttamynd nema í raunveruleikanum.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskalögin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Laufdalaheimilið **15.25** Vinnustofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Gullfiskurinn **20.00** Leynifélagið **20.30** Samsöngur úr norðri **21.10** Hringsól **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.19** Litla flugan **23.00** Glæta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.55 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)

**17.20 Leó** (17:52)

**17.23 Músahús Mikka** (68:78)

**17.50 Óskabarnið** (5:13) (Good Luck Charlie)

**18.15 Táknmálsfréttir**

**18.25 Framandi og freistandi með Yesmine Olsson** (6:8) (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Útsvar** Reykjavík og Snæfellsbær mætast í átta liða úrslitum.

**21.20 Kelerí og kjánalæti** (Angus, Thongs and Perfect Snogging) Unglingsstúlka heldur dagbók um kosti og galla unglingsáranna. Meðal leikara eru Georgia Groome, Aaron Johnson og Karen Taylor.

**23.00 Wallander – Vitnið** (Wallander: Vittnet) Sænsk sakamálamynd. Kurt Wallander rannsóknarlögreglumaður í Ystad á Skáni glímir við erfitt sakamál. Meðal leikenda eru Krister Henriksson, Lena Endre, Sverrir Guðnason og Stina Ekblad. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**00.35 Játningar leigumorðingja** (Confessions of a Dangerous Mind) Mynd byggð á endurminningum sjónvarpsþáttastjórnandans Chucks Barris sem segist hafa verið böðull á vegum CIA. Leikstjóri er George Clooney og meðal leikenda eru Sam Rockwell, Drew Barrymore, Julia Roberts og George Clooney. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

**02.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (39:175)

**10.15 Hell's Kitchen** (1:15)

**11.00 Human Target** (2:12)

**11.50 Covert Affairs** (3:11)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Crazy on the Outside** Gamanmynd um fyrrum fanga sem á erfitt með að venjast lífinu utan rimlanna eftir að hafa setið inni í þrjú ár fyrir glæp sem hann framdi ekki.

**14.45 Friends** (20:24)

**15.10 Sorry I've Got No Head**

**15.40 Tricky TV** (7:23)

**16.05 Barnatími Stöðvar 2**

**17.05 Bold and the Beautiful**

**17.30 Nágrannar**

**17.55 The Simpsons** (2:22)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons** (20:23)

**19.45 Týnda kynslóðin** (23:40)

**20.10 Spurningabomban** (4:10)

**20.55 American Idol** (10:39) Strax að loknum þessum þætti hér á Stöð 2 heldur fjörið áfram á Stöð 2 EXTRA.

**22.20 Fired Up** Bandarísk gamanmynd sem fjallar um tvo góða vini á menntaskólaaldri, þá Shawn og Nick. Þeir eru báðir meðlimir í ruðningsliði menntaskólans síns en hugurinn hjá þeim er þó aldeilis ekki við íþróttina, heldur hafa þeir meiri áhuga á klappstýrum skólans.

**23.50 Ripley Under Ground** Dramatísk mynd um svik og undirferli. Tom Ripley er ungur maður sem býr í London. Þegar hann fréttir af dauða vinar síns frá Ameríku, sem var upprennandi listamaður og þótti eiga framtíðina fyrir sér sem slíkur, ákveður Tom að taka upp nafn hans og uppskera milljónir í leiðinni.

**01.30 Crazy on the Outside**.

**03.05 Bug** Spennandi hrollvekja

**04.45 Spurningabomban** (4:10)

**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Ajax - Man. Utd.** Útsending frá leik í 32 liða úrslitum Evrópudeildarinnar.

**17.25 Porto - Man. City** Útsending frá leik í 32 liða úrslitum Evrópudeildarinnar.

**19.10 Evrópudeildarmörkin 20.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikir krufðir til mergjar.

**20.30 La Liga Report** Hitað upp fyrir næstu leiki í spænska boltanum og farið yfir nýjustu fréttir af stjörnunum á Spáni.

**21.00 FA Cup - Preview Show** Hitað upp fyrir leikina framundan í elstu bikarkeppni í heimi, FA bikarnum.

**21.30 UFC Live Events 124** Útsending frá bardagakeppni sem fram fer í Montreal í Kanada. Aðalbardaginn er á milli Kanadamannsins Georges St-Pierre og Bandaríkjamannsins Josh Koscheck.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.30 Sunnudagsmessan**

**16.50 Sunderland - Arsenal**

**18.40 Everton - Chelsea**

**20.30 Football League Show**.

**21.00 PL Classic Matches: Tottenham - Liverpool, 1993**

**21.30 Premier League World**

**22.00 Blackburn - QPR**.

**23.50 Tottenham - Newcastle**

## EXTRA

**19.20 The Doctors** (51:175)

**20.05 Friends** (5:24)

**20.30 Modern Family** (5:24)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 How I Met Your Mother** (1:24)

**22.20 American Idol** (11:39)

**23.05 Alcatraz** (2:13)

**23.55 NCIS: Los Angeles** (9:24)

**00.40 Rescue Me** (1:22)

**01.25 Týnda kynslóðin** (23:40)

**01.50 Friends** (5:24)

**02.15 Modern Family** (5:24)

**02.40 The Doctors** (51:175)

**03.20 Fréttir Stöðvar 2**

**04.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**07.30 Game Tíví** (4:12) (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Dynasty** (1:22) (e)

**09.30 Pepsi MAX tónlist**

**12.00 Solsidan** (2:10) (e)

**12.25 Game Tíví** (4:12) (e)

**12.55 Pepsi MAX tónlist**

**16.00 7th Heaven** (9:22) (e)

**16.45 America's Next Top Model** (e)

**17.35 Dr. Phil**

**18.20 Hawaii Five-0** (2:22) (e)

**19.10 America's Funniest Home Videos** (e)

**19.35 Live To Dance** (7:8) Fyrsti sigurvegari Live to Dance er krýndur og hlýtur 500.000 dali í verðlaun.

**20.25 Minute To Win It** Það er komið að sérstökum góðgerðaþætti með Kevin Jonas úr Jonas Brothers sem spreytir sig á þrautum við mikinn fögnuð fjölskyldumeðlima.

**21.10 Minute To Win It** Trúlofað par á leiðinni í hnapphelduna reynir í sameiningu að næla sér í milljón dali.

**21.55 HA?** (21:31) Íslenskur skemmtiþáttur með spurningaívafi.

**22.45 Jonathan Ross** (13:19) Uppistandarinn Jack Whitehall kemur í heimsókn til Jonathan Ross ásamt þeim Hugh Bonneville, Kermit og Miss Piggy, Arctic Monkeys taka lagið.

**23.35 Flashpoint** (7:13) (e)

**00.25 Saturday Night Live** (8:22) (e)

**01.15 Jimmy Kimmel** (e)

**02.45 Whose Line is it Anyway?** (e)

**03.10 Smash Cuts** (22:52) (e)

**03.35 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Northern Trust Open 2012 (1:4) **11.10** Golfing World **12.00** Northern Trust Open 2012 (1:4) **15.00** Inside the PGA Tour (7:45) **15.25** Champions Tour - Highlights (2:25) **16.20** Northern Trust Open 2012 (1:4) **19.05** PGA TOUR Year-in-Review 2011 (1:1) **20.00** Northern Trust Open 2012 (2:4) **23.00** PGA Tour - Highlights (6:45) **23.55** ESPN America

## N4

**18.00** Föstudagsþátturinn

## BBC entertainment

**06.35** The Weakest Link **07.20** My Family **08.50** Dalziel and Pascoe **10.35** Come Dine With Me **11.25** My Family **11.55** Live at the Apollo **12.40** My Family **13.40** My Family **14.40** My Family **15.40** QI **16.45** Top Gear **17.35** Live at the Apollo **18.20** Come Dine With Me **19.10** QI **20.15** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **21.00** Live at the Apollo **21.45** Peep Show **22.15** Live at the Apollo **23.05** My Family **00.05** My Family **01.05** My Family **02.10** Dalziel and Pascoe **03.55** My Family **005.00** EastEnders

## DR 1

**11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Jersild Live **11.35** Lægeambulancen **12.05** Ha' det godt **12.35** Aftenshowet **13.30** Hjælp, vi skal føde **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Livet i Fagervik **15.00** Benjamin Bjørn **15.15** Timmy-tid **15.25** Det kongelige spektakel **15.40** Bamses Lillebitte Billedbog **16.00** Lægerne **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Ha' det godt **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** X Factor **20.00** TV Avisen **20.30** X Factor Afgørelsen **20.55** Twisted **22.25** Big Daddy

## NRK 1

**08.25** VM snøbrett Oslo **10.00** NRK nyheter **10.05** VM snøbrett Oslo **12.00** NRK nyheter **12.05** VM snøbrett Oslo **13.30** NRK nyheter **13.40** VM snøbrett Oslo **15.30** NRK nyheter **15.40** V-cup langrenn **16.00** NRK nyheter **16.10** Redd menig Osen **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Tegnspråknytt **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.40** Norge rundt **19.05** Popstokk **19.55** Nytt på nytt **20.25** Skavlan **21.25** VM snøbrett Oslo **22.00** Kveldsnytt **22.15** Game of Thrones

## svt1

**09.00** Go'kväll **09.45** Debatt **10.30** Plus **11.30** Bästa frisören **12.20** Antikrundan **13.20** Skidor **15.15** Rapport **15.20** Intervju ur Gomorron Sverige **15.35** Simons kök **16.05** Bröderna Reyes **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** På spåret **20.00** Skavlan **21.00** The Forgotten **22.30** X-Games **23.00** Step Up **00.40** Rapport **00.45** Homeland **02.05** Rapport **02.10** Så ska det låta **03.10** Rapport **03.15** Strömsö

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Motoring **21.30** Eldað með Holta

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




Íbúðalánasjóður

Kynntu þér lán og aðra þjónustu Íbúðalánasjóðs

- Lán til íbúðarkaupa
- Lán til endurbóta og viðbygginga
- Aukalán vegna sérþarfa (skert starfsorka)
- Ráðgjöf og úrræði í greiðsluvanda

www.ils.is | Sími: 569 6900 | Grænt númer: 800 6969 | Borgartúni 21, 105 Reykjavík

www.ils.is



# Kaupum gull á Grand Hótel

## – gullverð í sögulegu hámarki!

## Jón og Óskar bjóða þér að koma á Grand hótel föstudag, laugardag og sunnudag kl. 12–18.



Við bjóðum einkaviðtal hjá íslenskum fagmanni sem metur gripina.
Matið er ókeypis og án skuldbindingar um að selja.

Við höfum áhuga á:

**Gulli:**
· Skartgripum – gömlum og nýjum
· Gullúrum
· Tanngulli

**Hvers konar silfri**

**Demöntum í betri skartgripagæðum**

Við hjá Jóni og Óskari höfum keypt og selt gull í 41 ár og höfum því mikla reynslu. Hjá okkur er fagmennskan í fyrirrúmi.

Við kaupum alla hluti úr gulli, hvort sem um er að ræða gamla, nýja eða ónýta hluti.

Við bjóðum alþjóðlega samkeppnishæft verð.

Greiðslumáti: staðgreiðsla.

JÓN & ÓSKAR
*Laugavegur / Smáralind / Kringlan*

www.jonogoskar.is · sími 5524910

PIPAR\TBWA · SÍA · 120547



*Föstudagslagið mitt er If You Wanna Be Happy með Jimmy Soul.*

Anna Gunndís Guðmundsdóttir leikkona leikur aðalhlutverkið í nýrri mynd Reynis Lyngdal, Frost.

# Einstök verk Emils vekja eftirtekt

„Það er frekar skrýtin tilfinning að lesa um sjálfan sig og verk sín á netinu,“ segir Emil Ásgrímsson útskriftarnemi í grafískri hönnun við Central St. Martins í London.

Emil opnaði fyrstu sýningu sína í London í gærkvöldi og hefur fengið töluverða athygli í erlendum hönnunarmiðlum. Verk hans eru svokölluð klippiverk þar sem tískuljósmyndum er blandað saman við ólíkar landslagsmyndir. „Faðir minn er jarðfræðingur og það að hafa íslenskt landslag tengist æskuminningum mínum.“

Sýning Emils er í galleríinu The Book Club í London en það kom Emil, sem útskrifast ekki fyrr en í vor, mikið á óvart að vera boðið að sýna þar. „Maður verður að grípa öll þau tækifæri sem gefast og þó að ég sé á fullu í lokaverkefninu ákvað ég að taka þátt í sýningunni. Maður vonar svo að það opnist einhverjar dyr í kjölfarið,“ segir hann en öll verk Emils eru til sölu á um 20.000 ísk.

Vefmiðlarnir digitalartsonline.co.uk, designweek.co.uk og imperica.com fara fögrum orðum um kappann. „Það má vera að Emil sé ennþá nemi en það er ekki að sjá á verkum hans, sem eru samblanda af tísku- og landslagsmyndum. Þær bera vott um bæði þroska og æskuljóma,“ segir í umfjöllun Digital Arts Online.

Emil sérhæfir sig í hreyfimyndagerð og ætlar sér að fara að vinna að námi loknu. „Maður er umvafinn snillingum hérna, bæði nemendum og kennurum. Þetta er samt rosalega harður heimur og mikil samkeppni í öllu. Manni er samt farið að lengja í laun eftir að hafa verið á framfærslu LÍN í fjögur ár.“ Hægt er að skoða verk Emils nánar á síðunni emilasgrimsson.com. **-áp**





**VEKUR ATHYGLI** Grafíski hönnuðurinn Emil Ásgrímsson vekur athygli í hönnunarheiminum í London fyrir klippiverk sín.

Hljómsveitin Sixties
Stórdansleikur á Kringlukránni
Föstudags- og laugardagskvöld
17. og 18. febrúar
Aðeins 1500 kr aðgangseyrir
Sjáumst.
Café/Restaurant KRINGLU KRÁIN – á góðri stund



**ENDURKOMA** Frá vinstri: Hörður Ingi Stefánsson, Jens Ólafsson, Jón Björn Ríkharðsson og Gunnlaugur Lárusson í æfingahúsnæði sínu í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**JENS ÓLAFSSON:** BRAIN POLICE SNÝR AFTUR OG SPILAR Í FRAKKLANDI

# Fengu ógeð hver á öðrum

Rokkararnir í Brain Police eru komnir á fulla ferð á nýjan leik og spila á frönsku tónlistarhátíðinni Hellfest um miðjan júní. Þekktustu hljómsveitirnar á þessari vinsælu rokkhátíð í ár eru Guns N´Roses og Black Sabbath.

„Það var bókari í Þýskalandi sem hafði samband því hann fann fyrir svo miklum hita fyrir okkur, sem kom okkur svolítið á óvart því það eru ein sex ár síðan við kláruðum síðustu plötu,“ segir söngvarinn Jens Ólafsson eða Jenni. „Það er fáránlegt að þetta Hellfest-dæmi skuli detta inn hjá bandi sem hefur ekki gefið út plötu í þetta langan tíma.“

Brain Police spilar á sviðinu The Valley laugardagskvöldið 16. júní. Önnur íslensk sveit, Sólstafir, stígur á svið á The Temple á sömu hátíð deginum áður. „Þetta verður geðveikt. Það verður ekkert smá skemmtilegt að fá að upplifa þetta.“

**6** ár eru liðin frá útgáfu síðustu plötu Brain Police.

Brain Police hefur einnig verið bókuð á smærri tónlistarhátíð í Berlín í apríl sem nefnist Desert Fest.

Að sögn Jenna er hljómsveitin að æfa á fullu þessa dagana og stefnan hefur verið sett á nýja plötu í byrjun næsta árs. Þrátt fyrir að hafa legið meira og minna í dvala síðustu ár er hún enn með útgáfusamning við bandaríska fyrirtækið Small Stone. „Hann er enn þá í gildi. Hann er orðinn mjög spenntur að fá næstu plötu hjá okkur. Hann var gríðarlega ánægður með að sjá okkur fara af stað aftur,“ segir söngvarinn kraftmikli um eiganda útgáfunnar.

Jenni flutti til Danmerkur fyrir tveimur árum þar sem hann stundar nám í rafmagnstæknifræði. Hann býr því enn úti og þess vegna þurfa þeir félagar að haga seglum eftir vindi varðandi æfingar og annað slíkt. Inntur eftir því hvers vegna Brain Police hafi verið í svo löngu hléi segir hann að ósætti hafi komið upp í sveitinni. „Við fengum bara ógeð hver á öðrum. Þetta er eins og risastórt hjónaband að vera með þremur einstaklingum í hljómsveit. Það getur verið svolítið erfitt að púsla því saman, þannig að við vorum í raun og veru hættir. Þá ákvað ég að flytja út og það liðu ekki margir mánuðir þangað til hungrið var komið aftur í drengina.“

Allir upprunalegu meðlimir Brain Police eru núna í bandinu, þar á meðal gítarleikarinn Gunnlaugur Lárusson sem hætti á sínum tíma. Næstu tónleikar eru á Gauki á Stöng í kvöld og má búast við þéttu rokki og kófsveittri stemningu í salnum. **freyr@frettabladid.is**

xelenta
Verlsunin hættir
Rýmingarsala
20-70% af ljósum
30-50% af styttum



Lokadagur útsölunnar 29. febrúar
Opnunartími
Alla virka daga 12.00-18.00
Laugardaga 12.00-16.00
Skeifan 7 - 108 Reykjavík - Sími: 5532882
www.xelenta.com - xelenta@simnet.is

# Hópfjármagna Breakbeat-bók

„Ein mynd segir meira en þúsund orð,“ segir Karl Tryggvason sem ásamt samstarfsfélaga sínum á Breakbeat.is, Gunnari Þór Sigurðssyni, og hönnuðinum Ragnari Frey Pálssyni, stefnir nú á útgáfu bókarinnar Taktabrot.

Í bókinni verður að finna veggspjöld og annað kynningarefni úr starfi Breakbeat.is síðustu 12 ár. „Hún verður líka hálfgert innlit inn í íslenska hönnunarsögu því rúmlega 60 hönnuðir standa að baki spjaldanna,“ segir Karl, en jafnt nýliðar sem þaulreyndir hönnuðir hafa unnið að plakötum og fjölbreytileikinn því mikill.

Bókin á eflaust eftir að vekja margar skemmtilegar minningar hjá þeim sem hafa mætt á viðburði Breakbeat.is. „Fyrir hina sem ekki hafa mætt er þetta líka skemmtilegt því þetta er flott plaköt sem er gaman að skoða,“ segir Karl sem telur bókina eiga erindi til margra.

Stefnt er á að hópfjármagna bókina og segir Karl það hafa farið mjög vel af stað. „Allir sem styrkja verkefnið fá eintak af bókinni þegar hún kemur út. Það eru þrír mismunandi styrktarpakkar sem hægt er að velja úr, og fær fólk mismikið fyrir sinn snúð eftir því hvaða pakka það velur,“ segir Karl.



**GEFA ÚT TAKTABROT** Karl Tryggvason, Gunnar Þór Sigurðsson og Ragnar Freyr Pálsson gefa út bók með veggspjöldum úr starfi Breakbeat.is. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gangi allt samkvæmt áætlun kemur bókin út þann 24. mars. Mánuði áður, eða 24.febrúar, ætla strákarnir að opna sýningu á plakötunum í Artíma Galleríi á Smiðjustíg. „Þar getur fólk komið og séð plakötin eins og þau eru í raunstærð,“ segir Karl og bendir á að nánari upplýsingar um verkefnið og fjármögnunina sé að finna á heimasíðu verkefnisins bok.breakbeat.is. **- trs**


MOTOROLA
Þú getur unnið ferð fyrir tvo til
NEW YORK
á Saga Class
Með hverjum keyptum Motorola Razr fylgir lukkunúmer.
Skráðu númerið á Facebook-síðu Motorola á Íslandi og þú gætir verið á leið til New York á Saga Class með Icelandair!
SKOTHELDUR MOTOROLA RAZR!
MOTOROLA
RAZR™
Motorola Razr er nýr Android-sími, einn þynnsti síminn á markaðnum en pakkaður af tækni sem Dual Core 1,2 GHz örgjörvinn og 1 GB vinnsluminnið leika sér að.
Motorola Razr er líka einn sterkasti síminn á markaðnum. Bakhliðin er úr KEVLAR sem er sama efni og í skotheldum vestum og allur síminn er vatnsvarinn með nanótækni. MotoCast er innbyggt í símann og þú getur náð í tónlistina þína eða bíómyndirnar í PC-tölvunni þinni hvort sem þú ert í næsta herbergi eða annarri heimsálfu.
Þú ert tæknitröllið í vinahópnum með Motorola Razr.
LIFE. POWERED.
aðeins 7,1 mm
Skráðu þig á Facebook-síðu Motorola á Íslandi

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

Vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Gistiheimili í hús Þráins

Alþingismaðurinn **Þráinn Bertelsson** og kona hans Sólveig Eggertsdóttir hafa verið með einbýlishús sitt í Fischersundi til sölu um skeið. Nú hefur Sigfríður Þorsteinsdóttir, sem rekur Gistihúsið Loka á Lokastíg, sent byggingarfulltrúanum í Reykjavík fyrirspurn um það hvort innrétta megi gistiheimili í hinu 254 fermetra íbúðarhúsi þingmannshjónanna. Erindi Sigfríðar var vísað til skoðunar hjá skipulagsstjóra.



### Starfar með Muhly og Atla

Tónlistarmaðurinn **Ólafur Arnalds** hefur bókað upptökutíma í Hörpu með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Tilefnið er þriðja breiðskífa hans sem er væntanleg síðar á árinu. Nico Muhly, sem hefur unnið með Jónsa og Björk, stjórnar útsetningunum og Atli Örvarsson, tónskáld í Hollywood, annast hljómsveitarstjórnun. Ólafur kann vel við sig í Hörpu því hann hélt tvenna tónleika í Norðurljósasalnum í fyrra, fyrst á Airwaveshátíðinni í október og svo aðra rétt fyrir jólin. Þóttu þeir báðir heppnast mjög vel. - fb



## Mest lesið Vísir

1. Fékk hjartaáfall eftir að hafa borðað hjartaáfalls-hamborgara
2. Fékk kennsluverðlaun Orators
3. Erlendir ferðamenn fastir á Hellisheiði
4. Vill koma til móts við þá sem tóku verðtryggð lán
5. Brúarfoss hársbreidd frá strandi við Reykjanes
6. Chicago er spilltasta borgin í Bandaríkjunum


YFIR 10.000 EINSTAKLINGAR hafa nýtt sér legugreininguna frá okkur og fengið rúm sérsniðið að þeirra þörfum. Komdu og prófaðu og við gerum þér tilboð í heilsurúm sem hentar þér!

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is



Gerið gæða- og verðsamanburð



IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi
Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning. Tveir stífleikar.
**Verðdæmi á Queen 153x203 cm á íslenskum botni**
**179.900 kr.**



**Saga/Freyja/Þór hágæða heilsudýnur**
Gerð úr 7 svæðisskiptu pokagormakerfi með 4 cm þrýstijöfnunarefni í bólstrun.
**Verð á Queen 153x203 cm á íslenskum botni frá**
**129.900 kr.**





**Mikið úrval af stillanlegum rúmum**

Baldursnesi 6
AKUREYRI

Svefn & heilsa ★★★★★

Listhúsinu Laugardal
REYKJAVÍK

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

www.svefn.is